allt

SONJA STEFÁNSDÓTTIR

*Nuddnámið skemmtilegt og gefandi*

nám börn ferðir bílar

Í MIÐJU BLAÐSINS



HALLGRÍMUR HELGASON

*Hannar boli fyrir Dag B. Eggertsson*

Grím fær að vera með

FÓLK 34



Á endanum velur þú Corolla

Hatchback

Verð frá 1.685.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. febrúar 2006 — 31. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Daggjald raforku hefur hækkað um 106 prósent

**Daggjald heimila vegna raforkunotkunar hefur tvöfaldast á tveimur árum. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir raforkulögin orsaka hækkunina. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir flest fyrirtæki einnig greiða hærra verð og líkir ástandinu við samráð olíufélaganna.**

**ORKUMÁL** Daggjald Orkuveitunnar vegna rafmagnsnotkun heimilanna, sem nefnist nú fast gjald, hefur hækkað um 106 prósent á tveimur árum. Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, hefur óskað eftir skýringum á hækkuninni.

Verð til heimila var 8,52 krónur fyrir daginn árið 2003 en er nú 17,53 krónur. Kílóvattstundirnar hafa einnig hækkað úr 6,4 krónum í 6,46 krónur.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að frá því að nýju raforkulögin tóku gildi sjáist dæmi þess að raforkuverð til fyrirtækja hafi hækkað um tuttugu til þrjátíu prósent. Flest fyrirtæki greiði hærra verð fyrir rafmagnið en áður.

Jóhannes og Sveinn eru sammála um að samkeppni um sölu á raforku sé ekki til staðar. Sveinn segir ekki eingöngu hægt að tengja hækkað rafmagnsverð við raforkulögin. Allar veiturnar hafi sagt upp sérsamningum við fyrirtæki sem þau höfðu. „Ágæt samstaða virðist hafa verið um það hjá orkufyrirtækjunum að segja upp sérsamningunum og setja fyrirtækin á almenna taxta,“ segir Sveinn og líkir ákvörðun orkufyrirtækjanna við olíusamráðið.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir að þrátt fyrir hærra gjald komi minna í hlut Orkuveitunnar vegna raforkulaganna. Hann segir að samtök atvinnurekenda hafi verið vöruð við því að sérsamningarnir giltu ekki með nýju lögunum. Þau hefðu samt stutt breytingarnar. Dæmi séu um að fyrirtæki greiði lægra verð en fáist í heildsölu Landsvirkjunar.

Guðmundur bendir á að aukinn kostnaður Orkuveitunnar vegna nýju raforkulaganna sé tæplega tólf prósent eða 200 milljónir á síðastliðnu ári. Hún hafi einnig greitt 258 milljónir fyrir orkuflutning um kerfi Landsnets. Rafmagnsreikningar viðskiptavina hafi hins vegar hækkað um fjögur prósent að meðaltali sem skýrist af því að hægt hafi verið að fullnýta Nesjavallavirkjun auk þess sem pólitískur vilji hafi verið fyrir því að lækka arðsemiskröfur. Samkvæmt reikningi sem Fréttablaðinu barst frá íbúa í sérhæð á Langholtsveginum nam hækkunin fyrir orkunotkun í lok 2003 og svo 2005 ríflega fimmtán prósentum, þrátt fyrir að rafmagnsnotkunin hafi verið sex prósentum minni. **- gag**



**Varaformaðurinn þrítugur**

Reynir að sinna stjórnmálaflokknum eftir að formaðurinn keyrði út af.

TÍMAMÓT 20

**78. Óskarsverðlaunin**

Kúrekakvikmynd Ang Lee, Brokeback Mountain, hlaut átta tilnefningar til Óskarsverðlaunanna en þær voru tilkynntar í gær.



FÓLK 26

**Sagan öll í fréttatilkynningu**

Nú er algengt að sjá menn leiða líkur að því að eftir ríflega fimmtán ár verði meirihluti allrar framleiðslu heimsins í Asíu, ritar Jón Ormur Halldórsson. Fyrir smáþjóð af okkar tagi skiptir öllu að menn finni tækifæri í þeim gífurlegu umskiptum í atvinnulífi heimsins sem þegar eru hafin.

Í DAG 18

**Algjör snilld**

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari segir íslenska liðið geta gert stóra hluti á EM í Sviss eftir að það vann magnaðan sigur á Rússum í gær. Viggó segir vörnina hafa verið muninn á liðunum.



ÍÞRÓTTIR 30

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ROFAR TIL NYRÐRA MEÐ MORGNINUM** Í dag verður yfirleitt hæg suðaustlæg átt en þó stífari suðvestan til. Rigning sunnan- og vestanlands, einkum þegar líður á daginn. Hiti 4-10 stig.

VEÐUR 4



**RÚSSAR LAGÐIR AF VELLI** Íslenska landsliðið í handbolta heldur áfram að standa sig hetjulega á Evrópumótinu í Sviss og í gær lagði það Rússa af velli í sínum fyrsta leik í milliriðli. Ísland vann sannfærandi, 34-32, og er með pálmann í höndunum þegar tveir leikir eru eftir í milliriðlunum. Hér sést Guðjón Valur Sigurðsson ræða við dóttur sína eftir leikinn sem virðist hafa verið ánægð með frammistöðu pabba í leiknum. **- sjá síðu 30**

FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI

Óskarsverðlaun:

## Íslensk stuttmynd tilnefnd

**KVIKMYNDIR** Stuttmyndin Síðasti bærinn eftir Rúnar Rúnarsson er tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki leikinna stuttmynda. Aðeins einu sinni áður hefur íslensk kvikmynd verið tilnefnd til Óskarsverðlauna, Börn náttúrunnar árið 1992.



RÚNAR RÚNARSSON

„Ég brosi út að eyrum,“ segir Rúnar, sem býst fastlega við að vera viðstaddur Óskarsverðlaunahátíðina í Los Angeles í næsta mánuði. Kvikmyndafélagið ZikZak framleiðir Síðasta bæinn, sem fjallar um síðasta ábúandann í afskekktum dal sem þarf að bregða búi. Jón Sigurbjörnsson fer með aðalhlutverkið. Myndin hefur unnið til fjölda verðlauna, innanlands sem erlendis, þar á meðal til Edduverðlauna árið 2004. **-bs / Sjá síðu 34**

Nýr ritstjóri tekur til starfa hjá Fréttablaðinu við hlið Kára Jónassonar:

## Þorsteinn ráðinn ritstjóri

**FRÉTTABLAÐIÐ** Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi ráðherra, þingmaður, sendiherra og ritstjóri, mun í næsta mánuði taka til starfa sem ritstjóri Fréttablaðsins en hann mun starfa við hlið Kára Jónassonar, núverandi ritstjóra.

Eftir langan feril sem stjórnmálamaður ákvað Þorsteinn að taka við starfi ritstjóra Fréttablaðsins en hann starfaði um nokkurra ára skeið sem blaðamaður á Morgunblaðinu og ritstjóri á Vísi. „Það er mér mikið tilhlökkunarefni að komast í blaðamennskuna á nýjan leik. Það hefur margt breyst á íslenskum fjölmiðlamarkaði og ég er sannfærður um að þetta verður krefjandi og skemmtilegt viðfangsefni.“



**ÞORSTEINN PÁLSSON** Þorsteinn starfaði síðast sem sendiherra í Danmörku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ari Edwald, nýráðinn forstjóri 365 miðla og fyrrverandi aðstoðarmaður Þorsteins í ráðherratíð hans í ríkisstjórn, segir það vera mikinn feng fyrir fyrirtækið að fá jafn hæfan mann og Þorsteinn er. „Það er alveg ljóst að reynsla Þorsteins og hæfileikar eiga eftir að reynast Fréttablaðinu vel. Ég er ánægður að hafa tekið þátt í því að ráða Þorstein til starfa, þó að hugmyndin um að fá hann til starfa hafi ekki verið ný af nálinni. Mér finnst þetta vera gott skref fyrir Fréttablaðið, sem nú er útbreiddasta og mest lesna blað landsins.“ **- mh**

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG


MARKAÐURINN

KB banki í hópi 25 stærstu á Norðurlöndum

Íslandsbanki undir væntingum

Veldu það besta





## SPURNING DAGSINS

*Elín, var Óli Geir ljótur strákur?*

„Eigum við ekki að segja að hann hafi verið óþekkur."

Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri fegurðarsamkeppninnar Herra Ísland, þótti Ólafur Geir Jónsson ekki vera til fyrirmyndar og svipti hann titlinum.

Íslensk skip fá aðeins brot af loðnukvóta miðað við í fyrra:

# Hrygningarstofninn tryggður

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslenskum skipum hefur verið leyft að veiða 47.219 lestir af loðnu til aprílloka. Til samanburðar lagði Hafrannsóknastofnunin til 780 þúsund tonna loðnukvóta fyrir ári síðan.

Sveinn Sveinbjörnsson, leiðangurstjóri við loðnuleit á skipi Hafrannsóknastofnunarinnar, Árna Friðrikssyni, segir enn verið að mæla loðnustofninn: „Hingað til hefur þetta verið tætingslegt og enginn kraftur í göngunum, þangað til núna að við mælum nóg til þess að hefja vertíðina."

Sveinn segir að ekki hafi náðst að skoða öll svæði. Kvótinn nú tryggi að ekki verði gengið á hrygningarstofninn. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir skip þegar lögð af stað til veiða. Útgerðarmenn reikni með að kvótinn hækki við frekari leit Hafrannsóknastofnunarinnar.



**ÁRNI FRIÐRIKSSON** Loðnuleitarstjórinn segir útlitið ekki svo svart þó að loðnan hafi ekki fundist. Frá árinu 2000 hafi loðnutorfurnar fundist í janúar eða febrúar.

Sjávarútvegsráðuneytið tilkynnti um kvótann í gær og gaf jafnframt út reglugerð sem heimilar veiðarnar eingöngu með flotvörpu innan ákveðins svæðis úti fyrir Austfjörðum frá 6. febrúar.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra ritar á heimasíðu sína að sjálfsagt sé að menn fái aðlögunartíma vegna takmarkana á notkun flottrolls. Tillagan sé byggð á ráðleggingum Hafrannsóknastofnunarinnar og hafi verið kynnt á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna í haust og á Alþingi. ■

Samfélagsverðlaun:

## Fjölmargar tilnefningar

**FJÖLMIÐLAR** Fjölmargar tilnefningar hafa þegar borist frá lesendum blaðsins vegna samfélagsverðlauna Fréttablaðsins, bæði um einstaklinga og félagasamtök.

Steinunn Stefánsdóttir, ritstjórnarfulltrúi á Fréttablaðinu og formaður dómnefndar, segir fólk hafa komið með tilnefningar í gegnum netið og með pósti. Tilnefningar hafi borist í alla flokkana, sex að tölu.

„Ég hvet fólk eindregið til að halda áfram að senda inn tilnefningar," segir Steinunn. Tekið verður við tilnefningum til 16. febrúar. - gag

Varnarsamningurinn:

## Viðræður hefjast á morgun

**VARNARMÁL** Viðræður um varnarmál milli Íslands og Bandaríkjanna hefjast að nýju á fimmtudag í Washington-borg.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra og Nick Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, ákváðu að stefnt yrði að fundinum þegar þeir hittust í Lundúnum í gær.

Í grein eftir Val Ingimundarson, sem birtist í bresku fræðiriti, kemur fram að Bandaríkjamenn hafi viljað að einstök NATO ríki tækju að sér að verja íslensku lofthelgina. Fullyrðir Valur að þeir hafi lagt áherslu á þetta í varnarviðræðunum árið 2004.

Ekki náðist í Geir H. Haarde utanríkisráðherra í gær. - gag

### LÖGREGLUFRÉTT

**Bruni í bíl** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út í gær vegna elds í bíl á bílastæði við Kennaraháskóla Íslands. Ekki var mikill eldur í bílnum og gekk vel að ráða niðurlögum hans.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.



**NÝJAR REGLUR UM STARFSMANNALEIGUR** Starfsmannaleigur eiga að hafa tilkynnt starfsemi sína og fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar frá og með í dag. Tvær starfsmannaleigur höfðu gert það síðdegis í gær, 2b og Holtan Industrier. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mögulegt að stöðva starfsmannaleigur

**Tvær starfsmannaleigur höfðu tilkynnt sig til Vinnumálastofnunar síðdegis í gær. ASÍ mun fylgjast með því að starfsmannaleigur tilkynni sig samkvæmt lögum. Heimild er til að stöðva starfsemi þeirra.**

**VINNUMARKAÐUR** Aðeins tvær starfsmannaleigur höfðu tilkynnt sig á vef Vinnumálastofnunar síðdegis í gær. Þetta eru íslenska starfsmannaleigan 2b og norska starfsmannaleigan Holtan Industrier. Holtan Industrier hafði ekki gefið upplýsingar um neinn starfsmann og hefur ekki haft neina starfsmenn hér svo vitað sé en 2b tilkynnti um pólskan starfsmann.

Talið er að vel á annan tug starfsmannaleigna séu starfandi hér á landi með hundruð eða þúsundir starfsmanna og má búast við að þær hafi gengið frá skráningu í gærkvöld en sú stærsta, Epalmo Europe, sem að sögn Halldórs Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóra ASÍ, hefur vel á annað hundrað Portúgala starfandi hér, hafði ekki skráð sig síðdegis í gær.

Halldór segir að starfsmenn ASÍ fari strax í dag að bera saman bækur sínar við lista Vinnumálastofnunar og láta stofnunina vita af þeim starfsmannaleigum sem starfandi eru og hafa ekki skráð sig. Í framhaldinu býst hann við að stofnunin sendi leigunum bréf, bendi þeim á skyldur sínar og gefi þeim frest til að uppfylla þær.

„Við gerum kröfu um að gengið verði fast eftir því að fylgjast með lögunum í framkvæmd þannig að þessar reglur skipta máli. Nú eru komnar heimildir sem skipta máli sem ekki voru til áður. Heimild til að stöðva starfsemi er kannski það mikilvægasta," segir Halldór.

„Ef starfsemi starfsmannaleigu er stöðvuð og lögreglan kannski látin stöðva 10-20 starfsmenn sem kunna að vera á hennar vegum þá eru miklir hagsmunir í húfi. Þessir hagsmunir eru meiri en sektarheimildir því að menn geta skotið sér undan að greiða þær. Þetta er því langmikilvægasta verkfærið." Halldór telur að með lögunum sé búið að kippa fótunum undan starfsemi starfsmannaleiga á Íslandi en 1. maí taka gildi reglur um frjálsa för vinnuafls gagnvart nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins. Hvað gerist þá veit enginn.

„Það eina sem er ljóst er að frjáls för mun taka gildi 1. maí gagnvart aðildarríkjum ESB ef ekkert verður að gert. Það er heimild til að fresta þessu um allt að þrjú ár til viðbótar til að byrja með og svo geta stjórnvöld gripið til annarra ráðstafana eins og mörg lönd í kringum okkar hafa gert." ghs@frettabladid.is



**SÖLVI SVEINSSON** Skólastjórinn sendi viðvörun til nemenda vegna manns sem áreitir ungar stúlkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verslunarskóli Íslands:

## Maður áreitir ungar stúlkur

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður hefur gert sér það að leik undanfarnar vikur að senda vinalegan póst á netfong stúlkna í Verslunarskóla Íslands og hótar þeim svo öllu illu hafi þær ekki áhuga á samskiptum við hann.

Hefur Sölvi Sveinsson skólastjóri beint þeim tilmælum til nemenda sinna að láta loka fyrir öll hotmail netföng sín en það er á vefsíðum nemendafélags Verslunarskólans sem þau netföng liggja fyrir augum allra sem þangað inn fara. Nemendur margir geyma enn fremur símanúmer sín þar og Fréttablaðið hefur heimild fyrir að í allavega eitt skipti hafi viðkomandi maður ekki látið svívirðingar á netinu nægja heldur einnig hringt í eina stúlkuna og haft í frammi hótanir við hana. - aöe

### SLÖKKVILIÐIÐ

**Íkveikja í Skeifunni** Kveikt var í ruslagámi fyrir utan Polsen í Skeifunni í gærkvöld. Varðstjóri slökkviliðsins sagði að pappír hefði verið raðaður upp til að kveikja í hurð. Það hefði ekki gengið. Því var kveikt í ruslagámnum. Engin hætta var þó á ferð, þar sem logarnir náðu ekki í húsið.

**Útköll slökkviliðsins** Fimmtíu sjúkraflutningar voru frá miðnætti þriðjudags og að tíu í gærkvöld. Það þykir róleg vakt hjá slökkviliðinu þar sem þeir ná oft fimmtíu flutningum á dagvaktinni einni.

Fimmtudagskvöld eru *fjármálakvöld*

*Fyrirlestur í útibúi Landsbankans á Akranesi,*
**fimmtudagskvöld kl. 20**
– Efnahagsmál í upphafi árs
– Hvar liggja fjárfestingatækifærin?

Skráning fer fram á **www.landsbanki.is** og í Þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á **www.landsbanki.is**. Í boði eru kaffi og veitingar. Fundargestir verða leystir út með litlu gjöf.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 31026 02/2006

Formenn innan Alþýðusambands Íslands ræddu ákvörðun Launanefndar:

# Óska eftir viðræðum SA

**VINNUMARKAÐUR** Formenn landssambanda innan ASÍ hittust í gær til að ræða ákvörðun Launanefndar sveitarfélaga um að heimila 24-32 þúsunda króna blandaða launahækkun til þeirra lægst launuðu hjá sveitarfélögunum.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að niðurstaða fundarins hafi verið sú að halda áfram greiningu og skoðun á því hvaða áhrif ákvörðunin hefur og jafnframt að óska eftir fundi með atvinnurekendum til að fara yfir þá stöðu sem komin er upp og leggja mat á hana. Það sé ljóst að það er og verður umræða í gangi í okkar hreyfingu um þetta," segir hann. Væntingar eru hjá fólki innan ASÍ að hækkun lægstu launa hjá sveitarfélögunum nái líka til launþega á almennum markaði og starfsmanna hjá ríkinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FORMENN INNAN ASÍ FUNDA** Niðurstaða formannafundar landssambanda ASÍ í gær var sú að fara yfir stöðuna með atvinnurekendum og óska eftir fundi með stjórnvöldum.

„Það þarf að ræða þetta og greina hvernig það geti gerst. Fyrsta skrefið er að funda með Samtökum atvinnulífsins en jafnframt þarf að eiga sér stað fundur með stjórnvöldum. Málið er ekki einfalt. Það er ekki sjálfgefið hvernig það verður gert."

Starfsgreinasambandið, stærsta sambandið innan ASÍ, mun fjalla um ákvörðun Launanefndar á formannafundi í næstu viku. - ghs




# Götumarkaður alla helgina

**Götumarkaðurinn byrjar í dag! Gerðu ótrúleg kaup á síðustu dögum útsölunnar.**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 31.01.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,28 | 62,58 |
| Sterlingspund | 110,37 | 110,91 |
| Evra | 75,33 | 75,75 |
| Dönsk króna | 10,09 | 10,15 |
| Norsk króna | 9,305 | 9,359 |
| Sænsk króna | 8,163 | 8,211 |
| Japanskt jen | 0,5312 | 0,5344 |
| SDR | 90,13 | 90,67 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**105,5128**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur synjar einni kröfu verjenda í Baugsmálinu og vísar annarri frá:

# Baugsmálinu verður skipt

**BAUGSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur synjaði í gær kröfum verjenda í Baugsmálinu um að átta ákæruliðir, sem eru til meðferðar dómstóla, yrðu teknir allir fyrir í senn þann 9. og 10. febrúar næstkomandi. Þar með stendur fyrir ákvörðun dómara um að fjórir ákæruliðir, sem snúa að endurskoðendum Baugs, verði teknir til aðalmeðferðar áðurgreinda daga en hinir fjórir í byrjun marsmánaðar.

Dómstóllinn vísaði jafnframt frá kröfu verjenda um að mál allra sakborninga yrði tekið fyrir samtímis.

„Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það hvort úrskurðurinn verður kærður til Hæstaréttar. Niðurstaðan er andstæð því sem við höfum verið að sækjast eftir. Við höfum eindregið leitað eftir því að hinir ákærðu fái málið dæmt og það gildir um þá alla,“ segir Gestur.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, vildi ekki tjá sig um niðurstöðu dómsins í gær en hann mótmælti því einnig í síðustu viku að málið yrði slitið í sundur. Ólíkt verjendunum vildi hann að allt málið yrði tekið fyrir í byrjun mars.

Hann kannar jafnframt grundvöll fyrir nýrri málshöfðun á grundvelli þeirra 32 ákæra í Baugsmálinu sem Hæstiréttur vísaði frá dómi í fyrra. **- jh**



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SAKSÓKNARI OG GESTUR JÓNSSON VERJANDI** Mál stjórnenda Baugs verður að mestum líkum tekið til aðalmeðferðar í byrjun mars.

Bandaríkjaþing:

# Nýr hæstaréttardómari

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjaþing staðfesti nýjan hæstaréttardómara í gær, þann 110. í sögu landsins. Samuel A. Alito Jr. var kosinn með afar naumum meirihluta, 58 atkvæði gegn 42. Hann hlaut öll atkvæði repúblikana nema eitt á meðan allir demókratarnir nema fjórir greiddu atkvæði gegn honum.

Alito var lögmaður fyrir ríkisstjórn Ronalds Reagan og hefur jafnframt starfað sem lögmaður og dómari í áfrýjunardómstól Bandaríkjanna. George W. Bush tilnefndi Alito, en störf hans innan Reagan-stjórnarinnar ollu mestum deilum meðal þingmanna. **- smk**



**VALGERÐUR H. BJARNADÓTTIR**

Vinstri grænir á Akureyri:

# Valgerður tekur ekki sæti

**STJÓRNMÁL** Valgerður H. Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna á Akureyri, hefur ákveðið að taka ekki annað sæti á lista flokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vor. Valgerður hlaut 73 atkvæði í efsta sætið en Baldvin H. Sigurðsson 139 atkvæði.

„Ég hlaut aðeins átta atkvæði í annað sætið þannig að þetta var spurning um hvort okkar hefði betur í baráttunni um efsta sætið. Þetta kom mér í opna skjöldu. Ég sit út kjörtímabilið og starfa vitanlega áfram með Vinstri grænum,“ segir Valgerður. **- jh**

Forsætisráðherra Spánar:

# Heimsækir hólmlendur

**SPÁNN, AP** Forsætisráðherra Spánar, Jose Luis Rodriguez Zapatero, hélt í gær í heimsókn í hólmlendur Spánar á strönd Norður-Afríku, borgirnar Melilla og Ceuta. Þetta er fyrsta opinbera heimsókn forsætisráðherra þangað í aldarfjórðung.

Íbúar borganna, sem og Afríkubúar sem vonast eftir innflytjendaleyfum til Spánar, fögnuðu honum vel, en búast má við að heimsóknin auki stirðleika í samskiptum Spánar og Marokkó, því stjórnvöld í Marokkó gera tilkall til yfirráða yfir borgunum tveimur sem hafa verið undir spænskri stjórn öldum saman. Í haust flykktust hundruð langt að kominna Afríkubúa yfir til borganna í von um betra líf í Evrópu. **- smk**

# Fjölmiðlar þoli gagnrýni

**Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sendiherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, mun senn taka við ritstjórastarfi hjá Fréttablaðinu. Ritstjórnarstefna Fréttablaðsins mun að sögn Þorsteins ekki breytast mikið með hans tilkomu. Álagið sem starfinu fylgir er honum mikið tilhlökkunarefni.**

**FRÉTTABLAÐIÐ** Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi ráðherra og síðast sendiherra í Danmörku, hefur verið ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins en hann mun starfa við hlið Kára Jónassonar, núverandi ritstjóra, frá 23. febrúar.

Þorsteinn starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu meðfram námi frá 1970 til 1974 en þá lauk hann lögfræðinámi og réð sig í fullt starf til Morgunblaðsins. Ári síðar var hann ráðinn ritstjóri Vísis og gegndi því embætti í fjögur ár.

Þorsteinn segist hlakka til þess að snúa aftur í ritstjórastólinn. „Það er rúmur aldarfjórðungur síðan ég yfirgaf ritstjórastólinn á Vísi og síðan hefur ýmislegt á daga mína drifið. Það hefur mikið breyst á fjölmiðlamarkaði hér á landi á síðustu árum og það eru ögrandi verkefni framundan. Ég trúi því ekki öðru en að þetta verði skemmtilegt viðfangsefni.“

Þorsteinn segist ekki gera ráð fyrir því að breyta ritstjórnarstefnu Fréttablaðsins mikið. „Fréttablaðið hefur verið í mjög örri framþróun og það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með henni. Það hefur þróast vel fram á við og vonandi gerir Fréttablaðið það áfram. Mér finnst miklu máli skipta að blöð þróist en taki ekki kollsteypum og ég mun leggja mitt lóð á þá vogarskálar í samvinnu við það fólk sem hér starfar. Það eru engin áform um miklar breytingar með minni komu en vonandi getum við haldið áfram að gera Fréttablaðið sterkara og öflugra en það er.“ Þorsteinn segist ekki geta leynt því að blaðamennskan hafi staðið honum nærri frá gamalli tíð og því hafi það heillað hann sérstaklega að snúa aftur á þessum tímamótum í heim fjölmiðlanna að nýju. „Ég hef nú setið á friðarstóli sendiherrans í sex ár og því var það vandasamt að ákveða hvað ég tæki mér fyrir hendur þegar heim kæmi. En það hefur alltaf freistað mín að takast aftur á við blaðamennsku að loknum störfum á vettvangi stjórnmálanna. Blaðamennska var fyrsta starfið sem ég gegndi eftir að ég lauk háskólaprófi og þetta hefur staðið nærri mér síðan, þar sem mér þótti þetta einstaklega gefandi og skemmtilegt starf.“

Fréttablaðið hefur af sumum verið talið draga taum eigenda sinna í umfjöllun í blaðinu og hafa þá spjótin oft og tíðum beinst að ritstjórn, sem ber ábyrgð á skrifum í blaðinu. Þorsteinn segir það vera eitt af mest áríðandi verkefnum fjölmiðla að geta þolað gagnrýni úr öllum áttum. „Þegar ég var ritstjóri á Vísi þá voru miklar deilur um útgáfu blaðsins og ég þekki því þess konar álag af eigin raun. Ég held að það sé eitt af því sem allir fjölmiðlar verða að geta sætt sig við, að þeir geta með einhverjum hætti dregist inn í þjóðfélagsumræðuna um leið og þeir taka þátt í henni. Ef það á að gusta um fjölmiðla á annað borð þá verða menn að vera reiðubúnir til þess að standa gustinn af sér.“

**magnush@frettabladid.is**



**ÞORSTEINN RÆÐIR VIÐ BLAÐAMANN Á HEIMILI SÍNU** Eftir langan feril í stjórnmálum hefur Þorsteinn ákveðið að snúa sér að nýju að blaðamennsku. Hann starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu eftir að hann lauk lögfræðinámi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Námskeið:

**Stjórnun og rekstur mötuneytis**



**Fyrir hvern?**
Námskeiðið er ætlað starfandi og verðandi stjórnendum mötuneyta hjá fyrirtækjum og stofnunum. Námskeiðið hentar jafnt stjórnendum fjölmennra sem fámennra mötuneyta. Engrar forkunnáttu er krafist.

**Markmið**
Að þátttakendur öðlist færni og þekkingu til að stjórna og reka mötuneyti í samræmi við nútíma kröfur um næringu, hreinlæti, öryggi, gæði og hagkvæmni í rekstri.

**Megin áherslur**
- Stjórnunarfærni
- Manneldismarkmið
- Samsetning matseðla
- Samskipti á vinnustað
- Örverufræði
- Öryggismál

Námskeiðið hefst á Iðntæknistofnun *15. febrúar*.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Iðntæknistofnunar *www.iti.is* eða í síma *570 7100*.

Iðntæknistofnun


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BJART NORÐAUSTAN TIL**
Það er vaxandi úrkoma á landinu sunnan- og vestanverðu þegar líður á daginn en framan af degi verður úrkomulítið, síst þó suðaustan til. Þótt sú gula sé enn lágt á lofti munar talsvert um að fá geisla hennar til okkar þótt ekki sé nema fyrir geðslagið. Það hallar hins vegar talsvert á borgarbúa í samanburði við þá fyrir norðan og austan í þessum efnum.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðaustan 5-10 m/s. Fer að rigna eftir hádegi. Hlýtt í veðri.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hægur í fyrstu. Hvessir undir kvöld.

*» föstudagur*



Fremur stíf suðvestanátt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C heiðskírt | París | 9°C hálfskýjað | Alicante | 17°C heiðskírt |
| Osló | -2°C hálfskýjað | Berlín | 3°C heiðskírt | Mílano | 13°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C heiðskírt | Frankfurt | 5°C heiðskírt | New York | 7°C léttskýjað |
| Helsinki | -4°C alskýjað | Madríd | 14°C heiðskírt | San Francisco | 16°C skúrir |
| London | 8°C heiðskírt | Barcelona | 14°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 22°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Landsbankinn
Banki allra námsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
Námsstyrkir
Námsmenn glíma við hin ótrúlegustu vandamál á meðan á námi þeirra stendur. Okkar hlutverk er að létta undir með þeim þegar mest á reynir.
Árlega veitir Landsbankinn fjölda námsstyrkja til virkra viðskiptavina Námunnar.
Námsstyrkirnir skiptast þannig:
• Styrkir til framhaldsskóla og iðnnáms á Íslandi
• Styrkir til háskólanáms á Íslandi
• Styrkir til háskólanáms erlendis
• Styrkir til listnáms
Umsóknarfrestur vegna úthlutunar námsstyrkja er til 24. febrúar 2006
rit.
mf a tempo
„Kæru nágrannar, nýtt æfingatímabil er að hefjast.“
Nemi á 8. stigi í fiðluleik.
sýnum námsmönnum tillitssemi




## KJÖRKASSI

*Telurðu að íslenska landsliðið í handbolta vinni til verðlauna á EM?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú samkeppni á raforkumarkaði næga?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is
vísir

Umhverfisráðherra segir umræðu um álver á Norðurlandi þurfa að bíða:

# Húsvíkingar reiðir ráðherra

**STÓRIÐJA** „Húsvíkingar eru fjúkandi illir vegna ummæla umhverfisráðherra þess efnis að umræða um álver á Norðurlandi verði að bíða allt þetta ár eða þar til niðurstaða fæst í viðræðum Alcan og Landsvirkjunar vegna stækkunar álversins í Straumsvík,“ segir Hreinn Hjartarson, stjórnarformaður Þeistareykja. Hann segir áform um gangsetningu álvers á Norðurlandi á árunum 2011 til 2012 standa svo framarlega að samningar náist um orkuverð. „Ummæli ráðherra eru byggð á misskilningi sem vonandi verða leiðrétt,“ segir Hreinn.

Ummælin voru höfð eftir Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra í fréttum Útvarps á mánudaginn. Jafnframt var haft eftir henni að ekki væri pláss fyrir ný álver á Íslandi ef ráðist yrði í stækkun álversins í Straumsvík nema með auknum mengunarkvóta eða stórfelldum samdrætti í mengun á öðrum sviðum.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segir að Íslendingar muni standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar þó að ráðist verði í stækkun álversins í Straumsvík á sama tíma og reist verði álver á Norðurlandi. „Alcoa mun á endanum taka ákvörðun um hvort álver rís á Norðurlandi og Alcoa mun ekki bíða eftir að Alcan taki sína ákvörðun,“ segir Valgerður. - kk



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Í kvöld verða kynntar á Húsavík áfanganiðurstöður í staðarvalsathugunum vegna hugsanlegs álvers á Norðurlandi og má vænta þess að þar verði iðnaðarráðherra krafinn margvíslegra svara.

Dómarar höfða mál:

# Láta reyna á rétt sinn

**KJARAMÁL** Guðjón St. Marteinsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, hefur ákveðið að höfða mál á hendur ríkinu vegna ákvörðunar Alþingis að fella úrskurð kjaradóms um hækkanir á launakjörum æðstu embættismanna úr gildi.

Fleiri íhuga það sama og bera því meðal annars við að óeðlilegt sé að Alþingi grípi með þessum hætti fram fyrir hendur kjaradóms þar sem tilgangur hans sé að úrskurða um laun sem þingmenn Alþingis hafi ekki viljað ákveða sjálfir.

Guðjón St. vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað. ■

Í HIGH COURT OF JUSTICE
CHANCERY DIVISION
COMPANIES COURT

VARÐANDI

The Continental Insurance company
og
CONTINENTAL REINSURANCE COMPANY LIMITED
og
Continental Management Services Limited

MEÐ HLIÐSJÓN AF

Vii. KAFLA BRESKRA LAGA UM FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU OG - MARKAÐI (FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT) FRÁ ÁRINU 2000

**TILKYNNING UM AÐILASKIPTI AÐ TRYGGINGASTARFSEMI**

Hér með er því lýst yfir að skv. gr. 111(1) breskra laga um fjármálaþjónustu- og markaði frá árinu 2000, á ensku Financial Services and Markets Act 2000, (hér eftir „lögin“) hefur High Court of Justice („dómstóllinn“) kveðið upp eftirfarandi úrskurði:

1. Með úrskurði dags. 17. desember 2004, sem tók gildi kl. 23:59 hinn 30. desember 2004, hefur dómstóllinn heimilað aðilaskipti að almennri tryggingastarfsemi Continental Reinsurance Company Limited til Continental Management Services Limited skv. gr. 112(1) laganna; og

2. Með úrskurði dags. 13. desember 2005, sem tók gildi kl. 23:59 hinn 30. desember 2005, hefur dómstóllinn heimilað aðilaskipti að almennri tryggingastarfsemi bresks útibús (UK Branch of) The Continental Insurance Company til Continental Management Services Limited skv. gr. 112(1) laganna; og

3. Dómstóllinn hefur einnig kveðið upp úrskurð um félagsslit Continental Reinsurance Company Limited án gjaldþrotaskipta skv. gr. 112(8)(b) í lögunum; og

4. Dómstóllinn kvað einnig upp nokkra viðbótarúrskurði varðandi áhrif aðilaskiptanna tveggja, sér í lagi að tryggingarhafa hvers kyns beinnar tryggingar hjá öðru hvoru fyrirtækinu sem framselt er, sbr. ofangreint, sé heimilt að nýta sér hvers kyns rétt sinn til uppsagnar á tryggingunni, hafi hann slíkan rétt skv. lögum viðeigandi aðildarríkis EES (sem er EES-aðildarríkið þar sem áhættan er fyrir hendi), innan 21 dags frá dagsetningu þessarar tilkynningar.

Afrit af skjölum varðandi bæði aðilaskiptin og úrskurðunum sem heimila þau eru fáanleg gjaldlaust með því að senda beiðni til Reynolds Porter Chamberlain í Chichester House, 278-282 High Holborn, London, WC1V 7HA (Tilvísunarnúmer: MLB/CNA3.15) og á vefsíðunni www.grmsolutions.com/articles/news.asp.

VR FÉLAGAR!

2,5% HÆKKUN

Öll laun hækka samkvæmt **kjarasamningi VR og SA** um **2,5%** frá og með 1. janúar

Hækkunin kemur til útborgunar 1. febrúar nk.

Fíton/SÍA

Starf okkar **eflir** þitt starf

VR




**ÞRÖNGT MÁTTU SÁTTIR SITJA** Það er ljóst að landsmenn þurfa að bíða lengi eftir því að vita lokaniðurstöðu olíumálsins.

# 34 með stöðu sakamanna í olíumálinu

**Öllum kröfum olíufélaganna þriggja hafnað í gær. Allt stefnir í að langur tími líði áður en niðurstöður liggja fyrir í málinu. Sakborningar forðast að tjá sig um áhrif málsins á einkalíf þeirra.**

**DÓMSMÁL** Samkeppniseftirlitið hafnaði í gær öllum kröfum stóru olíufélaganna þriggja, Skeljungs, Olís og Esso, um að úrskurður Áfrýjunarnefndar samkeppnismála um ólöglegt samráð félaganna verði ógiltur. Kröfu félaganna um að sektir yrðu felldar niður eða þær lækkaðar verulega var einnig hafnað en þær standa nú í einum og hálfum milljaði króna eftir að þær voru lækkaðar um rúman milljarð í lok janúar í fyrra. Allt stefnir því í flókin og tafsöm málaferli.

Þegar lögreglurannsókn hófst á meintum brotum æðstu stjórnenda olíufélaganna og þeim millistjórnendum sem tóku þátt í þeim samskiptum í janúar 2005, var talið að tíu til fimmtán einstaklingar lægju undir grun. Nú er ljóst að þessi tala hefur verið stórlega vanmetin og að mun fleiri einstaklingar hafi réttarstöðu sakbornings en áður var talið. Aðspurður segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari, að alls hafi 34 einstaklingar réttarstöðu sakborninga í málinu. Helgi segir jafnframt að hafa beri í huga að það sé langt frá því að það sé búið að ákveða að þeir verði allir ákærðir og að það sé ekki samansem merki þarna á milli þó það sé kannski svo í hugum fólks. Helgi segir að ákærur séu ekki væntanlegar, „Þetta tekur tíma því þetta er mjög umfangsmikið mál og tafsamt eins og gefur að skilja. Við fengum málið frá ríkislögreglustjóra núna fyrir jólin og þetta eru alls 27 möppur. Fyrst af öllu verður að taka ákvörðun um hvort gefin verði út ákæra eða málin fellt niður. Það er verið að fara yfir rannsóknargögn og taka þessa ákvörðun“, segir Helgi.

Sá mikli tími sem fer í rannsókn þessa máls vekur upp spurningar um það hvaða áhrif það hefur á líf sakborninganna að bíða þetta lengi eftir niðurstöðu. Blaðamaður bar það undir þá Kristinn Björnsson, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og Þórólf Árnason, fyrrverandi borgarstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá Esso, Kristinn gat ekki rætt við blaðamann vegna anna en Þórólfur sagðist aldrei um þetta hugsa og því ekkert hafa um málið að segja.

svavar@frettabladid.is

## ÞRÓUN OLÍUMÁLSINS 2001 TIL 2006

**18. desember 2001** Samkeppnisstofnun gerir húsleit hjá olíufélögunum.

**1. mars 2002** Olíufélagið ákveður að starfa með Samkeppnisstofnun.

**17. júlí 2003** Fréttablaðið birtir ágrip úr frumskýrslu Samkeppnisstofnunar.

**21. ágúst 2003** Ríkissaksóknari fer fram á að ríkislögreglustjóri afli fullnægjandi gagna frá Samkeppnisstofnun til að unnt sé að athuga hvort hefja þurfi opinbera rannsókn.

**Október 2003** Hafin er opinber rannsókn hjá embætti ríkislögreglustjóra á ætluðum brotum olíufélaganna, félögunum, æðstu stjórnendum og millistjórnendum.

**26. nóvember 2003** Fjárlaganefnd Alþingis leggur til aukafjárveitingu vegna aukins umfangs starfa efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

**28. október 2004** Samkeppnisráð sektar olíufélögin um rúma 2,6 milljarða króna fyrir brot gegn samkeppnislögum.

**1. nóvember 2004** Tölvupóstur fer eins og eldur í sinu þar sem fólk er hvatt til að kaupa ekki smásöluvarning af brotlegum olíufélögum, heldur einskorða viðskipti sín við bensín.

**29. janúar 2005** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála gefur út úrskurð sinn og lækkar sektir félaganna um rúman milljarð, í 1,5 milljarða króna. Ker og Olíuverslunin fá afslátt fyrir samstarf við samkeppnisyfirvöld. Skeljungur fær engan afslátt að sekt sinni.

**17. nóvember 2005** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sendir ríkissaksóknara niðurstöðu lögreglurannsóknar á samráði olíufélaganna.

**21. nóvember 2005** Ríkislögreglustjóri sendir út tilkynningu um lok rannsóknarinnar og upplýsir að málið sé komið til ríkissaksóknara.

**31. janúar 2006** Samkeppniseftirlitið hafnar öllum kröfum olíufélaganna um að úrskurður Áfrýjunarnefndar samkeppnismála verði ógiltur. Kröfum félaganna um að sektir yrðu felldar niður eða stórlækkaðar einnig hafnað.

www.icelandexpress.is




# AEY-CPH

## Áfangastöðum Iceland Express fjölgar enn!

Iceland Express er á fljúgandi ferð og fjölgar áfangastöðum sínum erlendis í átta í vor. Og sóknin heldur áfram, því nú hefur verið afráðið að hefja beint flug á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar frá og með 30. maí 2006.

Iceland Express óskar Norðlendingum til hamingju með áfangann og býður þá hjartanlega velkomna um borð! Sala miða hefst í dag kl. 12.00. Bókaðu á www.icelandexpress.is

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006 ©
Iceland Express FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN

**Verð frá: 7.995 kr.***
**Barnaverð: 5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Fíton/SÍA FI016103






Alls voru 179 ákærðir fyrir fíkniefnabrot á Akureyri í fyrra:

# Fíkniefnamálum fjölgar

**DÓMSMÁL** Fíkniefnamálum á Akureyri hefur fjölgað um 15 til 20 prósent á milli ára undanfarin ár. Í fyrra voru alls 179 einstaklingar ákærðir fyrir fíknefnabrot í umdæmi lögreglustjórans á Akureyri. Lögreglusátt var gerð við 29 einstaklinga til viðbótar og því hlutu 208 manns refsingu fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni árið 2005.

Þetta kom fram í fyrirlestri sem Eyþór Þorbergsson, lögfræðingur hjá sýslumannsembættinu á Akureyri, flutti á lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í gær.

Flestir hinna ákærðu voru dæmdir til greiðslu sektar eða 81. Í 31 máli var niðurstaðan skilorðsbundið fangelsi og 22 einstaklingar hlutu óskilorðsbundna fangavist. Í 11 tilvikum var ekki gerð sérstök refsing og 10 mál bíða enn dóms.

Eyþór segir að mismunurinn í fjölda ákæra og dóma liggi í að mál eru oft sameinuð eftir þingfestingu. „Fíkniefnaheimurinn á Akureyri fer harðnandi, líkt og í Reykjavík, og fátt í farvatninu sem bendir til breytinga þar á,“ segir Eyþór. - kk



**EYÞÓR ÞORBERGSSON** Lögfræðingur sýslumannsembættisins á Akureyri segir fíkniefnaheimana norðan og sunnan heiða fara harðnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Sprengjuhótun hjá Jótlandspóstinum

**Reiðileg viðbrögð vegna Múhameðsteikninganna í Jótlandspóstinum ætla engan enda að taka. Litlu virðist breyta þótt samtök danskra múslima tækju afsökunarbeiðni gilda. Ritstjórnin var rýmd vegna sprengjuhótunar í gær.**

**DANMÖRK** Ritstjórnarskrifstofum Jótlandspóstsins í Árósum og Kaupmannahöfn var lokað síðdegis í gær vegna sprengjuhótana sem lögregla taldi ástæðu til að taka alvarlega þar til ráðrúm hefði gefist til að rannsaka þær nánar.

Vart er um annað rætt í Danmörku þessa dagana en þær alvarlegu afleiðingar sem deilurnar um birtingu teikninga af Múhameð spámanni í Jótlandspóstinum síðastliðið haust hafa haft í för með sér.

Reiði vegna málsins hélt í gær áfram að breiðast út um arabaheiminn. Innanríkisráðherrar sautján arabaríkja hvöttu á fundi í Túnis í gær stjórnvöld í Danmörku til að refsa þeim sem ábyrgð bæru á birtingu Múhameðsteikninganna.

Trúarleiðtogar múslima í Írak hvöttu þarlend stjórnvöld til að rjúfa stjórnmálasamband við Danmörku og hryðjuverkamenn gáfu út „fatwa“ – trúarlega fordæmingu – á hendur dönsku herdeildinni sem þjónar í Írak. Danska blaðið Politiken hefur eftir varnarmálaráðherranum Sören Gade að full ástæða sé til að taka hótunina alvarlega. Fatwa getur þýtt allt frá sniðgöngu til líflátshótana (eins og Salman Rushdie varð fyrir af hálfu klerkanna í Íran).

Samtök múslima í Danmörku, sem áttu frumkvæði að því að stjórnvöld í múslimaríkjum blönduðu sér í málið, lýstu því yfir í gær að þau tækju afsökunarbeiðni ritstjórnar Jótlandspóstsins gilda. Blaðið birti afsökunarbeiðnina á mánudag og ritstjórinn sendi frá sér opið bréf á arabísku þar sem hann útskýrir málið og biður þá afsökunar sem töldu blaðið hafa að sér vegið með birtingu teikninganna. Á mánudag endurtók Anders Fogh Rasmussen að það væri ekki í verkahring ríkisstjórnarinnar að biðjast afsökunar fyrir hönd dagblaðs, en tók fram að hann „hefði sjálfur aldrei birt myndir af Múhameð, Jesú eða hvaða trúarlegri persónu sem er, með hætti sem væri til þess fallinn að særa annað fólk“.

Talsmaður Íslamska trúarsambandsins í Danmörku, Kasem Ahmad, tjáði danska útvarpinu í gær að samtökin „þökkuðu með skýrum og afdráttarlausum hætti forsætisráðherranum og Jótlandspóstinum fyrir viðbrögð þeirra“.

Óljóst var þó í gær hvort viðurkenning samtaka múslima í Danmörku á afsökunarbeiðninni breytti nokkru um atburðarásina í múslimaríkjunum. Talsmenn danska mjólkurvöruframleiðandans Arla Foods, sem varð mjög fyrir barðinu á sniðgönguákallinu gegn dönskum vörum í Sádi-Arabíu, sögðust bíða þess með óþreyju hvort ekki færi að rætast úr ástandinu úr þessu.

audunn@frettabladid.is



**MÓTMÆLT VIÐ DÖNSK SENDIRÁÐ** Mótmælt var við sendiráð Danmerkur í höfuðborgum múslimaríkja í gær, hér í Damaskus í Sýrlandi. Mótmælendurnir kröfðust heimslaga sem gerðu það refsivert að svívirða það sem múslimum væri heilagt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




TIL
HAMINGJU!
Nú eru um 260 milljónir á leiðinni til 20 þúsund viðskiptavina okkar í Stofni. Þannig verðlaunum við fyrir tjónlaust ár. Komdu í hópinn!
SJÓVÁ
STOFN
GOTT FÓLK McCANN



**MÆÐINNI KASTAÐ** Á þriðja degi kínverska nýársins hvílir þessi Kínverji lúin bein við auglýsingaveggspjald með mynd úr kínverskri óperu í Peking í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar gramir yfir erlendum afskiptum af kjarnorkuáætlun:

# Vilja hefja kjarnorkuvinnslu

**ÍRAN, AP** Íranar hóta að hefja kjarnorkuvinnslu af fullum krafti á ný og banna óvæntar eftirlitsheimsóknir Sameinuðu þjóðanna í verksmiðjurnar verði kjarnorkumálum þeirra vísað til Öryggisráðs SÞ.

Í kjölfar árangurslítils fundar með fulltrúum Írans, Bretlands, Kína, Frakklands, Bandaríkjanna og Rússlands á mánudagskvöld var ákveðið að biðja Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, IAEA, um að vísa málinu til ráðsins. Ekki var ákveðið hvort refsiaðgerðum verður beitt, en ráðið mun líklega taka málið fyrir í mars.

Íranar halda því hins vegar fram að fundurinn á mánudagskvöld hafi skilað miklum árangri og vilja halda viðræðum áfram.

Íran hefur leyft IAEA að koma í skyndieftirlitsferðir, en nýverið setti þingið lög sem banna þessar eftirlitsferðir komi til afskipta öryggisráðsins. Segja ráðamenn í Teheran að kjarnorkuáætlunin sé eingöngu ætluð til raforkuframleiðslu, en óstaðfestar fregnir herma að stjórnvöld þar í landi hafi afhent IAEA uppskrift að kjarnaoddi sem á að hafa verið fengin á svörtum markaði.

Íransstjórn hélt kjarnorkurannsóknum sínum leynilegum í 18 ár og greindi ekki frá þeim fyrr en árið 2002. - smk



**BEÐIST FYRIR** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, biðst fyrir við gröf Ayatollah Khomeini í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

A. Karlsson:

## MND-félagið fékk góða gjöf

**LÍKNARMÁL** Forráðamenn A. Karlsson komu færandi hendi til MND félagsins, félags fólks með hreyfitaugahrörnun, á dögunum þegar þeir færðu þeim 250.000 krónur. Gjöf A. Karlsson var síðan færð Landspítala-háskólasjúkrahúsi í tilefni opnunar nýrrar dagdeildar á taugalækningadeild.

MND-félagið, MG-félagið, Parkinsonsamtökin og Heilaheill, færðu hinni nýju deild búnað að virði 1.300.000 króna. Meðal þess sem gefið var er súrefnismettunarmælir, blóðþrýstingsmælir og hitamælir. Einnig voru deildinni færðar tvær vökvadælur og kaffistöð með tveimur hitabrúsum. - shá

Prófkjör Í-listans á Ísafirði:

## Samfylking tilnefnir fjóra

**PRÓFKJÖR** Stjórn Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ hefur samþykkt í samræmi við niðurstöðu flokksvals að tilnefna fjóra fulltrúa í sameiginlegt prófkjör þriggja flokka undir merkjum Í-listans, Ísafjarðabæ.

Fulltrúar flokksins á listanum verða Arna Lára Jónsdóttir verkefnisstjóri, Björn Davíðsson þróunarstjóri Snerpu ehf. og varabæjarfulltrúi, Kolbrún Sverrisdóttir verkakona og fyrrum bæjarfulltrúi og Sigurður Pétursson sagnfræðingur. - mh

### LANDHELGISGÆSLA

**Sjórinn iðaði af hval** Flugmenn Sýnar, flugvél Landhelgisgæslunnar, komu auga á mikla hvalamergð við mynni Vopnafjarðar í fyrradag. Það þykir vísbending um að loðna sé á ferð en rannsóknarskipið, Árni Friðriksson, var á þessum slóðum í gær við loðnuleit.

Annar æðsti maður al-Kaída sendir skilaboð:

# Kallar George Bush slátrara og lygara

**ÍRAK** Annar æðsti maður hryðjuverkasamtakanna al Kaída, Ayman Al-Zawahiri, kallar George Bush, forseta Bandaríkjanna, slátrara og aumingja í nýju myndbandi sem sýnt var á sjónvarpsstöðinni Al Jazeera á mánudag.

Þetta er í fyrsta sinn sem myndir birtast af Zawahiri opinberlega síðan Bandaríkjamenn reyndu að granda honum með flugskeyti fyrr í mánuðinum í litlu þorpi í Pakistan. Hann beindi skilaboð til Bush í myndbandinu. Kallar hann forsetann slátrara og segir hann lygara þegar hann segir að Íraksstríðið gangi vel. Endar hann skilaboðin á hótunum. „Þú hefur fært ógæfu og hamfarir yfir þjóð þína og þær munu verða enn fleiri í framtíðinni.“



**ZAWAHIRI** Segir bandarískum mæðrum að komi sonur þeirra heim frá Írak í líkkistu skuli þær minnast Bush sem virti að vettugi boð al-Kaída um vopnahlé fyrr í mánuðinum. Sömu skilaboð fá mæður í Bretlandi. AFP/NORDICPHOTOS.AFP



**FERÐAMENN VIÐ SÓLFARIÐ** Erlendum ferðamönnum hér á landi hefur fjölgað mikið á undanförnum áratug. Ferðamennirnir láta hátt verðlag ekki á sig fá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ósló telst nú dýrasta borg í heimi fyrir ferðamenn:

# Reykjavík þriðja dýrasta borgin

**FERÐAMÁL** Samkvæmt mati Economist Intelligence Unit (EIU) telst Reykjavík nú þriðja dýrasta ferðamannaborg heims en hún mældist áttunda dýrasta borgin fyrir tveimur árum.

Magnús Oddsson ferðamálastjóri segir styrk evrópska gjaldmiðla gagnvart bandaríkjadal vega þungt þar sem evrópskar borgir eru í átta af tíu efstu sætunum. „Allar höfuðborgir Norðurlandanna fyrir utan Stokkhólm eru á þessum lista og það segir mikið um það kostnaðarumhverfi sem þekkist á þessu norður-evrópska svæði. Við vitum því að við þurfum að haga kynningarmálum okkar eftir þessu.“

Magnús leggur einnig á það áherslu að það sé ekki verið að taka afstöðu til þess hvernig ferðamönnum líkar hér á landi. „Það er ekki verið að kanna hug ferðamanna til staðanna í þessari könnun heldur einungis verðið. Hingað til lands hafa verið að koma fleiri ferðamenn á milli ára heldur en í mörgum öðrum löndum og það hlýtur að vera vegna þess að neytandinn fái mikið út úr því að ferðast hingað.“

Könnun EIU er gerð annað hvert ár og er þar tekinn saman dvalarkostnaður ferðamanna í hverri borg fyrir sig. Tókýó hefur verið í efsta listans síðustu fjórtán ár en Ósló hefur nú komist upp fyrir Tókýó en hún hefur verið ofarlega á listunum í síðustu verðkönnunum EIU. - mh

**DÝRUSTU BORGIR HEIMS**

| | |
|---|---|
| 1. | Ósló, Noregur |
| 2. | Tókýó, Japan |
| **3.** | **Reykjavík, Ísland** |
| 4. | Ósaka Kóbe, Japan |
| 5. | París, Frakkland |
| 6. | Kaupmannahöfn, Danmörk |
| 7. | London, England |
| 8. | Zürich, Sviss |
| 9. | Genf, Sviss |
| 10. | Helsinki, Finnland |





*Ódýrasta leiðin til að líta vel út

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

Það geta fáir boðið eins ríkulegan aukabúnað á svona lágu verði. Opel Astra hefur verið endurhugsuð frá grunni og útkoman er gjörbreyttur bíll að innan sem utan. Kynntu þér nýja Opel Astra í dag.

EURO NCAP ★★★★★

NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Simi 525 8000 ih.is

** Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði. Aukabúnaður á mynd: þokuljós og álfelgur.


Útsmognir smyglarar handteknir í Litháen:

# Reyndu að blekkja tollverði með ísdansi

**LITHÁEN, AP** Þótt Litháar taki ísdans mjög alvarlega, létu landamæraverðir í Litháen ekki gabbast af afar útsmognum smyglara um helgina.

Maðurinn hafði íklæðst hvítum kímónó og dansaði yfir Nemunas-ána (Memel) með sleða í eftirdragi. Þegar landamæraverðir tóku manninn höndum, kom í ljós að hann hafði dansað alla leið frá Kalíníngrad með 10.000 ólöglegar sígarettur faldar í sleðanum.

Félagi hans, sem einnig var á skautum þótt ekki væri hann íklæddur kímónó, var einnig handtekinn og sígaretturnar gerðar upptækar. Félagarnir reyndu að komast undan á flótta, en festust í snjósköflum á frosinni ánni.

Kalíníngrad-hérað er rússnesk hólmlenda innikróuð af Evrópusambandslöndunum Litháen og Póllandi. Þar er mikil fátækt og margir íbúanna reyna að bjarga sér með smygli yfir landamærin. Fram til ársins 1945 hét Kalíníngrad Königsberg og var höfuðborg þýska héraðsins Austur-Prússlands. - smk



**LANDAMÆRIN** Margir íbúar Kalíníngrad reyna að bjarga sér með smygli.


MEGA.is
VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI - SKEMMTILEGASTA VEF LANDSINS SEM OPNAR Í DAG, 1. FEBRÚAR!
Gold Miner
Start
Instructions
Á MEGA.IS ERU TÖLVULEIKIR Í HUNDRAÐATALI - BÆÐI ÓKEYPIS VEFLEIKIR OG PC LEIKIR SEM ÞÚ GETUR PRÓFAÐ FRÍTT!
SMOKE ATTACK
NÁÐU ÞÉR Í ÓKEYPIS EINTAK AF SMOKE ATTACK OG SKJÓTTU ÞÉR INN FERÐ TIL ÚTLANDA MEÐ ICELAND EXPRESS!
Iceland Express
LÝÐHEILSUSTÖÐ
– lifið heil
www.mega.is




Rannsóknir á gufuafli á Norðurlandi:

# Borað fyrir hálfan milljarð

**ORKUMÁL** Landsvirkjun og Þeystareykir ehf. skrifuðu síðastliðinn föstudag undir samning við Jarðboranir um borun þriggja rannsóknarhola á Norðurlandi. Samningurinn hljóðar upp á um 500 milljónir króna og verður byrjað að bora fyrstu holuna á vordögum.

„Tilgangurinn er að afla frekari upplýsinga um nýtanlegt gufuafl á Þeystareykjum, í Bjarnarflagi og við Kröflu. Ef holurnar reynast nægilega öflugar verða þær nýttar vegna væntanlegrar stóriðju á Norðurlandi sem okkur hefur verið lofað að taki til starfa á árinu 2011 eða 2012,“ segir Hreinn Hjartarson, stjórnarformaður Þeystareykja.


**ÞEYSTAREYKJASVÆÐIÐ** Gufuaflsvirkjun á Þeystareykjum mun anna um þriðjungi af orkuþörf nýs álvers í nágrenni Húsavíkur.

Landsvirkjun keypti í fyrra 31,9 prósenta eignarhlut í Þeystareykjum ehf. og greiddi 260 milljónir króna fyrir. Orkuveita Reykjavíkur hafði einnig áhuga á að eignast hlut í Þeystareykjum en Hreinn segir Landsvirkjun hafi orðið fyrir valinu til að auka líkur á nýju álveri á Norðurlandi og hraða framkvæmdum við það.

Eigendur Þeystareykja eru: Orkuveita Húsavíkur (31,9 %) Norðurorka (31,9 %) Landsvirkjun (31,9 %) Þingeyjarsveit (3,6 %) og Aðaldælahreppur (0,4 %). **- kk**

Samstarfssamningur í höfn:

# Háskólasetrinu tryggt fjármagn

**RANNSÓKNIR** Háskólasetrinu í Hveragerði hefur með nýjum samstarfssamningi verið tryggt fjármagn til rekstrarins.

Að samningnum standa Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hveragerðisbær, Prokoria rannsóknir ehf., Rannsóknastofnunin Neðri Ás, Sunnlensk orka og Orkuveita Reykjavíkur, sem bættist nú í hópinn í stað Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

Samningurinn tryggir sem fyrr segir rekstur setursins en það sem á vantar fæst væntanlega með sjálfsaflafé, styrkjum og útseldri vinnu. **-shá**

Hamas-samtökin hafna kröfum Sameinuðu þjóðanna:

# Hamas neitar að viðurkenna Ísrael

**ÍSRAEL, AP** Hamas-samtökin í Palestínu neituðu í gær kröfum Sameinuðu þjóðanna um að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis og að afneita ofbeldisverkum. Þó báðu talsmenn samtakanna um áframhaldandi fjárframlög Evrópusambandsins til Palestínu, en sögðust vera farnir að líta eftir styrkjum frá araba- og múslimaríkjum. Hamas-samtökin unnu kosningasigur í síðustu viku og munu því líklega leiða heimastjórn Palestínu í nýrri stjórn. Helstu stofnanir Palestínumanna eru reknar á erlendum fjárframlögum, en Bandaríkin og Evrópusambandið skilgreina Hamas sem hryðjuverkasamtök og það getur hindrað fjárstyrki til heimastjórnar sem samtökin leiða.

Utanríkisráðherra Sádi-Arabíu gagnrýndi í gær hótanir Evrópusambandsins um að hætta fjárframlögum til Palestínu, sérstaklega þar sem aðildarríki þess hvöttu mjög til kosninganna sem Hamas vann sigur í. Þá lögðu Sádi-Arabía og Jórdanía fast að Hamas að milda afstöðu sína gagnvart Ísrael og fá Fatah-hreyfinguna með sér í stjórn. **- smk**


**GENGIÐ GEGN HAMAS** Meðlimir Fatah-hreyfingarinnar mótmæla í Nablusborg í gær þeim áformum að Hamas-hreyfingin leiði nýja heimastjórn Palestínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Framboð í Fjarðabyggð:

# Biðlistinn býður fram á ný

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Biðlistinn í Fjarðabyggð ætlar að bjóða fram lista í sveitarstjórnarkosningunum eystra í vor. Frá þessu er greint í Austurglugganum og segir þar að stofnað hafi verið til framboðsins fyrir síðustu kosningar til að berjast fyrir því að álver rísi örugglega í Reyðarfirði.

Ásmundur Páll Hjaltason, bæjarfulltrúi listans, segir að enginn skortur sé á málefnum til að berjast fyrir og að málefni syðstu byggða Fjarðabyggðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar, séu aðkallandi þar sem ljóst sé að uppgangurinn á Austurlandi nái ekki nema að takmörkuðu leyti þangað. **-shá**


**REYKJAVÍK** Borgin fær afburðaeinkunn í nýrri könnun Höfuðborgarstofu.

Erlendir ferðamenn:

# Ánægðir með Reykjavík

**FERÐAMÁL** Alls höfðu 90 prósent erlendra ferðamanna í Reykjavík góða eða frábæra reynslu af borginni síðasta sumar. Þetta kemur fram í könnun sem Höfuðborgarstofa lét gera.

Hæstu einkunn fá sundlaugarnar og heilsurækt af ýmsu tagi þegar spurt er um afþreyingu. Æ fleiri ferðamenn heimsækja söfn og um 90 prósent aðspurðra töldu Reykjavík vera hreina og örugga borg. **- sdg**

# Upp með Orkuna!




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5355

## Orkubókin 2006

ÍSLANDSBANKI




Orkubókin 2006 er komin út og er fáanleg í öllum útibúum Íslandsbanka. **Bókin kostar aðeins 699 kr. og henni fylgir flottur Latabæjarbolur.***

Allir krakkar sem koma í útibú Íslandsbanka fá Latabæjarvatnsflösku gefins.*

**www.orkuátak.is**

*Gildir á meðan birgðir endast

# Einstakar vél

## Síðustu eintökin - sýnin

Alltaf ÓDÝRARI



**MEDION**

MD95281

**MEDION C8 CLAWHAMMER2 TV**

- AMD Athlon™ 64 processor 3000+ - with PowerNow! Technology
- 17" WIDE-XGA TFT (1440x900)
- ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 128MB DDR VIDEO
- 512 MB DDRRAM 333MHz
- 80 GB harður diskur
- DVD skrifari
- Wi-Fi® Wireless (802.11g)
- Tv tuner, Subwoofer og innbyggð netmyndavél

Takmarkað magn

50% afsláttur

**119.988**

179.988

239.988



**MEDION**

MD95610

**Medion C7 Sonoma TV**

- Intel®Centrino™ mobile tækni
- Pentium® M processor 1.73 GHz (740)
- 15.4" WXGA TFT (1280x800)
- Nvidia GeForce Go 6200
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- 1 GB DDR2 minni
- 80 GB diskur
- Super DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"

Takmarkað magn

40% afsláttur

**119.999**

155.988

195.988



**MEDION**

MD95067

**MEDION C6 Centrino 3140**

- Intel® Pentium® M 1.6 GHz (725) - DOTHAN
- 15.4" WXGA TFT (1280x800)
- ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 128MB DDR
- 512 MB DDRRAM 333MHz PC2700
- 60 GB Harður diskur UltraDMA 4200RPM
- Super DVDRW drive
- 3x USB 2.0 & 1x 1394 FIREWIRE
- Wi-Fi® Intel® PRO/Wireless 2200BG (54Mpbs)

Takmarkað magn

62% afsláttur

**69.999**

131.988

179.988



**TOSHIBA**

PSL10E-00M01NED

**Toshiba Satellite L10-120**

- Intel® Celeron M 1.5GHz
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 60GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- Intel extreme graphics2 skjástýring 64MB
- DVD Super Multi brennari

Takmarkað magn

47% afsláttur

**69.999**

119.988

131.988



**MEDION**

MD42578

**MEDION C6 Centrino 2030**

- Intel® Pentium® M processor 1.5 GHz
- 15" XGA TFT
- Intel® Extreme Graphics 2 technology
- 256 MB DDRRAM 333MHz PC2700
- 40 GB UDMA 4200RPM Harður diskur
- DVD/CDRW combo drif

Takmarkað magn

55% afsláttur

**59.999**

119.988

131.988



**TOSHIBA**

PSM40E-05001QED

**Toshiba Satellite M40-133**

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 730 1.6 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn
- ATI M22P 64MB DDR skjástýring
- Super DVD Multi brennari

Takmarkað magn

50% afsláttur

**79.999**

143.999

155.999

BT

## Tilboðin gilda aðeins í BT Skeifunni

# ...ar á botnverði

## ...gar- og endurgerðarvélar!

**Tilboðin gilda aðeins í BT Skeifunni**




Takmarkað magn

**MEDION**

MD42575

**MEDION C8 CLAWHAMMER 17"**
- 17" WIDE-XGA TFT (1440x900)
- AMD Athlon™ 64 processor 3000+ -with PowerNow! Technology
- ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 -128MB DDR VIDEO
- 512 MB DDRRAM 333MHz PC2700 (2x256)
- 60 GB UDMA 4200RPM harður diskur
- DVD skrifari

**95.999**

179.988

239.988

60% afsláttur




Takmarkað magn

**MEDION**

MD95125

**MEDION M6 330**
- Intel® Celeron® M 1.4 GHz (330)
- 15" XGA TFT
- Intel Dynamic Video Memory Technology
- 512 MB DDRRAM 266MHz PC2100
- 40 GB Harður diskur UltraDMA 4200RPM
- Super DVDRW drive
- 4x USB 2.0
- Wi-Fi® Wireless (802.11g) (54Mpbs)
- 1x VGA, 1xTVOUT

**49.999**

89.999

131.988

62% afsláttur




Takmarkað magn

BT tryggir verðið merkið tryggir gæðin.

**TOSHIBA**

PSP30E-02F017G3

**Toshiba Satellite P30-116**
- Intel® Pentium® 4 548 3.33GHz
- Front Side Bus 533 MHz, 1MB, HyperThread
- 1024MB DDR Minni (Mest 2048MB)
- 100GB S.M.A.R.T. drif
- 17" Breiðtjaldsskjár (1440 x 900 upplausn)
- ATI MOBILITY™ RADEON™ 9700 AGPx8 skjástýring
- Super DVD Multi brennari

**155.988**

203.988

269.988

43% afsláttur




Takmarkað magn

**MEDION**

MD41607

**MEDION C6 Centrino 2040**
- Intel® Centrino 1.4GHz
- 512 MB DDRRAM 333MHz
- 40GB harður diskur
- 15" XGA skjár - 1024x768
- Intel® Extreme Graphics 2
- Super DVDRW - skrifari
- Wi-Fi® LAN (802.11g) - 54Mpbs

**69.999**

119.988

131.988

47% afsláttur




Takmarkað magn

**TOSHIBA**

PSL10E-00D009ED

**Toshiba Satellite L10E**
- Intel® Celeron® M 1.4 GHz
- 256MB DDR minni
- 40GB S.M.A.R.T. drif
- 15" TFT XGA (1024 x 768)
- Intel extreme graphics 2 skjástýring
- DVD drif og CD skrifari (Combo)

**49.999**

95.999

119.988

59% afsláttur




Takmarkað magn

**TOSHIBA**

PSA50E-06W059G3

**Toshiba Satellite A50-111**
- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 725 1.6 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 1024MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15" TFT XGA (1024 x 768)
- Intel® Extreme Graphics 2 16-64MB AGP 4x
- Super DVD Multi brennari

**69.999**

143.988

167.988

59% afsláttur

Með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.



**Tölvur á botnverði ...góðan daginn!**



**OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA Í BT SKEIFUNNI**

## Svona erum við

> Meðalhiti í Reykjavík í febrúar




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HÆÐIR OG LÆGÐIR

# *Mismunandi loftþrýstingur*

Allir Íslendingar kannast við hugtökin hæð, hæðarhryggur og lægðardrag úr veðurfréttatímum fjölmiðla. En hvað nákvæmlega þýða þessi hugtök og hvernig hafa þau svona mikil áhrif á líf íslenskra eyjaskeggja í miðju Atlantshafinu?



**Hvað er lægð?**
Lægð lýsir svæði þar sem loftþrýstingur er lágur á stóru svæði en slík lágþrýstingssvæði myndast að jafnaði á mörkum heitra og kaldra loftmassa. Þrýstilínur lægða eru mjög þéttar og mynda oftar en ekki lokaða hringi og þeim fylgir undantekningarlítið hvass vindur og úrkoma. Loftið er afar óstöðugt í lægðum sem útskýrir að hluta hvers vegna líftími þeirra er stuttur og þær ferðast hratt yfir. Lægðir endast yfirleitt ekki lengur en þrjá til fjóra daga í senn.

**Hvað er hæð?**
Á við um stórt svæði þar sem loftþrýstingur er hár. Þá eru þrýstilínur gisnar sem þýðir að loftið er mjög stöðugt og það er ávísun á stillt veður og bjart um talsvert langan tíma þar sem hæðir fara hægt yfir.

**Lægðardrag og hæðarhryggur?**
Draga nöfn sín af stærri kollegum sínum. Lægðardrag hagar sér að öllu leyti eins og lægð nema að þrýstilínur slíkra draga eru ekki lokaðar og ekki hringlaga. Hæðarhryggur blæs að sama skapi eins og hæð en er heldur ekki með lokaðar þrýstilínur.

## SPURT & SVARAÐ

PRÓFKJÖR

### *Gagnsæi og skýrar reglur*



**ARNAR ÞÓR STEFÁNSSON**
Lögfræðingur

Arnar Þór Stefánsson lögfræðingur skrifaði á dögunum pistil á heimasíðuna deiglan.com um leikreglur sem mikilvægt er að viðhafa í prófkjörum stjórnmálaflokka.

**Hver er lykillinn að því að halda lýðræðisleg prófkjör?**
Mikilvægast er að framkvæmdin sé gagnsæ og fari eftir fyrirfram ákveðnum reglum sem öllum frambjóðendum eru kunnar. Það verður að vera hafið yfir vafa að á engan frambjóðanda sé hallað við framkvæmd prófkjörsins.

**Hvaða leikreglur um framkvæmd prófkjara skipta mestu máli?**
Það skiptir mestu máli að frambjóðendur í prófkjörum geti sent eftirlitsmenn á sínum snærum til að fylgjast með framkvæmdinni á öllum stigum prófkjörsins, hvort sem er við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, á kjördaginn sjálfan eða við talningu.



**STARFSMANNAÞORPIÐ Í REYÐARFIRÐI** Eitt fjölmennasta þorpið á Austfjörðum lætur ekki mikið yfir sér og kannski eins gott því eftir tvö ár mun það heyra söguna til.

# Þorpið sem kemur og fer

**Eitt fjölmennasta þorpið á Austfjörðum er nú í miklum vexti. Fyrir tveimur árum var það ekki til og eftir tvö ár verður fátt til merkis um að það hafi nokkru sinni verið til. Framkvæmdirnar við álverið á Reyðarfirði hafa mikil áhrif á mannlífið og umhverfið á svæðinu.**

Verktakafyrirtækið Bechtel hóf framkvæmdir við álverið í Reyðarfirði í júlí í fyrra en áætlað er að þeim ljúki við árslok 2007. Nú starfa um það bil 1100 manns á svæðinu og verða um 1600 í sumar þegar umfangið verður sem mest því um 60 prósent af öllum framkvæmdunum fara fram á þessu ári.

Nú í vor verður Alcoa afhent skautsmiðjan við álverið og um sama leyti verður skorsteinn álversins reistur en hann mun tróna eina 78 metra upp í loftið eða ögn hærra en Hallgrímskirkjuturn. Við álverssvæðið er svo ein dýpsta höfn landsins, fjórtán og hálfur meter. Fimm kílómetrum frá álverssvæðinu er svo starfsmannaþorpið. Það lætur lítið yfir sér í fjallshlíðinni en er þó mun fjölmennara en Reyðarfjarðarbær sem lætur meira yfir sér við fjarðarbotninn.

**Góð samskipti við heimamenn**
„Austfirðingar hafa tekið okkur mjög vel og við höfum ekkert annað en gott að segja um þá undirverktaka sem vinna fyrir okkur," segir Björn Lárusson samskiptastjóri hjá Bechtel. „Við hvetjum okkar fólk til þess að eiga sem mest viðskipti við fyrirtæki hér á svæðinu og í frítímum ferðast margir starfsmanna okkar um svæðið. Ekkert hefur komið upp á í samskiptum okkar fólks við heimamenn enda leggur Bechtel mikið upp úr því að haga hlutum þannig að þessi samskipti séu sem best. Reyðfirðingar láta sér ekkert bregða þótt starfsmannaþorpið okkar sé orðið fjölmennara en Reyðarfjörður, þar búa um 700 manns en nú búa um 980 í starfsmannaþorpinu og verða um 1500 í sumar þegar umfangið verður sem mest.

Einu hnökrarnir sem ég get nefnt í samskiptum Bechtel við Íslendinga er sá að Íslendingar eiga oft erfitt með að skilja þann hátt sem viðhafður er í útboðum hjá fyrirtækinu. Hvert tilboð er ekki aðeins metið út frá verði heldur vega aðrir þættir eins og trúverðugleiki og annað mjög þungt. Þetta eiga þeir sem eiga lág tilboð oft erfitt með að skilja og verða gáttaðir að þeirra boði var ekki tekið," segir Björn.



**BJÖRN LÁRUSSON SAMSKIPTASTJÓRI** Björn á framkvæmdasvæðinu en fyrir aftan hann er verið að leggja síðustu burðarstólpana fyrir annan kerskálann.

**Pólverjarnir reynast vel**
Um þessar mundir vinna um 1.100 manns við álversframkvæmdir Bechtel í Reyðarfirði. Þar af eru um 740 Pólverjar, um 250 Íslendingar og svo aðrir af ýmsum þjóðernum. „Við kunnum afskaplega vel við Pólverjana," segir Björn. „Það er gott að sækja vinnuafl þangað því þar er þekkingin til staðar, þeir eru duglegir og svo er Pólland ekki í mikilli fjarlægð sem er einnig mikilvægt því starfsmennirnir fara yfirleitt heim á þriggja mánaða fresti. Annars er tilhögunin þannig að þeir vinna sex daga vikunnar, tíu tíma vaktir en fara svo í frí í nokkrar vikur eftir þriggja mánaða törn. Íslendingarnir kjósa hins vegar flestir að vinna í tíu daga og taka þá þriggja til fjögurra daga frí. Svo eru það menn eins og ég sem búa hér á Reyðarfirði en við vinnum fimm daga vinnuviku."

Nýlega var því fagnað að ekkert vinnuslys sem leiddi til fjarveru frá vinnu hafði orðið í milljón vinnustundir sem er mjög góður árangur að sögn Björns.

**Lífið í starfsmannaþorpinu**
Í starfsmannaþorpinu er stórt mötuneyti, nokkur tómstundaherbergi þar sem hægt er að leika ballskák, borðtennis, pílukast og fylgjast með kappleikjum eða öðrum viðburðum í sjónvarpi. Einnig er sjónvarp í hverju herbergi og svo í stofu hvers svefnskála. Hægt er að fylgjst með útsendingum frá fjölmörgum erlendum sjónvarpsstöðvum enda vilja menn fylgjast með gangi mála í sínu heimalandi.

Eins og í hverju þorpi er einnig samkomuhús í starfsmannaþorpinu en þar var til dæmis nýlega haldið fjölmennt þorrablót. Þar var einnig jólaskemmtun fyrir síðustu jól þar sem grunnskólabörn úr Fjarðabyggð sungu fyrir starfsmannaþorpsbúa, skreyttu fyrir þá jólatré og fræddust í leiðinni um jólasiði í öðrum löndum. Einnig er bókasafn í þorpinu með bókum og tímaritum frá ýmsum löndum og þar er hægt að nettengjast. Einnig er kaffihús þar sem jafnvel er hægt að kneifa öl en þó er lokað þar fyrir miðnætti enda mikilvægt að friður ríki á svæðinu þar sem menn standa vaktir á misjöfnum tímum sólarhrings.

Sandra Jónsdóttir sem nýlega fluttist í starfsmannaþorpið þar sem hún vinnur í móttökunni segir að félagslífið sé með mestu ágætum og andrúmsloftið hið besta. Vilji menn hins vegar sletta úr klaufunum er ráðlegra að skreppa í nágrannaþorpið í fjarðarbotninum.



FRÉTTASKÝRING
**JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON**
jse@frettabladid.is

**Hjörtur Oddsson**
**sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum**
opnar hinn 9. febrúar n.k. stofu í Læknasetrinu, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík.
Tímapantanir í síma 535 7700

Ekta verðverndardæmi
**ATIKA steypuhrærivél**
ATIKA Profi 145 S



AÐEINS Kr. 37.000,-
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
**MÚRBÚÐIN**
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

BEINLAUSAR OG SKINNLAUSAR

# Danskar, frosnar kjúklingabringur

EKKERT BRUÐL

Tilboðin gilda í viku 5 til sunnudags 5. feb. eða á meðan birgðir endast



DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
**1599** KR.
900g poki

bonus.is

## Madagaskar poppleikur

TAKTU MYND
-af þér með Madagaskar tattúið sem er inni í pakkanum og sendu hana á popp@innnes.is. Þá ert þú komin(n) í hóp mögulegra vinningshafa.

FJÖLDI VINNINGA
-m.a. heimabíó, myndavél og Madagaskar myndin á DVD.

Val á bestu myndunum verður 22. febrúar.




3 Í KASSA
**99** KR.

## Bónus býður betur!

Nú er Hunt's tómatsósa í kaupbæti með Bónuspylsunum!




BÓNUS PYLSUR
**599** kg KR.
FRÁ SÍLD OG FISK

EKKERT BRUÐL

HATTING hvítlauksbrauð með stutt geymsluþol




2 Í PAKKA
**59** KR.

Sjáðu verðið!

ERANLandlist




BÓNUS BEIKON
**799** kg KR.
FRÁ SÍLD OG FISK

BÓNUS SKINKA
**699** kg KR.
FRÁ SÍLD OG FISK

BÓNUS MALAKOFF
**719** kg KR.
FRÁ SÍLD OG FISK

BÓNUS ÁLEGG FRÁ SÍLD OG FISK

ERNO'S PITSUR Á TILBOÐI!




SALAMI PITSA
**95** KR.
350g

www.bonus.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Tekist verður á um stóriðjustefnuna í komandi kosningum.

# Mikil áhrif á stjórnmálin

Ýmsir hafa haft orð á því að undanförnu að svo virðist sem náttúruverndarsjónarmið eigi auknu fylgi að fagna í þjóðfélaginu. Kannski var ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar að leggja til hliðar áform um Norðlingaölduveitu birtingarmynd þess að stjórnvöld telja sig skynja hvernig straumarnir liggja. En það er ekki alltaf auðvelt að átta sig á því hvað almenningur vill. Nýleg könnun Gallup sýnir að þorri landsmanna telur unnt að sætta sjónarmið náttúruverndar og virkjana. Á ráðstefnu Samtaka atvinnulífsins í síðustu viku var enn fremur upplýst að samkvæmt könnunum er meirihluti landsmanna hlynntur auknum vatnsaflsvirkjunum og mikið fylgi er við áframhaldandi uppbyggingu áliðnaðar á Íslandi.

Kannanirnar munu gefa þeim byr í seglin sem telja nauðsynlegt að halda áfram uppbyggingu stóriðju sem krefst vatnsaflsvirkjana. Aftur á móti er líklegt að menn muni fara varlegar en áður í að spilla svæðum sem eru viðkvæm frá sjónarmiði náttúruverndar.

Stjórnvöld standa nú frammi fyrir freistandi tilboðum frá erlendum álfyrirtækjum. Allar líkur eru á því að þeim verði tekið og góðærið sem hér hefur ríkt þannig framlengt um nokkur ár. Við munum innan tíðar sjá stækkun álbræðslunnar í Straumsvík og kannski nýtt álver á Norðurlandi.

Það verður örugglega hart tekist á um stóriðju- og virkjanamálin á vettvangi stjórnmálanna. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarfokkurinn munu hafa forystu um frekari álvæðingu. Ætla verður að meirihluti kjósenda vilji fyrir alla muni halda hagvextinum áfram og veðji því á þessa flokka. Flestir munu flykkjast um Sjálfstæðisflokkinn en kannski á Framsóknarflokkurinn möguleika á viðreisn í þessari stöðu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð mun leiða andstöðuna. Þess eru þegar tekin að sjást merki í fylgiskönnunum. Flokkurinn er eini trúverðugi valkostur þeirra sem hafna stóriðju og virkjunum.

Álmálið skapar Samfylkingunni á hinn bóginn mikinn vanda og kann að gera að engu drauma hennar um að komast í ríkisstjórn. Flokkurinn hefur ekki skýra stefnu í stóriðjumálum, reynir í senn að vera „ábyrgur“ og ná til þeirra sem taka afstöðu á grundvelli tilfinninga. Byggðasjónarmið spila einnig inn í. Á Akureyri gagnrýnir Samfylkingin til dæmis stækkun álversins í Straumsvík á þeim forsendum að Norðlendingar eigi að vera á undan „í röðinni“. Í yfirlýsingu þingflokksins á mánudaginn eru talin upp ýmis atriði sem Samfylkingin telur að hafa verði að leiðarljósi áður en ákvörðun er tekin um nýtt álver. En séð frá bæjardyrum stóriðjuandstæðinga er þessi afstaða hálfvelgja sem engu máli skiptir. Þeir munu veðja á vinstri græna í von um að þeir geti snúið taflinu við.

Samfylkingin á erfitt með að losna úr klemmunni. Snúist hún á sveif með ríkisstjórninni tapar hún enn frekar tiltrú líklegra kjósenda sinna á vinstri vængnum og meðal ungs fólks. Fylgi hún hinni einföldu stefnu vinstri grænna er sennilegt að margir kjósendur á miðjunni treysti henni ekki lengur. Meðalvegurinn verður vandrataður. Vinstri grænir munu áreiðanlega uppskera vel þegar talið verður upp úr kjörkössunum og þess mun líklega gæta þegar í sveitarstjórnarkosningunum í vor, einkum á landsbyggðinni. En sá böggull fylgir skammrifi að þeir verða einangraðir og áhrifalausir sem fyrr. Varnarmálin eyðilögðu fyrir Alþýðubandalaginu um árabil og stóriðjumálin munu á sama hátt spilla samstarfi vinstri grænna og annarra flokka.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fallbeygir ekki

Vefþjóðviljinn fjallar um sigur Björns Inga Hrafnssonar í prófkjöri framsóknarmanna um helgina og virðist nokkuð sáttur við úrslitin. En ekki er vefritið ánægt með íslenskukunnáttu sigurvegarans. Hann „kann ekki að fallbeygja nafnið sitt og fór fram undir slagorðinu „Björn Ingi í 1. sætið“. Hann er svo sem ekki fyrsti frambjóðandinn sem ekki kann að beygja eigin nafn, en það væri óneitanlega ágætt ef frambjóðendur til ábyrgðarstarfa vissu hvað þeir heita í öllum föllum, sérstaklega þegar þeir segjast í kosningabaráttunni hafa áhuga á menntun barna og unglinga.“ Í gær mátti enn sjá beygingarvilluna í áberandi auglýsingu á vefsíðu Björns Inga, bjorningi.is.



### Á ensku

Áhrif enskunnar eru mjög til umræðu. Morgunblaðið gagnrýndi það á sínum tíma að önnur blöð væru farin að birta auglýsingar á ensku án þess að íslensk þýðing fylgdi með. Í leiðara 17. maí 2000 sagði blaðið: „Á Morgunblaðinu ber það oftar við en áður að auglýsendur senda inn auglýsingar með enskum texta. Að sjálfsögðu gerir blaðið þær kröfur að slíkir textar séu þýddir áður en þeir eru birtir. Hér er jafnvel um að ræða auglýsingar frá öflugum og virtum einkafyrirtækjum og virðulegum ríkisstofnunum. Er þetta til merkis um andvaraleysi, sem er einmitt skæðasti óvinur tungunnar.“ Frá þessari stefnu hefur blaðið greinilega horfið. Var það kannski þegar Matthías hætti? Um helgina var til dæmis auglýsing í Mogganum frá EFTA eingöngu á ensku.

### Veisluflokkur eða þögnin ein

Skoðanakannanir eru á allra vörum, ekki síst eftir að Morgunblaðið birti könnun Félagsvísindastofnunar. Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú í hverri könnuninni á fætur annarri með rúmlega 40 prósenta fylgi og eins og Egill Helgason segir á heimasíðu sinni; “Þetta gerist þrátt fyrir að Geir Haarde sé nánast ósýnilegur; í þau fáu skipti sem hann birtist virkar hann ólundarlegur.” Það er kannski bara betra að þegja í stað þess að vera á útopnu án þess að eiga innistæðu fyrir því sem sagt er. Eins og Morgunblaðið sagði í gær; “Þegar jafnvel náttfatapartí í sjónvarpinu duga ekki til að hífa upp fylgið, hvað er þá til ráða?”

gm@frettabladid.is

# Sagan öll í fréttatilkynningu

Í DAG
ÖLD ASÍU



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Nú er algengt að sjá menn leiða líkur að því að eftir ríflega fimmtán ár, þegar leikskólabörn samtímans fara í háskóla, verði meirihluti allrar framleiðslu heimsins í Asíu.*

Það gerðist ýmislegt í heiminum í fyrra. Fáar fréttastofur hafa líklega nokkru sinni lent í verulegum vandræðum á liðnu ári með að finna nógu margar erlendar fréttir til að fylla þann kvóta sem þær skammta tíðindum af heimsbyggðinni. Samt er ekki líklegt að ártalið 2005 verði mikið nefnt í sögubókum framtíðarinnar. Verði ártalið yfirleitt nefnt í almennum bókum um sögu mannsins er hugsanlegt að það verði í samhengi við annað ártal frá 19. öld og þá vegna máls sem vakti takmarkaða athygli þegar sagt var frá því í síðustu viku.

Málið var heldur ekki þannig vaxið að auðvelt væri að búa til úr því seljanlega frétt. Þetta var ekki skyndilegur atburður, enginn slasaðist, engir heimsfrægir menn komu við sögu, George Bush sagði ekkert um málið, engar kröfur voru uppi um neyðarfundi og engar hótanir um hryðjuverk. Það vantaði því innihald venjulegra frétta. Þess í stað var um að ræða fréttatilkynningu um þjóðhagsreikninga í Kína. Fréttin var ekki óvænt í ljósi þess að endurskoðun á reikningum þar eystra leiddi fyrir nokkru í ljós kerfisbundið vanmat á efnahagslegum umsvifum í landinu. Það endurmat kom engum á óvart sem hefur verið eitthvað að ráði í Kína því umsvifin þarna sýnast meiri en tölur hafa gefið til kynna. Niðurstaða tilkynningarinnar var einfaldlega sú að kínveska hagkerfið hafi farið fram úr því breska á nýliðnu ári. Það er áhugavert en svo sem ekki heimssöguleg frétt að Kína skuli verða orðið fjórða stærsta hagkerfi heimsins í stað þess að vera í fimmta sæti eins og í fyrra eða í sjötta sæti eins og í hitteðfyrra.

Það sem er sögulegt við tikynninguna og gæti komið árinu í bækur er að síðast þegar þessi tvö ríki, Bretland og Kína, höfðu sætaskipti í þessum efnum markaði það ekki einungis þáttaskil í sögu þeirra beggja heldur einnig kaflaskil í sögu heimsins. Í tvö þúsund ár og allt þar til nokkuð var liðið á 19. öldina var Kína til muna stærsta hagkerfi heimsins. Landið framleiddi sennilega meira af iðnvarningi þegar menn skrifuðu fyrstu orðin á skinn á Íslandi en öll Evrópa gerði fram undir 1800. Indland sem um aldir og árþúsund var ríkara en öll Evrópa fór að dragast aftur úr Bretlandi og Evrópu á sama tíma og Kína. Vesturlönd urðu ofan á í heiminum og bjuggu ekki aðeins til hnattrænt hagkerfi heldur einnig pólitískt alþjóðakerfi og ríkjandi heimsmenningu. Hlutdeild Asíu í framleiðslu heimsins lækkaði úr því að vera um það bil 60% í byrjun 19. aldar í að vera 15-20% þegar íbúar álfunnar brutust undan oki nýlendutímans um miðja síðustu öld. Síðan þá hefur hlutur Asíu vaxið stórlega og mun brátt tvöfaldast. Spár um framtíðina eru auðvitað aldrei nema misvitlausar og þeim ber að taka með fyllstu fyrirvörum. Enginn spáir þó öðru en áframhaldandi uppgangi í álfunni.

Nú er algengt að sjá menn leiða líkur að því að eftir ríflega fimmtán ár, þegar leikskólabörn samtímans fara í háskóla, verði meirihluti allrar framleiðslu heimsins í Asíu. Svipaðir útreikningar gera ráð fyrir að eftir innan við aldarfjórðung verði allt að 60% af framleiðslu heimsins í Asíu. Þá fyrst yrði skerfur álfunnar af efnahagslífi heimsins jafn hlutdeild hennar í mannfjölda jarðarinnar, og jafn því sem hann var áður en hnignun Asíu og uppgangur Vesturlanda hafði endaskipti á skipan heimsins fyrir ekki svo löngu síðan.

Ef veruleikinn verður í einhverri líkingu við þessar spár mun þetta gersamlega breyta öllum aðstæðum í efnahagslífi, stjórnmálum og menningu heimsins. Menn geta litið á þessa þróun sem ógn eða tækifæri. Forræði Vesturlanda í efnahagslífi og stjórnmálalífi heimsins er augljóslega ógnað af þessari þróun og því má reikna með óskynsamlegum viðbrögðum og alls kyns átökum í kringum þá feiknarlegu strauma sem af henni leiða. Fyrir smáþjóð af okkar tagi skiptir hins vegar öllu að menn finni tækifæri í þeim gífurlegu umskiptum í atvinnulífi heimsins sem þegar eru hafin. Menn hafa verið einkar duglegir við að finna ný tækifæri að undanförnu en lykla að frekari velgengni er líklega helst að finna í bættu menntakerfi. ■


MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



**LOGI TÓMASSON**
Hress og skemmtilegur fimm ára strákur segir frá.
BÖRN 2



**SCANIA R500 KRANABÍLL**
Einn sá glæsilegasti á landinu að innan sem utan
BÍLAR 5


# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


## ALLT HITT

**[NÁM, FERÐIR, BÍLAR OG BÖRN]**

**Nýir** ferðabæklingar hinna dönsku ferðaskrifstofa Apollo og Kuoni má nálgast í útibúi þeirra hér á landi en það er staðsett í Hlíðasmára í Kópavogi.

**Byrjað** er að taka við framboðum fyrir lausar stöður í stjórn ferðaklúbbsins 4x4 en kosið verður um lausar stöðar á aðalfundi félagsins í maí næstkomandi. Sæti munu losna í stjórn og öllum nefndum.

**Bílaleigubíla** er hægt að fá á veglegu tilboði hjá Hertz bílaleigunni. Um er að ræða svokallað helgar- og einnig flugvallartilboð. Má þar fá ýmsa bíla á hagstæðum kjörum.

**Doktorsvörn** verður í hátíðarsal Háskóla Íslands á föstudaginn klukkan 13. Þar mun Þórunn Ósk Þorgeirsdóttir verja ritgerð sína Mónóglýserið til meðferðar á húð- og slímhúðarsýkingum: þróun lyfjaforma. Allir eru velkomnir.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 1. febrúar, 32. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.08 | 13.41 | 17.15 |
| Akureyri | 10.06 | 13.26 | 16.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Sonja Stefánsdóttir lýkur verklegu námi í nuddi í vor.

# Gefandi að nudda fólk

***Sonja Stefánsdóttir er að læra nudd í Nuddskóla Íslands. Hún segist vera í frábærum hópi í skólanum.***

Sonja er búin með bóklega nuddnámið og klárar verklega námið í vor. Hún segir að bóklega námið taki þrjú ár fyrir þá sem hafa aðeins lokið grunnskóla og sé kennt í Fjölbrautarskólanum í Ármúla. „Ég var búin með stúdentspróf þegar ég byrjaði svo ég tók bara viðbótarfögin í fjarnámi og var í eitt og hálft ár að því,“ segir Sonja. Hún segir að verklega námið taki síðan eitt ár og eftir það þurfi nemendur að vinna ákveðinn fjölda tíma áður en þeir útskrifast. „Það tekur að minnsta kosti ár í viðbót því það þarf að ljúka þúsund tímum til þess að geta útskrifast.“

Sonja segir að nemendur geti unnið heima hjá sér á meðan þeir safna tímum ef þeir eru með aðstöðu til þess og svo geti þeir fengið að nota aðstöðuna í skólanum. „Margir fara að vinna á stofum og það gengur venjulega best að safna tímum þannig. Þegar ég klára verklega námið í vor fer ég væntanlega að vinna á snyrtistofunni Hrund í Kópavogi og safna tímum þar,“ segir Sonja.

Sonja segir að þeir sem vilji geti fengið ódýra nuddtíma hjá nemendum í Nuddskóla Íslands. „Það er hægt að finna nöfn og símanúmer allra nemenda á heimasíðu Nuddskólans og svo getur fólk bara hringt í okkur og pantað tíma.“ Hún segir að hópurinn sem hún er með í skólanum sé alveg frábær. „Við erum að upplifa svo margt skemmtilegt saman og erum búin að eignast vini fyrir lífstíð í skólanum.“

Sonja er mjög ánægð með námið og segir að nuddið sé gefandi. „Mér finnst gaman að geta hjálpað fólki. Þetta snýst ekki bara um að fá fólk inn og senda það svo út aftur heldur að fást við vandamál þess og klára dæmið.“

*emilia@frettabladid.is*


**Rýmingarsala**
**Verslunin hættir**
Videospólur frá 100 kr. um 8000 titlar
Allir DVD diskar um 1000 titlar 500 kr.
**Videospólan**
Holtsgötu 1. S. 551 6969
Opið 17 - 23





Við hjálpum þér af stað...
byrjaðu að spara reglulega og SPK leggur þér lið við fyrstu innborgun

- Auka innborgun frá SPK við upphaf sparnaðar
- Fjölbreyttar sparnaðarleiðir
- Góð ávöxtun
- Sveigjanleiki, hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn eftir hentugleika
- Góð yfirsýn í Heimabanka

eitt símtal... og þú byrjar að spara
515 1950
spk

Sparisjóður Kópavogs – Hlíðasmára 19 – Digranesvegi 10 – Select við Smáralind – Sími: 515 1950 - Fax: 515 1909 - www.spk.is - spk@spk.is



**Börn** hafa gaman af því að tala. Það er ágætt að fara yfir daginn með börnunum á kvöldin og leyfa þeim að segja frá því sem þau upplifðu.








Loga finnst skemmtilegra að leika úti á leikskólanum en vera inni að púsla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skemmtilegast af öllu að spila fótbolta inni

***Logi Tómasson stefnir að því að verða flugmaður, slökkviliðsmaður, þyrlumaður eða löggumaður.***

Logi er fimm ára strákur á leikskólanum Skógarborg og finnst skemmtilegast úti. „Mér finnst ekki gaman að púsla en stundum þarf ég að gera það því fóstrurnar ráða. Stundum megum við fara í pleymó. Það er ágætt,“ segir hann og bætir við „en Hjalta vini mínum finnst mest gaman að segulkubba.“ Þar sem ein amma er nýbúin að vera í heimsókn á Skógarborg er Logi spurður hvað hún hafi sagt börnunum. „Hún var að segja okkur hvernig var í gamla daga, þá lék hún sér með bein og kjálka og horn, líka hrútshorn.“ Sjálfur hefur hann aldrei leikið sér með svoleiðis en fellst á að kannski væri gaman að prófa að fara inn í gamla tímann í einn dag. Samt er meira gaman að hugsa um framtíðina en Logi er ekki alveg búinn að ákveða hvað hann langar að verða. „Ég ætla að verða flugvélamaður, slökkviliðsmaður, þyrlumaður eða lögga. Svo langar mig líka að spila á hljóðfæri, helst túbu sem er svona bogin niður. Ég vil ekki læra á klarinett og ekki saxófón, bara túbu. Það er líka til óbó, það er svolítið falskt, eins og gömul kerling sé að syngja. Ég kann að spila eitt lag á píanó, eða eiginlega bara hálft. Það er Gamli Nói.“

Logi á þrjú systkini. „Ég á tvo bræður sem eru tvíburar og alveg jafngamlir. Þeir eru bara eins árs og svo á ég stóra systur sem er 10 ára,“ segir hann og bætir við grallaralegur, „hún stríðir mér stundum og ég stríði henni“. Þegar Logi er spurður hvað honum þyki allra skemmtilegast að gera stendur ekki á svari: „Spila fótbolta inni!“ En má það? „Nei... eða jú ...ef ég sparka upp stigann!“






# Alvarlegir fylgifiskar

***Mikilvægt er að foreldrar setji börnum sínum mörk hvað varðar tölvunotkun og leyfi ekki tölvur í herbergjum þeirra.***



Tölvunotkun barna er áhyggjuefni margra foreldra. Þetta kom fram í erindinu „Tölvufíkn“ sem sálfræðingurinn Björn Harðarson hélt á fræðslufundi um áhrif tölvunotkunar á ungt fólk.

Strákar eru oftar í tölvuleikjum en stelpur oftar á spjallrásum og sagði Björn algengara að strákar ánetjuðust tölvuleikjum. Leikir sem spilaðir eru á netinu geta verið sérlega hættulegir. Þar eru krakkar oftar en ekki að spila við aðra krakka í gegnum netið og eiga erfitt með að ákveða að hætta.

Þunglyndi, lágt sjálfsmat og kvíði eru meðal þess sem of mikil tölvunotkun getur leitt af sér. Björn sagði bestu leiðina út úr vandanum að vinna með foreldrum. Þeir þyrftu að setja börnum sínum tímamörk á tölvunotkun og koma tölvunni út úr barnaherberginu.

*(Upplýsingar fengnar af lydheilsustod.is)*

## leikhús }



Leikstjórinn Sigrún Edda lék Ronju Ræningjadóttur fyrir tólf árum síðan.

## Af rassálfum og fleiri furðuverum

BARNASAGAN RONJA RÆNINGJADÓTTIR KEMUR AFTUR Á SVIÐ Í BORGARLEIKHÚSINU.

Þann 12. febrúar verður Ronja Ræningjadóttir frumsýnd á Stóra sviði Borgarleikhússins.

Eins og flestir vita er þessi vinsæla barnasaga eftir Astrid Lindgren en Þorleifur Hauksson þýðir hana.

Sigrún Edda Björnsdóttir leikstýrir verkinu en hún sjálf lék Ronju í uppsetningu Borgarleikhússins fyrir 12 árum síðan. Arftaki hennar er Arnbjörg Hlíf Valsdóttir en Friðrik Friðriksson verður í hlutverki Birkis Borkasonar.

Meðal annarra leikara eru Þórhallur Sigurðsson og Sóley Elíasdóttir sem foreldrar Ronju og Eggert Þorleifsson sem öldungurinn Skalla-Pétur. Auk þess verða fimm börn í sýningunni ásamt ýmsum rassálfum og öðrum furðuverum.





allt tilboð
Alla föstudaga





Verið er að endurhanna þjónustusvæði Bláa lónsins. Fyrirhugað er að bæta við nýjum matsal, stækka búningsaðstöðu og verslunaraðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Betrumbætur í Bláa lóninu

*Unnið er að stækkun búnings- og baðaðstöðu í Bláa lóninu. Einnig verður nýr veitingasalur tekinn í notkun og verslunaraðstaða stækkuð til muna.*

Framkvæmdir eru nú hafnar við Bláa lónið við stækkun og endurhönnun búnings- og baðaðstöðu lónsins. Gert er ráð fyrir að gestir fái með þessu aukið rými en húsnæðið verður alls stækkað um 300 fermetra, sem er tvöfalt stærra en búningsaðstaðan er í dag.

Einnig verða gerðar breytingar á núverandi veitingasal og verður nýr 250 manna salur tekinn í notkun. Verslunar- og starfsmannaaðstaða verður einnig stækkuð til muna.

Stærstur hluti framkvæmdanna fer fram bak við núverandi húsnæði og því ættu gestir Heilsulindarinnar ekki að verða mikið varir við raskið. Innisundlauginni og Hellinum hefur þó verið lokað um stundarsakir.

Áætluð verklok eru vorið 2007 og er áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar 800 milljónir.



Framundan er ráðstefna sem miðar að því að ferðaþjónustuaðilar líti á aðgengi fatlaðra sem eðlilegt gæðaviðmið. Yfirskrift námstefnunnar er Ferðaþjónusta fyrir alla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ferðaþjónusta fyrir alla

*Í lok febrúar verður haldin námstefna undir yfirskriftinni Ferðaþjónusta fyrir alla. Markmiðið er að hvetja ferðaþjónustuaðila til að hugsa um aðgengi fatlaðra.*

Norræn nefnd um málefni fatlaðra hefur stýrt verkefni sem hefur yfirskriftina Ferðaþjónusta fyrir alla. Verkefnið er fyrir alla þá sem starfa í ferðagreinum og einnig fyrir þá sem bera ábyrgð á ferðamálum innan stjórnsýslunnar.

Samgönguráðuneytið, Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofa og Öryrkjabandalagið standa fyrir námstefnu þann 24. febrúar undir sömu yfirskrift. Markmið námstefnunnar er að hvetja þá er starfa í og við ferðaþjónustuna til að líta á aðgengi fatlaðra sem eðlilegt gæðaviðmið. Ferðaþjónusta fyrir alla snýst um að allir, óháð hvaða fötlun þeir búa við, geti ferðast þangað sem þeir óska og á við allt sem snertir ferðamennsku.

Jafnframt er vonast til þess að ferðaþjónustan sjái hag sinn í því að hafa aðgengi sem hluta af markaðssetningu og upplýsingagjöf um norræna staði og draga þannig til sín fleiri viðskiptavini utan Norðurlanda.

# Hvert skal haldið?

*Á vefsíðunni utivera.is má finna greinargóðar upplýsingar um ýmis skíðasvæði víðsvegar um heiminn.*



Nú þegar páskafríið er innan seilingar hyggja margir á skíðaferðir. Mikilvægt er að vita hvað það er sem skíðamenn vilja fá út úr ferð sinni og að skíðasvæðið sem farið er á uppfylli þær kröfur.

Á vefsíðunni utivera.is er búið að taka saman upplýsingar um sex skíðasvæði víða um heim ásamt nokkrum vatnaskíðastöðum fyrir þá sem vilja breyta til. Á vefsíðunni má finna upplýsingar um fjölda lyfta og þjónustu á viðkomandi svæði. Einnig eru tenglar inn á viðkomandi skíðasvæði fyrir nánari upplýsingar.

## ferðalög }



### Námskeið fyrir byrjendur

SUNNUDAGINN 5. FEBRÚAR ÆTLAR ÚTIVIST AÐ SKELLA SÉR Á GÖNGUSKÍÐI EF VEÐUR LEYFIR.

Boðið verður upp á námskeið í skíðagöngu fyrir byrjendur í samvinnu við Skíðasamband Íslands. Farið verður í grunntækni í skíðagöngu, kennt verður í tvo tíma og svo verður farinn æfingahringur. Námskeiðið hentar einnig vel fyrir þá sem vilja bæta göngutækni sína. Leiðbeinandi á námskeiðinu verður Auður Ebenesardóttir og fararstjórn verður í höndum Steinars Frímannssonar.



### Sameining á ferðamarkaði

EXIT EHF. KEYPTI Í VIKUNNI FERÐASKRIFSTOFU ÍSLANDS.

Ferðaskrifstofan Exit ehf., eigandi Sumarferða, hefur keypt Ferðaskrifstofu Íslands, sem er eigandi Úrvals Útsýnar og Plúsferða, af FL Group. Með kaupunum eru Sumarferðir, Plúsferðir og Úrval Útsýn orðnar að sama fyrirtæki og er markaðshlutdeild fyrirtækisins um 60 til 65 prósent. Fyrstu samlegðaráhrifa af sameiningunni verður vart í samnýtingu flugvélasamninga. Eigendur Sumarferða eru Helgi Jóhannsson, Þorsteinn Guðjónsson, Gunnar Fjalar Helgason og Margrét Helgadóttir.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

**Tallinn og Pétursborg**
Beint flug vorið 2006
frá Keflavík og Akureyri
Miðaldaborgin Tallinn í Eistlandi eða hin stórkostlega Pétursborg í Rússlandi
Flogið beint til Tallinn og keyrt þaðan til Pétursborgar



| | | |
|---|---|---|
| Frá Keflavík: | Pétursborg | Tallinn |
| 8. - 15. apríl | uppselt | uppselt |
| 15. -20. apríl | 59.050 kr. | 57.500 kr. |
| Frá Akureyri: | Pétursborg | Tallinn |
| 12. - 16. apríl | 57.700 kr. | 55.500 kr. |
| 13. - 17. apríl | uppselt | uppselt |

Aðeins örfá sæti eftir frá Akureyri 12.- 16.apríl.
Innifalið: Flug, skattar, hótel, rútuferðir og íslenskur fararstjóri.
Trans - Atlantic
Trans - Atlantic ehf • Sími 588 8900 • Símbréf 588 8950 • www.transatlantic.is

allt matur
Alla föstudaga

**Fyrst á ströndina**




Þú ert í forgangi hjá Avis

Avis býður farþega velkomna í þjónustu okkar á nýjum áfangastað Icelandair í **Sanford**, Orlando Flórída.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að bíða eftir bílnum - bíllinn bíður eftir þér.

**Flórída - verð frá kr. 13.900 á viku**
m.v. A flokk - Innifalið í verði: ótakmarkaður akstur, tryggingar, flugvallargjald, 1 tankur af bensíni, 1 aukabílstjóri og skattar.

We try harder.®
Við leggjum okkur fram
AVIS
Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is
hausverk / SÍA / 6339

**Heimanám** er mikilvægur hluti alls náms. Nú er janúar að enda og ástæða til þess að fara að taka heimanámið alvarlega aftur eftir jólafrí.



PhotoReading / MyndLestur
* lestrar- og námstækni
* miklu öflugri en hraðlestur
* margfaldar lestrarhraðann
* eykur einbeitingu og skilning
15 klst. námskeið
www.namstaekni.is • www.photoreading.is
Námstækni ehf. • Ármúla 40, 2h. • s. 899 4023 • jona@namstaekni.is

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.
"Ég hef margfaldað lestrarhraða minn."
Monika Freysteinsdóttir, 22 ára Háskólanemi.
Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.
...næsta námskeið 15. febrúar
Námsflokkar Hafnafjarðar – hraðlestrarnámskeið – 16. febrúar
Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400
HRAÐLESTRARSKÓLINN

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.
En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**
NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Gerður nýtur þess að prjóna fallega kjóla á ömmubarnið.

# Kennir byrjendum og lengra komnum að prjóna

***Gerður Kristjánsdóttir ætlar að bjóða upp á prjónanámskeið heima hjá sér og byrjar í næstu viku.***

„Nemendur koma með garnið og prjónana sjálfir því það þurfa þeir að eiga. Ég sé fyrir mér að þeir geti líka komið bæði með sýnishorn og blöð sem þeir vilja fara eftir og ef þeir hafa einhverjar hugmyndir sjálfir sem þeir vilja hrinda í framkvæmd þá er ég tilbúin að hjálpa þeim við það," segir Gerður Kristjánsdóttir sem er að setja upp prjónanámskeið þar sem hún kennir bæði byrjendum og lengra komnum. Hún leiðbeinir þeim í gegnum alla örðugleika og vill ekki skilja við þá fyrr en þeir eru búnir að læra að ganga frá flíkinni. En hvernig verður fyrirkomulagið og hversu langan tíma heldur hún að það taki að koma hverjum og einum inn í prjónaskapinn?

„Ég miða við að vera með sex nemendur í einu og að hver og einn verði hjá mér í fimm kvöld. Tímarnir verða frá 20-23 á þriðjudögum og fimmtudögum og byrja næsta þriðjudag."

- Hjá þér segirðu. Þú ætlar að vera með þetta heima hjá þér í Jörfalindinni? „Já, ég legg bara stofuna undir námskeiðið og þar ættum við að geta haft það huggulegt," segir Gerður brosandi og kemur símanúmerinu á framfæri, það er 860 8858. Hún tekur líka fram að hún prjóni eftir pöntun.

Sjálf hefur Gerður iðkað prjónaskap lengi að eigin sögn. „Ég var svo heppin að alast upp við margs konar hannyrðir þannig að ég tileinkaði mér fljótt ýmsar aðferðir. Ég prjóna peysur bæði á sjálfa mig og aðra, bæði með útprjóni og bekkjamynstri – lopapeysur þess vegna. Undanfarið hef ég mest verið í barnafötunum þar sem ég á nú barnabarn. Svo hef ég fengist við dúkaprjón líka og get veitt tilsögn í því ef áhugi er fyrir hendi. Ég bind mig ekki við neitt sérstakt heldur vona að ég geti orðið þeim að liði sem vilja auka færni sína í prjónaskap."



Gerður Kristjánsdóttir með prjónana sína. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

gun@frettabladid.is

# Kynhneigð, menning og saga

***Í vetur eru kennd námskeið í samkynhneigðum fræðum á vegum námsbrautar í kynjafræðum. Samhliða námskeiðinu verða fluttir fyrirlestrar í Odda, Háskóla Íslands, sem eru opnir öllum.***

Á vegum námsbrautar í kynjafræðum er kennt inngangsnámskeið þar sem varpað er ljósi á sögu samkynhneigðra á Íslandi. Samhliða þeim kúrsi er fyrirlestraröðin Kynhneigð – menning – saga.

Þann 27. janúar mun Halldór Guðmundsson ræða um hugleiðingar Halldórs Laxness um kynhneigð á þriðja áratugnum. Föstudaginn 10. febrúar ræðir Þorgerður H. Þorvaldsdóttir um samkynhneigð og refsilöggjöf árin 1869 til 1992. Einnig verða fyrirlestrar 24. febrúar, 10. mars og 7. apríl en þann 24. mars mun Anna Einarsdóttir fjalla um staðfesta samvist samkynhneigðra.

Fyrirlestrarnir eru opnir öllum og hefjast klukkan tólf. Að þeim loknum gefst áheyrendum kostur á að bera fram fyrirspurnir og taka þátt í stuttum umræðum. ■



Í Odda verða haldnir fyrirlestrar um stöðu og sögu samkynhneigðra á Íslandi.


**Hreinir bílar** eru eðlilega meira aðlaðandi en óhreinir. Það þarf ekki að vera mikil vinna að halda bílnum hreinum en eykur ánægju ökuferða.



Sigurður Jónasson stendur hér við Scania R500 kranabílinn.

# Einn glæsilegasti kranabíll landsins

***Sigurður Jónasson vörubílstjóri á nýjan og glæsilegan Scania R500 kranabíl. Bíllinn er allur hinn glæsilegasti og einkum og sér í lagi er vel búið að bílstjóranum.***

Sigurður Jónasson hefur verið vörubílstjóri í 31 ár og segir hann nýja bílinn hafa marga kosti fram yfir gamla bílinn sinn sem þó hafi reynst vel. „Breytingin er nú mest í krananum, hann er stærri og svo er bíllinn sá fyrsti hér á landi sem er útbúinn sex þrýstitjökkum sem auka stöðugleikann til muna þegar unnið er með krananum," segir Sigurður. Krani bílsins er af HIAB gerð og getur hann lyft rúmum þremur tonnum í átján metra fjarlægð frá bílnum. Ef aukafingri er bætt við kranann getur hann teygt sig 32 metra upp í loftið.

Auk annarra nýjunga nefnir Sigurður sérútbúna rennu eftir miðjum palli bílsins sem er ætlaður fyrir bátakjöl sem auðveldar til muna flutning á bátum. Auk þess er hægt að lengja sjö metra langan pall bílsins um tæpa tvo metra með vökvadælu.

Bíllinn, sem er sjálfskiptur, er fimm hundruð hestöfl og vegur 26 tonn. Bíllinn er eins og áður segir Scania gerðar, sem er sænskt merki, en yfirbygging hans og pallur eru finnskrar gerðar og var bíllinn settur saman þar í landi. Pallurinn er einkar lágbyggður og hentar því mjög vel þegar flytja þarf háan farm.

Sigurður segir bílinn hafa reynst afar vel og er hann ekki hvað síst ánægður með hversu vel er búið að bílstjóranum sjálfum. „Það er nánast allt það nýjasta í þessum bíl sem boðið er upp á í svona bíla í dag. Ekkert er til sparað því að á bílnum er lúxuskojuhús og sætin eru klædd leðri," segir stoltur eigandi bílsins.

Bíll sem þessi kostar tæpar þrjátíu milljónir króna. ■

# Fellibylsbílar á markaðinn

***Óprúttnir einstaklingar í suðurhluta Bandaríkjanna reyna nú að selja fólki hálfónýta bíla sem urðu fyrir skemmdum í fellibyljahrinunni miklu í fyrra.***

Þegar fellibylirnir Katrín og Ríta herjuðu á suðurhluta Bandaríkjanna í fyrra skildu þeir eftir sig slóð eyðileggingar. Má þar til dæmis nefna fjöldan allan af bílum sem annaðhvort skemmdust eða urðu fyrir töluverður tjóni vegna vatnsskemmda.


Talið er að um 571 þúsund bílar hafi orðið fyrir einhvers konar skemmdum í fellibyljunum sem skóku norðurhluta Mexíkóflóa í fyrra.

Talið er að allt 571 þúsund bílar hafi orðið fyrir einhverjum skemmdum og talið er að mikill hluti þeirra muni fara á markað í öðrum hlutum Bandaríkjanna sem ekki urðu fyrir barðinu á fyllibylunum. Ýmsir braskarar hafa þannig keypt bíla fyrir lítin pening og sent þá síðan á ýmsar bílasölur um Bandaríkin eftir að hafa lagað örlítið upp á útlit þeirra. Raf- og öryggiskerfin í bílunum er samt yfirleitt mjög skemmd auk þess sem bílar sem lent hafa í flóðum ryðga oftast mjög fljótt.

Íslendingar hafa aukið gríðarlega verslun með bíla í gegnum bandarískan markað og því skulu hugsanlegir kaupendur hafa varann á. Best er að skoða sögu ökutækisins og athuga hvort bíllinn hafi verið skráðir í fylkjum suðurhluta Bandaríkjanna á síðasta ári og tryggja þannig að bíllinn hafi ekki lent í veðurhamförunum miklu. ■

## Hálendisbókin á betra verði

MEÐLIMIR FÉLAGS ÍSLENSKRA BIFREIÐAEIGENDA, FÍB, FÁ HÁLENDISBÓKINA Á VEGLEGUM AFSLÆTTI.



Hálendisbókin sýnir og lýsir flestum vegum og ökuleiðum sem hægt er að finna á hálendinu fagra. Með bókinni fylgir geisladiskur með myndskeiðum af 80 vöðum á hálendi Íslands. Þessa veglegu bók geta meðlimir FÍB nú fengið á 40% afslætti en hún er til sölu á heimasíðu félagsins, fib.is, og á skrifstofu félagsins i Borgartúni. Hana má auk þess finna í öllum helstu bókabúðum landsins.


Bassabox
10", 12", 15", einföld
Kr. 4.995,-
10", 12", 15", tvöföld
Kr. 7.995,-
AG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.agmotorsport.is

Nýtt!

PCI YUKON Full Lid
Mikið úrval af geymslukistum á flestar tegundir pallbíla

PCI YUKON Gull Wing
2228 / Taktik 27.01.06
Bílanaust
Bildshöfða 9 • 110 Reykjavik • Sími: 535 9000
Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is
PCI FILTERMAG WeatherTech

allt hús
Alla mánudaga

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar

Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Gott til síðasta dropa

Miðvikudagur 1. febrúar 2006 – 4. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



General Motors
Þjóðartákn í vanda
10





Icelandair
Halda í horfinu eftir metár
12-13





Fyrirkomulag gengismála
Krónan betri en evran
22







**VERSLAÐ Í MATINN** Væntingar neytenda minnkuðu lítillega í janúar frá fyrri mánuði en standa engu að síður í sögulegu hámarki.

## Dregur úr væntingum

Lítillega hefur dregið úr væntingum neytenda til efnahagsástandsins, samkvæmt nýútkominni væntingavísitölu Gallup. Vísitalan lækkaði lítillega í janúar frá fyrri mánuði og mælist nú 126,5 stig.

Væntingar eru engu að síður í sögulegu hámarki, segir í Morgunkornum Íslandsbanka, og er vísitalan langt yfir hundrað stigum sem táknar að mun fleiri svarendur horfa jákvæðir til framtíðar.

Tæp fimmtíu prósent svarenda töldu efnahagsástand í landinu gott en tæplega fjórtán prósent sögðu það slæmt. Tuttugu prósent þátttakenda töldu að efnahagsástandið yrði verra eftir hálft ár, en fjórtán prósent að það ætti eftir að batna. -jsk

## Erlend kaup aldrei meiri

Íslendingar keyptu erlend verðbréf fyrir 123,5 milljarða króna á síðasta ári og hafa aldrei keypt meira. Erlend verðbréfakaup námu tæpum 76 milljörðum árið 2004. Lífeyrissjóðirnir eru stærstir einstakra fjárfesta en eign þeirra hafði vaxið um 68 milljarða króna í lok nóvember og nam þá tæplega fjórðungi eignasafns þeirra.

Fram kemur í Morgunkornum Íslandsbanka að í ljósi hás gengis krónunnar megi búast við að fjárfestingar innlendra aðila á erlendum verðbréfum verði áfram töluverðar en að úr dragi með lækkandi gengi krónunnar. -jsk

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Ekki skoðuð** | Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur komist að þeirri niðurstöðu að FL Group hafi ekki verið skylt að tilkynna um kaupin á Sterling hér á landi.

**Sagan endalausa** | Old Mutual hefur greint frá því að félagið hafi eignast um 72 prósent atkvæða og hluta í Skandia og ætli enn að framlengja yfirtökutilboðið.

**Þriðjungsaukning** | Svo virðist sem fjárfesting hafi aukist um tæpan þriðjung frá fyrra ári. Svo hröð aukning hefur ekki átt sér stað síðan 1998.

**Fjórði stærsti** | Tryggingamiðstöðin er orðin fjórði stærsti hluthafinn í sænska fjármálafyrirtækinu Invik og er hlutur fyrirtækisins 4,5 prósent.



**Tólfta hækkunin** | 0,25 prósenta stýrivaxtahækkun Seðlabankans á fimmtudag var tólfta vaxtahækkun bankans frá því í maí árið 2004.

**Yfir spám** | Tæplega 50 milljarða hagnaður varð af starfsemi KB banka fyrir árið 2005 og var síðasti fjórðungur sá besti í sögu bankans.

**Methagnaður** | Landsbanki Íslands skilaði methagnaði upp á 25 milljarða króna fyrir árið 2005 sem var í samræmi við spár greiningaraðila.

**Novator kaupir** | Fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur keypt hlut í næststærsta fjarskiptafyrirtæki Breta, Cable & Wireless.

**H&M hagnast** | Tískuverslunarkeðjan H&M hagnaðist um 110 milljarða króna á árinu 2005 sem er 23 prósenta aukning frá fyrra ári.

# KB banki í hópi 25 stærstu á Norðurlöndum

## Einn áttundi af markaðsvirði Nokia, stærsta fyrirtækis Norðurlanda. Stekkur upp um fimm sæti frá áramótum.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

KB banki er kominn í hóp 25 stærstu skráðra fyrirtækja á Norðurlöndum og er það fyrirtæki sem vex hvað hraðast á lista hinna stærstu. Um áramótin var virði bankans um 490 milljarðar króna en í janúar hækkaði gengi bankans um rúman fimmtung sem svarar til 110 milljarða króna.

Þessi mikla hækkun á árinu þýðir að bankinn hefur skotist fram úr þekktum skandinavískum félögum og er orðinn stærri en Electrolux, Orkla og Scania. Fyrir rétt rúmu ári var virði KB banka um 320 milljarðar króna og hefur því þannig stækkað um 90 prósent.

Á listanum yfir tíu stærstu fyrirtækin eru þrjú sænsk fyrirtæki, þrjú dönsk, tvö norsk, eitt finnskt og eitt fyrirtæki sem skilgreinir sig sem skandinavískt.

Langefst trónir finnski farsímaframleiðandinn Nokia en fyrirtækið er metið á rúma fimm þúsund milljarða króna og er þar með átta sinnum verðmætari en KB banki. Nánast jöfn í öðru og þriðja sæti eru norski olíuframleiðandinn Statoil og sænski farsímafyrirtækið Ericsson, sem eru metin á um 3.500 milljarða króna.

Danska fyrirtækjasamsteypan A.P. Møller-Mærsk, sem seldi Maersk Air til Sterling á síðasta ári, er fjórða stærsta félagið en nokkuð á eftir koma orkufyrirtækið Norsk Hydro, tískuverslunarkeðjan Hennetz & Mauritz (H&M) og Nordea Bank.

Athygli vekur að Nordea, sem er stærsti bankinn á Norðurlöndum, vermir aðeins sjöunda sæti listans en virði bankans er um 1.800 milljarðar króna. Nú vantar um tólf prósenta hækkun á markaðsvirði KB banka til að hann nái sjöunda sætinu af Sampo yfir stærstu fjármálafyrirtæki Norðurlanda.

Inn á listann vantar risafyrirtæki sem eru ekki á hlutabréfamarkaði eins og til dæmis IKEA.

### STÆRSTU FYRIRTÆKI NORÐURLANDANNA

| | Land | Markaðsvirði |
|---|---|---|
| 1 Nokia | Finnland | 5.034 |
| 2 Statoil | Noregur | 3.514 |
| 3 Ericsson | Svíþjóð | 3.414 |
| 4 A.P Möller-Maersk | Danmörk | 2.621 |
| 5 Norsk Hydro | Noregur | 1.833 |
| 6 Hennes & Mauritz | Svíþjóð | 1.808 |
| 7 Nordea | Skandinavía | 1.799 |
| 8 Teliasonera | Svíþjóð | 1.573 |
| 9 Danske bank | Danmörk | 1.400 |
| 10 Novo Nordisk | Danmörk | 1.224 |
| 11 Volvo | Svíþjóð | 1.222 |
| 20 TDC | Danmörk | 792 |
| 23 Sampo | Finnland | 671 |
| 25 KB banki | Ísland | 594 |
| 30 Electrolux | Svíþjóð | 498 |

# Íslandsbanki undir væntingum

## Óvænt gengistap á fjórða ársfjórðungi. Hagnaður tæpum þremur milljörðum minni en greiningardeildir bankanna spáðu.

Uppgjör Íslandsbanka var nokkuð undir áætlunum greiningadeilda KB banka og Landsbankans og lækkuðu hlutabréf bankans í verði í gær. Hagnaður bankans á fjórða ársfjórðungi var 3.741 milljónir króna sem er 42 prósent undir meðaltalsspánni.

Það kemur á óvart að gengistap varð af fjáramálastarfsemi á fjórða ársfjórðungi sem skýrir frávikið á milli hagnaðar bankans og spár markaðarins. Að öðru leyti var afkoman í takt við væntingar. Fyrir árið í heild hagnaðist Íslandsbanki um 19,1 milljarð króna en til samanburðar nam hagnaður bankans árið 2004 tæpum tólf milljörðum króna. Það er um 60 prósenta aukning.

Hreinar vaxtatekjur voru um 24 milljarðar króna og hækkuðu um 83 prósent á milli ára. Þóknanatekjur námu 8,8 milljörðum sem er þriðjungshækkun en gengishagnaður var um 3,6 og lækkar um helming.

Kostnaðarhlutfall af tekjum lækkar úr 48 prósentum árið 2004 í 38 prósent á síðasta ári. Heildargjöld ársins voru um 15,7 milljarðar króna sem er níu prósenta aukning.

Arðsemi eigin fjár var 30 prósent en 44 prósent árið 2004.

Heildareignir samstæðunnar námu 1.472 milljörðum í árslok 2005 og höfðu aukist um 795 milljarða eða 117 prósent frá fyrra ári. - eþa




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 1% | 9% |
| Atorka Group | -2% | -3% |
| Bakkavör Group | 3% | 9% |
| Dagsbrún | -3% | -6% |
| Flaga Group | 0% | -12% |
| FL Group | 7% | 19% |
| Íslandsbanki | 3% | 15% |
| KB banki | 8% | 20% |
| Kögun | -1% | 4% |
| Landsbankinn | 2% | 9% |
| Marel | 0% | 8% |
| Mosaic Fashions | 0% | -5% |
| SÍF | -1% | -1% |
| Straumur | 10% | 23% |
| Össur | -4% | -5% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Gengið frá kaupum á IGI

## Breska fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við kaup VIS á bresku tryggingafélagi

VÍS Invest International fjárfestingarfélag móðurfélags VÍS hér heima er nú að taka við rekstri breska tryggingafélagsins IGI Group Ltd. Breska fjármálaeftirlitið hefur lokið lögbundinni könnun á kaupunum, sem gengið var frá 5. nóvember síðastliðinn, án athugasemda. VÍS keypti 54 prósenta hlut í félaginu. Kaupverðið hefur ekki fengist upp gefið.

Eggert Á. Sverrisson, framkvæmdastjóri VÍS Invest, segir að farið hafi verið í kaupin eftir talsverða könnun á breska tryggingamarkaðnum. Hann segir grunnstarfsemi félagsins og innri uppbyggingu henta vel hugmyndum VÍS. „Félagið er með alhliða tryggingastarfsemi, en sérhæfir sig þó í ákveðnum tegundum eignatrygginga," segir hann og bætir við að þeim hjá VÍS Invest hafi strax litist vel á stjórnendur félagsins, auk þess sem fyrri hluthafar hafi deilt framtíðarsýn VÍS og verið tilbúnir að starfa áfram með félaginu.



**FORSVARSMENN VÍS** Eggert Á. Sverrisson, framkvæmdastjóri VÍS Invest og Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, í höfuðstöðvum IGI.

Hjá IGI, sem er með aðalskrifstofu í miðborg Notthingham, vinna um sextíu manns og nema iðgjöld félagsins um 2,5 milljörðum króna á ári. VÍS á þess kost að auka hlut sinn í félaginu í 75 prósent innan þriggja ára. - óká

# ECM og Open Text semja

ECM á Íslandi hefur gert samstarfssamning við kanadíska fyrirtækið Open Text. Lausnir ECM eru sagðar notaðar til að halda utan um „ómótuð gögn" fyrirtækja.

„Open Text er leiðandi í svokölluðum Enterprise Content Management gagnalausnum fyrir stórfyrirtæki víða um heim," segir Sverrir Geirdal framkvæmdastjóri ECM á Íslandi og bætir við að með lausn fyrirtækisins fái fyrirtæki tækifæri til að meðhöndla upplýsingar með mun einfaldari hætti en áður. - óká

# Verð bréfa Cable & Wireless hríðfellur

## Fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar hefur undanfarið keypt í félaginu.

Hlutabréf í breska fjarskiptafélaginu Cable & Wireless hríðféllu um fjórtán prósent í gær eftir að félagið gaf út viðvörun um að hagnaður yfirstandandi rekstrarárs yrði minni en vonir hefðu staðið til.

Einnig greindi félagið frá miklum skipulagsbreytingum á rekstri félagsins og brotthvarfs Francescos Caio úr stóli forstjóra. Enn er verið að ganga frá starfslokasamningi hans, en honum bera að minnsta kosti árslaun, sem nema tæpum 80 milljónum króna, auk fríðinda .

Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur undanfarið fest kaup á hlutabréfum í Cable & Wireless, en félagið á enn sem komið er minna en þrjú prósent hlut í félaginu. Eignist félagið stærri hlut er hann tilkynningaskyldur í Kauphöllinni í Lundúnum.

Ekki er vitað hvað Björgólfur ætlar sér með kaupum í félaginu, en hann hefur í viðtölum lýst trú sinni á öran vöxt og vægi fjarskiptaiðnaðar. Hann kann því að vera að koma sér í vænlega stöðu innan fyrirtækisins með það fyrir augum að ná þar ráðandi hlut. Eins er þó hugsanlegt



**FRANCESCO CAIO** Fráfarandi forstjóri Cable & Wireless var áður í forsvari fyrir ítalska fjarskiptafyrirtækið Olivetti, en myndin er tekin árið 1996 þegar stjórnendur þess sættu rannsókn vegna misferlis. Nordicphotos/AFP

að hann ætli sér ekki annað en að innleysa hagnað þegar gengi Cable & Wireless hækkar á ný, fari svo.

Þá kann að vera að nýjustu fregnir af endurskipulagningu félagsins og brotthvarf forstjórans hafi dregið úr áhuga Björgólfs á fjarskiptafyrirtækinu, sem er það næststærsta í Bretlandi. Fyrirtækið hefur átt við rekstrarörðugleika að stríða. -óká

# Bréf í SPH enn óafgreidd

Nokkur stofnfjárframsöl bíða afgreiðslu hjá stjórn SPH og Fjármálaeftirlitinu samkvæmt heimildum Markaðarins. Nýir kaupendur hafa þegar greitt fyrir bréfin. FME skoðar hvort virkur eignarhluti hafi myndast í viðskiptum með stofnfé í sparisjóðnum. Eftir því sem næst verður komist er stefnt að því að halda aðalfund í SPH seinni partinn í febrúar og þá er vonast til að FME hafi fyrir sitt leyti fallist á eigendaskiptin. - eþa



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON, FORSTJÓRI KB BANKA** Bankinn skilaði mesta hagnaði sem nokkurt íslenskt fyrirtæki hefur náð. Hagnaðurinn nam 49,3 milljörðum króna. Metár er að baki hjá öllum bönkunum. Markaðurinn/Heiða

# Eignir bankanna 5.700 milljarðar króna

## Hagnaður um 120 milljarðar á síðasta ári. Eignaaukning nemur tvöfaldri eign lífeyrissjóða.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Hagnaður Íslandsbanka, KB banka, Landsbankans og Straums-Burðaráss nam 120 milljörðum króna á síðasta ári sem er um 145 prósenta aukning frá árinu 2004 þegar samanlagður hagnaður þessara félaga var um 49 milljarðar.

Árshagnaður Straums jókst hlutfallslega mest eða um 300 prósent, en þess ber að geta að bankinn stækkaði gríðarlega síðastliðið haust þegar Burðarás rann inn í hann. Hagnaður Landsbankans tvöfaldaðist en hagnaður KB banka jókst um 180 prósent. Afkoma Íslandsbanka var um 60 prósent meiri.

Bankarnir uxu gríðarlega á öllum sviðum og langt umfram langtímamarkmið þeirra. Arðsemi eigin fjár hækkaði á milli ára og var á bilinu 34 til 47 prósent. Arðsemi Straums var mest eða 46,5 prósent en Landsbankinn kom skammt á eftir með 45,8 prósenta arðsemi. Arðsemi KB banka var um 34 prósent en Íslandsbanka um 30 prósent og var aðeins í tilfelli hins síðastnefnda sem arðsemin lækkaði á milli ára.

Hreinar vaxtatekjur námu um 79 milljörðum króna sem er aukning um 33 milljarða króna á milli ára eða um 70 prósent. Hreinar vaxtatekjur hækkuðu mest hjá Íslandsbanka eða um 83 prósent, um 79 prósent hjá KB banka og um 56 prósent hjá Landsbankanum. Hreinar vaxtatekjur Straums voru neikvæðar árið 2005 um 250 milljónir króna.

Efnahagsreikningar bankanna þöndust út á síðasta ári og voru komnir í tæpa 5.700 milljarða króna í árslok. Þeir voru um 3.060 milljarða í lok árs 2004 án þess að tekið sé tillit til samruna Straums og Burðaráss. Sú aukning sem varð á heildareignum nemur meira en tvöföldum eignum lífeyrissjóðanna.

Heildar eigið fé fjármálafyrirtækjanna fjögurra var komið í 503 milljarða króna og jókst um 235 milljarða króna á árinu.




SKRÁÐU ÞITT FYRIRTÆKI Í VÖXT
Meira fyrir fyrirtækið
Fyrirtæki í Vexti fá afslátt af bankaþjónustu, tryggingum, lánum til kaupa á atvinnutækjum og fyrirtækjagæslu. Þar með geta þau sparað umtalsverðar fjárhæðir á ári hverju. Vöxtur færir fyrirtæki þínu aukin þægindi og betri yfirsýn yfir fjármálin og tryggingarnar. Kynntu þér Vöxt fyrir þitt fyrirtæki hjá KB banka og VÍS.
FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR
VÍS
KB BANKI
www.voxtur.is
VÖ XT UR
FYRIRTÆKI

# Góður hagnaður hjá SP-fjármögnun

Hagnaður SP-fjármögnunar nam tæpum 480 milljónum króna á síðasta ári samanborið við 304 milljónir árið 2004. Þetta er 58 prósenta aukning og jafnframt besta rekstrarárið frá upphafi.

Hreinar vaxtatekjur voru 907 milljónir króna og hækkuðu um 35 prósent en hreinar rekstrartekjur námu rúmum einum milljarði. Rekstrarkostnaður var 392 milljónir króna og hækkaði um tæpan helming.

Eignir félagsins jukust um 57 prósent á síðasta ári og eru komnar í 22,4 milljarða. Útlán, og þá einkum bílalán, mynda langstærstan hluta eigna.

Heildarvanskil í árslok námu 230 milljónum króna sem er eitt prósent af heildarútlánum.

Landsbanki Íslands á rúman meirihluta hlutafjár í SP-fjármögnun en bæði SPV og SPH eiga hvorir um sig yfir tíu prósent. - eþa

# Skoða samstarf við sparisjóði

## Kauphöll hefur áhuga á að miðla stofnfjárbréfum.

Kauphöll Íslands hefur áhuga á að ganga til samstarfs við sparisjóðina með því að bjóða þeim að skrá sig á iSEC, nýja hlutabréfamarkaðinn, sem hefur göngu sína innan skamms.

Þórður Friðjónsson, Kauphallarforstjóri, segir að málið sé á frumstigi en hafa beri það í huga að stofnfjárbréf sparisjóða lúti ekki sömu lögmálum og hlutabréf almenningshlutafélaga þar sem samþykki stjórnar sparisjóðs þurfi til að ganga frá öllum eigendaskiptum að stofnfé. Það gæti flækt málin.

Aðeins einn sparisjóður rekur markað með stofnfjárbréf sín.

Þórður bendir á að nýi markaðurinn sé hugsaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru í vaxtarhugleiðingum. - eþa



**SPARISJÓÐAHÚSIÐ VIÐ RAUÐARÁRSTÍG** Kauphöllin hefur áhuga á því að fá sparisjóði inn á nýja hlutabréfamarkaðinn iSEC.



**KAUPIR Í STRAUMI** Magnús Kristinsson eykur hlut sinn í Straumi.

# Magnús og Grettir kaupa

Tveir af stærstu hluthöfum Straums-Burðaráss hafa bætt hlut sinn eftir að félagið birti ársuppgjör.

Annars vegar hafa Smáey og MK-44, félög í eigu Magnúsar Kristinssonar, útgerðarmanns í Vestmannaeyjum, fest kaup á bréfum fyrir 1.885 milljónir króna sem svarar til eins prósents af hlutafé Straums. Samanlagður eignarhlutur þessara tveggja félaga í Straumi er um fjórtán prósent.

Hins vegar hefur Grettir keypt um 1,2 prósent í Straumi. Grettir, sem er fjárfestingafélag í eigu Landsbankans, Sunds og TM, er næststærsti hluthafinn í Straumi með um sextán prósenta hlut. Kaupverðið er um 2,3 milljarðar. - eþa

# Verslun Bauhaus verður í hvarfi frá annarri byggð

## Alþjóðlega byggingavöruverslanakeðjan Bauhaus hefur hug á að reisa í landi Úlfarsfells stærstu byggingavöruverslun landsins. Erindi fyrirtækisins verður tekið fyrir í skipulagsráði Reykjavíkur í dag, miðvikudag.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

„Við höfum rannsakað íslenska markaðinn vel og teljum að Bauhaus eigi fullt erindi inn á hann,“ segir Mads Jörgensen, yfirmaður Bauhaus í Danmörku. Hann stýrir útrásarverkefni Bauhaus til Íslands, en félagið hefur sótt um lóð í landi Úlfarsfells við Vesturlandsveg í Reykjavík til rekstrar 20 þúsund fermetra byggingavöruverslunar með um 140 starfsmenn.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi og formaður skipulagsráðs Reykjavíkur segir erindi verslanakeðjunnar verða tekið fyrir á fundi nefndarinnar í dag, miðvikudag. Hann segist telja að hugmyndir forsvarsmanna keðjunnar samrýmist nokkuð skipulagi svæðisins, en það eigi þó eftir að skoða nánar. „Ég held þetta líti ekkert illa út. Ég treysti mér þó ekki alveg til að fullyrða hvort gera þurfi einhverjar breytingar, en í erindi Bauhaus fólst fullur vilji til samvinnu um þau atriði,“ segir hann og bætir við að setja þurfi skilmála um útlit, framkvæmd og aðra slíka hluti. „En þetta er í hvarfi frá væntanlegri byggð og á því ekki að þurfa að falla illa að.“



**VEFUR BAUHAUS Í DANMÖRKU** Á vef Bauhaus kemur fram að fyrirtækið býður verðvernd ekki ósvipað og gert er hér.

Bauhaus rekur fyrir um 190 byggingavöruverslanir í 11 Evrópulöndum. Hér eru starfandi fyrir tvær stórar byggingavöruverslanir, Byko og Húsasmiðjan. Bauhaus ætlar að keppa á þeim markaði og áætlar að hann velti yfir 30 milljörðum króna á ári hverju.



**STÓRVERSLUN BAUHAUS Í PRAG** Byggingavöruverslanakeðjan Bauhaus AG, sem rekur um 190 verslanir í 11 Evrópulöndum, hefur um skeið haft hug á að hefja hér verslunarrekstur í samkeppni við byggingavöruverslanir hér.

Mads Jörgensen segist gera ráð fyrir að fáist leyfi hjá borginni hætti að vera hægt að opna Bauhaus-verslun í Reykjavík þarnæsta sumar.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

10,2%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Ávöxtun 10,2% m.v. tímabilið 31.12.2005-31.01.2006 fært upp á ársgrundvöll

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

ENNEMM / SÍA / NM20228



**JÓN KARL ÓLAFSSON** Forstjóri Icelandair segir umfangsmikið markaðsstarf félagsins skila sér í síauknum farþegafjölda.

Icelandair flutti rúma eina og hálfa milljón farþega:

# Farþegar aldrei fleiri

Viðskipti Icelandair flutti rúma eina og hálfa milljón farþega á síðasta ári, mesta fjölda sem félagið hefur flutt á einu ári. Farþegarnir voru alls 1.526.241, og fjölgaði þeim um 14,5 prósent frá fyrra ári þegar þeir voru um 1,3 milljónir. Á þrettán ára tímabili hefur farþegafjöldinn um það bil þrefaldast.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, segir félagið hafa aukið starfsemina jafnt og þétt. „Mikill vöxtur hefur einkennt starfsemi félagsins á undanförnum árum og er sá vöxtur í raun undirstaða mikillar aukningar í ferðaþjónustu hér á landi á síðustu misserum. Félagið er nú með umfangsmeiri starfsemi en nokkru sinni fyrr og líka ánægjulegt að sætanýting hefur aukist verulega milli ára og var 77,5 prósent á síðasta ári,“ segir hann.

Icelandair flýgur í áætlunarflugi milli Íslands og 22 helstu borga Evrópu og Bandaríkjanna. Að meðaltali tóku farþegaþotur félagsins sig á loft 28 sinnum á dag á árinu og daglega flugu um 4200 farþegar með Icelandair. Jón segir lykilinn að velgengninni felast í leiðakerfinu sem byggist á því að ná til þriggja ólíkra markaða, ferða Íslendinga til útlanda, ferðamanna á leið hingað og svo alþjóðamarkaðinn í ferðum milli Bandaríkjanna og Evrópu. Sjá síðu 12 / - óká

# Það er gott að spara!

# Spurðu Rabba bara

Rafn Árnason sparar fasta upphæð mánaðarlega og skuldfærir hana af E-kortinu sínu. Hann fjárfestir í Alþjóðlega hlutabréfasjóðnum sem gaf 20,15% ávöxtun á síðasta ári*. Þannig hefur Rafn á einfaldan hátt nýtt sér sterka stöðu íslensku krónunnar og eignast alþjóðlegt safn hlutabréfa.

**SPRON Verðbréf eru með fimm verðbréfasjóði til sölu og eru þeir lausir til innlausnar hvenær sem er.**

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af söluþóknun allt árið 2006. Kynntu þér úrval sparnaðarleiða hjá SPRON Verðbréfum í síma 550 1310 eða á www.spronverdbref.is.

*Nafnávöxtun miðað við 01.08.2005–01.01.2006 á ársgrundvelli.

spron VERÐBRÉF

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Himinn og haf – SÍA



# Porsche á góðu skriði

Hagnaður þýska bílaframleiðandans Porsche nam 20,4 milljörðum króna á síðari helmingi ársins 2005. Er það ellefu prósenta aukning frá sama tímabili árið áður.

Fyrirtækið seldi tæplega fjörutíu og tvö þúsund bifreiðar á tímabilinu, sem var sautján prósenta aukning.

Í yfirlýsingu frá Porsche sagði að miklar væntingar væru gerðar til nýrra gerða á borð við Cayenne Turbo og Cayman S. Stefnt væri að því að selja níutíu þúsund bifreiðar árið 2006. „Við munum halda áfram á sömu braut, vonandi verður áframhald á velgengni okkar,“ sagði doktor Wendelin Wiedekling, forstjóri Porsche. -jsk



**PORSCHE 911 TURBO COUPE** Porsche skilaði methagnaði árið 2005 og stefnir að því að selja níutíu þúsund bifreiðar á þessu ári.

# Bjart framundan í Sviss

## Spáð er tvö prósent hagvexti í Sviss á árinu. Eftirspurn eftir svissneskum varningi hefur aukist.

Joseph Deiss, fjármálaráðherra Sviss, hefur hækkað hagvaxtarspá fjármálaráðuneytisins. Spáir ráðuneytið nú tvö prósent hagvexti á árinu en gamla spáin hljóðaði upp á 1,8 prósent.

Ástæðan er aukin eftirspurn Þjóðverja eftir svissneskum varningi en Þýskaland er langstærsti útflutningsmarkaður Svisslendinga. „Ég er bjartsýnni en áður og spái því tvö prósent hagvexti á árinu,“ sagði Deiss.

Það er ýmislegt sem bendir til þess að góð tíð sé framundan í Sviss. Framleiðni í landinu hefur aukist undanfarin misseri og hefur ekki verið meiri í sautján mánuði, atvinnuleysi mælist 3,7 prósent.

Þá hefur svissneski frankinn veikst gagnvart helstu gjaldmiðlum og gert það að verkum að skilyrði til útflutnings eru einkar hagstæð. -jsk



**SVISSNESKUR OSTUR** Skilyrði til útflutnings eru einkar hagstæð í Sviss. Þýskaland er langstærsti útflutningsmarkaður Svisslendinga.

# Flókin peningaviðskipti

Stjórnvöld í Venesúela íhuga að gjaldfella gjaldmiðil landsins, bólívarinn. Verðbólga í landinu hefur verið að meðaltali tíu prósent á ári í rúm tuttugu ár.

Í dag fást meira en tvö þúsund bólívarar fyrir hvern bandaríkjadal en árið 1983 fengust 4,3 bólívarar fyrir dal.

„Ég veit ekki hvort við klippum einhver núll af bólívarnum eða hversu mörg. Hins vegar er ljóst að eitthvað verður að gera, peningaviðskipti eru orðin allt of flókin,“ sagði Ricardo Sanguino, formaður efnahagsnefndar venesúelska þingsins.

Big-Mac hamborgari kostar rúma sex þúsund bólívara í Caracas, höfuðborg Venesúela. -jsk



**HUGO CHAVEZ FORSETI VENESÚELA** Chavez er væntanlega ekki mikið fyrir Big-Mac hamborgara enda svarinn andstæðingur alþjóðlegas kapítalisma. Bic-Mac hamborgari kostar nú rúma sex þúsund bólívara en kostaði tæpa þrettán árið 1983.



**ROMAN ABRAMOVICH ÁSAMT JOHN TERRY OG FRANK LAMPARD** Chelsea tapaði 15,4 milljörðum króna á síðasta rekstrarári. Peter Kenyon, forstjóri félagsins, segir allt á réttri leið, nauðsynlegt sé að færa fórnir til að ná settum markmiðum.

# Mettap hjá Chelsea

## Roman Abramovich hefur varið þrjátíu milljörðum króna til leikmannakaupa. Stefnt er að því að koma rekstrinum á réttan kjöl árið 2009.

**Jón Skaftason**
skrifar

Ensku meistararnir í knattspyrnu, Chelsea, töpuðu 15,4 milljörðum króna á síðasta rekstrarári. Er það mettap hjá ensku knattspyrnuliði en Chelsea tapaði tæpum tíu milljörðum króna árið 2004.

Rússneski ólígarkinn Roman Abramovich hefur dælt peningum í Chelsea undanfarin ár en yfirlýst markmið félagsins er að árið 2009 verði afgangur af rekstrinum.

„Það er mikið uppbyggingarstarf í gangi og nauðsynlegt að færa fórnir til að ná settu marki,“ sagði Peter Kenyon, forstjóri Chelsea.

Chelsea rifti á árinu samningi við íþróttavöruframleiðandann Umbro og sá þar á eftir tæpum þremur milljörðum króna. Þá sagði félagið upp samningum við stjörnuleikmennina Adrian Mutu og Juan Sebastian Veron og lagði mikið fé í uppbyggingu unglingastarfs.

Hins vegar minnkaði launakostnaður milli ára, úr þrettán milljörðum króna í tæpa tólf auk þess sem minna fé var notað til leikmannakaupa.

Chelsea gerði tvo risasamninga á árinu; við farsímaframleiðandann Samsung og íþróttarisann Adidas. „Samningurinn við Samsung er sá stærsti í sögu úrvalsdeildarinnar og mun færa okkur miklar tekjur. Auk þess kostaði mikið að rifta samningnum við Umbro en ég lofa því að fjárhagslegur ávinningur af samningum við Adidas verður gríðarlegur,“ sagði Peter Kenyon.

Chelsea hefur eytt tæpum þrjátíu milljörðum króna til leikmannakaupa síðan Roman Abramovich keypti liðið og vann í fyrra enska meistaratitilinn í fyrsta skipti í fimmtíu ár. Meðal leikmanna Chelsea er Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði Íslands.









## Vottun VISA er þjónusta sem miðar að því að gera viðskipti á Netinu enn öruggari.

Eftirtalin fyrirtæki og verslanir eru meðal hinna fjölmörgu sem krefjast Vottunar VISA (Verified by VISA) í viðskiptum við VISA kreditkorthafa á Netinu:

British Airways
Northwest Airlines
Jet Blue Airways
TUI Travel
Thomas Cook
Skype
Easy Car
CompUSA
OfficeMax
Last Minute
PC World
Walmart
Wine Cellar
World Pay
Play Station
Niketown
Reebok
Petco

Þú sækir um lykilorðið á heimasíðu VISA **www.visa.is** og nýtir þér Vottun VISA í öruggari viðskiptum á Netinu.

VISA
Öruggari netviðskipti

# Tölvuleikur gegn offitu

## Skólar í Vestur-Virginíu láta feita nemendur dansa fyrir framan tölvuna.

Skólayfirvöld í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum nýta nú tölvuleiki í baráttunni gegn offitu skólabarna. Offita er gríðarlegt vandamál í fylkinu; hvergi í Bandaríkjunum mælast fleiri með of háan blóðþrýsting auk þess sem tíðni sykursýki er ein sú allra hæsta í Bandaríkjunum.

Tölvuleikurinn sem um ræðir heitir Dance Dance Revolution og er hannaður fyrir xBox-leikjatölvurnar frá Microsoft. Þátttakendur horfa á dansandi fígúru á skjánum og reyna að leika sporin eftir á þar til gerðri mottu, sem síðan mælir hversu vel hefur tekist til.

Nemendum verður ekki skylt að taka þátt í leiknum, en hann er hugsaður sem valkostur fyrir þá sem telja hefðbundna leikfimitíma ekki nægja.

Prófessor Linda Carson, sem stýrir verkefninu, segir ekki ráð nema í tíma sé tekið. „Mikilvægast er að við náum til barna á aldrinum tíu til fjórtán ára. Á þessum aldri mótast hugarfar fólks til hreyfingar og líkamsræktar.“



**XBOX TÖLVA FRÁ MICROSOFT** Nýjasta ráðið í baráttunni gegn offitu er að halda fólki heima í stofu. Skólayfirvöld í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum láta nemendur sína dansa fyrir framan tölvuna.

Áætlað er að leikurinn og tilheyrandi búnaður verði sendur í alla sjö hundruð fimmtíu og þrjá ríkisskóla í Vestur-Virginíu og að tvö hundruð og áttatíu þúsund nemendur komi til með að taka þátt. -jsk

# Bretar tortryggja Darwin

## Helmingur Breta dregur þróunarkenninguna Darwins í efa. Fjörutíu prósent telja að ekki eigi að kenna fræði Darwins í skólum.

Aðeins tæpur helmingur Breta telur þróunarkenningu Darwins skýra upphaf lífs á jörðinni, samkvæmt nýrri rannsókn sem framkvæmd var fyrir breska ríkisútvarpið BBC.

Um fjörutíu prósent þátttakenda voru ennfremur þeirrar skoðunar að ekki ætti að kenna þróunarkenninguna í breskum skólum.

Tuttugu og tvö prósent aðhylltust sköpunarkenninguna. Aðrir tóku ekki afstöðu eða aðhylltust aðrar kenningar.

Andrew Cohen, ritstjóri vísindaþáttarins Horizon hjá BBC, var undrandi á niðurstöðunni. „Við bjuggumst við að þróunarkenningin myndi njóta langmests fylgis en það er greinilegt að breskur almenningur er ekki á einu máli þegar kemur að þessum málum.“

Martin Rees lávarður, forseti Samtaka breskra vísindamanna, sagði ótrúlegt að kenning Darwins nyti ekki meira fylgis. „Það er fáránlegt að fólk skuli enn draga kenningu Darwins í efa. Kenningin er um hundrað og fimmtíu ára gömul og hefur stöðugt styrkst í sessi.“ -jsk



**CHARLES DARWIN** Aðeins tæpur helmingur Breta tekur þróunarkenningu Darwins trúanlega. Vísindamenn eru forviða og segja kenninguna standa traustum fótum.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Milljarður farsíma árið 2007

Átta hundruð og tíu milljónir farsíma seldust í heiminum á síðasta ári og er það nítján prósenta aukning frá fyrra ári. Kemur þetta fram í skýrslu bandaríska ráðgjafarfyrirtækisins Strategy Analytic.

Aukninguna má að mestu skýra með gríðarlegri eftirspurn á Indlandi og í Afríku.

Sérfræðingar spá því að eftirspurn eftir farsímum haldi áfram að aukast. „Að öllu óbreyttu sjáum við fram á að árið 2007 seljist einn milljarður farsíma.“ sagði í skýrslu Strategy Analytic. -jsk



**SONY ERICSON FARSÍMI** Sérfræðingar sjá fram á að eftirspurn eftir farsímum haldi áfram að aukast og spá því að árið 2007 seljist einn milljarður síma.




SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka aksturseiginleika. Volvo XC70.

Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjórhjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirkt meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.



# Heyrnartól skaða heyrnina

## Gítarhetja er með stöðugt suð í eyrunum og varar ungt fólk við ofnotkun heyrnartóla.

Gítarleikari bresku rokksveitarinnar The Who, Peter Townshend, segir að stöðug heyrnartólanotkun hafi skemmt í sér heyrnina. Townshend er sextíu ára gamall og hefur spilað með hljómsveit sinni frá því á sjöunda áratugnum.

„Það suðar stöðugt í eyrunum á mér,“ sagði Townshend. „Ég er handviss um að háværum rokktónleikum er ekki um að kenna heldur heyrnartólunum sem ég hef notað við upptökur í gegnum árin.“

Townshend óttast að ungt fólk nú á dögum kunni að stríða við heyrnarleysi þegar fram í sækir, nútíminn kalli á stöðuga heyrnartólanotkun. „Krakkar nú til dags nota heyrnartól þegar þau hlusta á tónlist, horfa á sjónvarpið eða eru í tölvunni. Þegar ég var yngri notuðum við þetta bara við upptökur. Það er hrikalegt að missa heyrnina, hún kemur aldrei aftur.“ -jsk



**PETER TOWNSHEND Á HÁTINDI FERILSINS** Townshend segist hafa orðið fyrir varanlegum heyrnarskaða vegna notkunar heyrnartóla og varar ungt fólk við ofnotkun slíkra tækja.

# Stefna framleiðendum GTA

## Borgaryfirvöld í LA telja ímynd borgarinnar hafa beðið hnekki vegna Grand Theft Auto tölvuleiksins.

Borgaryfirvöld í Los Angeles hafa stefnt fyrirtækinu Two-Two Entertainment, sem framleiðir Grand Theft Auto tölvuleikinn, fyrir dóm. Krefjast borgaryfirvöld þess að forsvarsmenn Two-Two veiti borginni hlutdeild í hagnaði af sölu nýjustu gerðar leiksins, Grand Theft Auto; San Andreas.

Leikurinn innihélt falið klámfengið efnið og olli það mikilli úlfúð í Bandaríkjunum er upp komst. Yfirvöld í Los Angeles telja umhverfi leiksins augljóslega ætlað að líkja eftir hverfum borgarinnar og segja framleiðendur leiksins hafa dregið ímynd Los Angeles í svaðið.

Grand Theft Auto; San Andreas leikurinn hefur selst í þrjátíu milljónum eintaka. -jsk

# Minnsti fiskur í heimi

Breskir vísindamenn hafa fundið heimsins minnsta fisk. Fiskurinn fannst á indónesísku eynni Súmötru, lifir í mýrlendi og verður einungis 7,9 millimetra langur. Fiskurinn hefur hlotið nafnið Paedocypris.

Paedocypris hefur nánast engin bein og er því jafn lítill og raun ber vitni. Smæðin gerir fisknum síðan kleift að lifa svo dögum skiptir án matar. Vísindamennirnir hafa áhyggjur af því að paedocypris eigi skammt eftir ólifað, en heimkynni þeirra eru í bráðri hættu vegna eyðingar skóga og ágangs mannfólksins. -jsk



**7,9 MILLIMETRAR** Vísindamenn hafa fundið heimsins minnsta fisk á eynni Súmötru. Fiskurinn verður 7,9 millimetrar að lengd fullvaxinn

SÖGUHORNIÐ

# Keisaratign til sölu

Markús Didius Severus Júlíanus Rómarkeisari fæddist þann 30. janúar árið 133 í Mílanó. Júlíanus var af aðalsættum en var þó ekki alinn upp hjá foreldrum sínum heldur Dómitíu Lucillu, móður Markúsar Árelíusar sem síðar varð keisari Rómaveldis.

Júlíanus hóf snemma að klífa metorðastigann í Róm og náði kjöri sem konsúll árið 175. Hugur Júlíanusar stefndi þó ávallt hærra og árið 193 sá hann sér leik á borði.

Þá var Pertinax keisari myrtur af eigin lífvörðum, Pretóríunni. Lífverðirnir sáu gróðatækifæri og ákváðu að selja keisaratignina hæstbjóðanda. Júlíanus reyndist hlutskarpastur, greiddi hverjum lífvarðanna tuttugu og fimm þúsund sestertía. Lífverðirnir neyddu svo þingið til að samþykkja Júlíanus sem keisara.

Þessi ráðahagur fór hins vegar ekki vel í almúgann og lá við uppreisn í Róm. Svo fór að lokum að þrír valdamiklir hershöfðingjar; Niger, Albinus og Septimius Severus sneru til Rómar af vígstöðvunum og tóku málin í sínar hendur. Severus réðst ásamt hersveitum sínum inn í keisarahöllina, leysti upp Pretóríuna og lét taka lífverðina sem myrt höfðu Pertinax af lífi. Að því loknu var Júlíanus keisari hálshöggvinn og tók Septimius Severus sjálfur við keisaratigninni.

Júlíanus hafði þá einungis gegnt embættinu í rúma tvo mánuði. -jsk



**MARKÚS DIDIUS SEVERUS JÚLÍANUS** Júlíanus gegndi embætti keisara í rúma tvo mánuði árið 193 eftir Krist. Júlíanus keypti keisaratignina af Pretóríunni og var stuttu síðar hálshöggvinn.




VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

# Bandarískt þjóðartákn í vanda

**Margt bendir til þess að General Motors verði fellt af stalli sem stærsti bílaframleiðandi heims á þessu ári. Gríðarlegar skuldir og hár, fastur kostnaður þjakar félagið. Samdráttur er áfram óumflýjanlegur í Norður-Ameríku á sama tíma og félagið sér sóknarfæri í öðrum heimsálfum. *Eggert Þór Aðalsteinsson* kynnir sér stöðu GM.**

Það er dökkt yfir bandarískum bílaiðnaði þessa dagana sem berst í bökkum vegna mikilllar samkeppni við erlenda bílaframleiðendur. Bæði General Motors (GM) og Ford hafa boðað mikinn niðurskurð í starfsmannahaldi eða um samtals sextíu þúsund manns sem kemur til kastanna á næstu árum. Staðan er sýnu erfiðari hjá GM.




**MESTA TAP Í ÞRETTÁN ÁR** Staða GM og annarra bandaríska bílaframleiðenda versnar enn. Nú hafa stjórnendur GM boðað mikinn niðurskurð á næstu árum til að bregðast við miklu tapi. Hlutabréf í félaginu lækkuðu um helming á síðasta ári.

**MESTA TAP Í ÞRETTÁN ÁR**

„Árið 2005 var eitt erfiðasta ár í sögu GM sem einkenndist af slakri frammistöðu í Norður-Ameríku,“ sagði Rick Wagoner, stjórnarformaður General Motors, þegar hann greindi frá því að tap félagsins á síðasta ári væri það mesta í þrettán ár.

GM, sem er stærsti bílaframleiðandi heims, tilkynnti á dögunum um 8,6 milljarða dala tap á síðasta rekstrarári, sem gerir um 530 milljarða króna. Þetta er mikil breyting milli ára þar sem afkoman var jákvæð um 3,6 milljarða dala eða 220 milljarða króna árið 2004. Sú tala var reyndar alfarið borin uppi af fjárfestingararminum GMAC þannig að tap á bílaframleiðslu er ekki nýtt af nálinni. Tekjur síðasta árs lækkuðu lítils háttar úr 193,5 milljörðum dala í 192,6.

Á sama tíma tilkynnti Ford um sams konar niðurskurð í starfsmannahaldi og 1,6 milljarða dala tap á starfseminni í Norður-Ameríku. Ford hyggst loka allt að fjórtán verksmiðjum á næstu árum.

**NARTA Í KVÖLDMATINN**

GM, Ford og DaimlerChrysler hafa þurft að horfa upp á samdrátt í markaðshlutdeild á markaðnum í Norður-Ameríku, úr 72 prósentum árið 1995 niður í 57 prósent á síðasta ári. Því er spáð að hlutdeildin hafi farið niður í 54 prósent í janúar. „Innflytjendur og nýjar bílaverksmiðjur hafa étið upp allan hádegisverðinn í Detroit og eru byrjaðir að narta í kvöldmatinn,“ segir David Healy, sérfræðingur hjá Burnham, er hann lýsir ástandinu í hinni einu sönnu bílaborg.

Japanskir og evrópskir bílaframleiðendur hafa leikið bandaríska keppinauta sína grátt með nútímalegri, umhverfisvænni og ódýrari framleiðslu.

Styrkur GM hefur falist í framleiðslu á pallbílum og jeppum sem hefur gefið ágætlega af sér en ágóðinn verið notaður til þess að greiða niður aðrar, óarðbærar tegundir, svo sem litlar og meðalstórar bifreiðar. Félagið hefur eytt miklu púðri í að byggja upp framleiðslu á annars konar tegundum og einn liður í því að ná til baka þeirri markaðshlutdeild, sem hefur tapast, hefur verið að lækka útsöluverð bíla. Sérfræðingar eru samt ekki vissir um að það dugi í baráttunni gegn japönskum bílaframleiðendum, en fastlega er búist við að Toyota verði stærsti bílaframleiðandi heims seinna á þessu ári.

**AFKOMA GENERAL MOTORS 1991-2005**

(upphæðir í milljörðum króna miðað við núverandi gengi bandaríkjadals)

| | |
|---|---|
| 1991 | -279 |
| 1992 | -1.457 |
| 1993 | 155 |
| 1994 | 304 |
| 1995 | 428 |
| 1996 | 310 |
| 1997 | 391 |
| 1998 | 186 |
| 1999 | 341 |
| 2000 | 304 |
| 2001 | 37 |
| 2002 | 105 |
| 2003 | 236 |
| 2004 | 229 |
| 2005 | -533 |

*Heimild: Associated Press*

**SKULDARBAGGI FORTÍÐAR**

Tveir þættir öðrum fremur hafa dregið buxurnar niður um GM í Norður-Ameríku. Sá fyrrnefndi er gamalkunnur, allt of mikill fastur kostnaður sem helgast meðal annars af háum eftirlaunasamningum við starfsmenn og kostnaði við heilsutryggingar. Það hefur verið bent á að fyrir hverja fimm fyrrverandi starfsmenn GM, sem greiða þarf eftirlaun, eru aðeins tveir vinnandi menn.

Hitt atriðið snýr að breytilega kostnaðinum en GM hefur átt í vandræðum með að laga hann að fallandi tekjum. Hráefniskostnaður hefur farið ört hækkandi en einnig hefur auglýsinga- og markaðskostnaður vaxið hröðum skrefum í örvæntingarfullri tilraun fyrirtækisins til að halda sínum hlut.

„Okkar meginmarkmið hjá GM er að rekstrinum í Norður-Ameríku verði snúið til hagnaðar og jákvæðs sjóðsstreymis sem allra fyrst,“ segir Wagoner og bendir á leiðir til þess að draga úr kostnaði. Fyrirtækið ætlar að ráðast í umfangsmikinn niðurskurð sem felst í því að fækka störfum um þrjátíu þúsund og loka tólf verkmiðjum fram til ársins 2008. Á þessu ári tekur gildi samningur við samtök bílaverkamanna sem lækkar kostnað við heilsutryggingar um þrjá milljarða dala. En til þess að draga úr gríðarlegum kostnaði vegna eftirlauna, og losna við skuldbindingar, sem felast í samkomulagi sem var undirritað í kjölfar gjaldþrots Delphi-bílahlutaframleiðandans, gæti GM þurft að greiða upphæð á bilinu 3,6-12 milljarða.

**LJÓS Í MYRKRINU**

Sjálf bílaframleiðslan skilaði 5,3 milljarða tapi sem reiknast alfarið á markaðinn í Norður-Ameríku, en töluverður afkomubati varð í öðrum heimsálfum. GM seldi 9,2 milljónir bifreiða um allan heim árið 2005 sem er næstmesta sala í sögu fyrirtækisins og greinilegt er að góð vaxtarskilyrði eru á erlendum mörkuðum. Þannig var fimmtungs söluaukning í Suður-Ameríku og Afríku, nítján prósent í Miðausturlöndum og um 1,3 prósenta aukning í Evrópu, einum harðasta bílamarkaði heims. „Viðsnúningur á Evrópumarkaði er í samræmi við áætlanir okkar og við vonumst eftir meiri framförum árið 2006,“ bendir stjórnarformaðurinn á.

GM gerir sér væntingar um að hinn stóri merkjafloti félagsins styrki stöðu fyrirtækisins í Evrópu og telur að Chevrolet og ný tegund af Opel Corsa verði helstu trompin á árinu.

**ÓEÐLILEGAR ARÐGREIÐSLUR**

Hlutabréf í GM hafa stefnt þráðbeint niður á við og lækkuðu um meira en helming á síðasta ári. Hinn tæplega níræði fjárfestir Kirk Kerkorian vakti mikla athygli á síðasta ári þegar hann hóf að kaupa hlutabréf í GM af miklum þrótti og safnaði tíu prósent hlutabréfa. Hann varði bréfin frá frekara falli eftir að afkoman var birt með því að kaupa bréf til viðbótar fyrir 250 milljónir dala, sömu upphæð og hann seldi í desember. Gengi hlutabréfa í GM endaði í 23 ára lágmarki í desember eftir að Kerkorian seldi bréf sín og fóru lægst í 21 dal á hlut en standa nú í genginu 24.

Kerkorian hefur hvatt stjórnendur GM til að setja sér raunhæf markmið og að snúa rekstrinum til hagnaðar og bent á að ein leið sé að draga úr afar ríflegum arðgreiðslum. Þær hafa verið tveir dalir á hlut á ári sem er í engu samræmi við rekstrarárangur. Tap Kerkorians vegna gengisfalls GM nemur nú um 350 milljörðum dala.

**SKULDAR SAUTJÁNFALDA LANDSFRAMLEIÐSLU**

En Kerkorian og fleiri hluthafar gætu þurft að horfa fram á enn harðari tíma – jafnvel gjaldþrot. Í kjölfar þess að afkoma GM á fjórða ársfjórðungi er undir væntingum markaðarins hafa matsfyrirtæki, þar á meðal Moody´s, varað við því að lánshæfiseinkunn GM til lengri tíma kunni að lækka enn meira þannig að fjármögnun félagsins verði dýrari.

Fjárfestingararmurinn GMAC, sem hefur haldið fyrirtækinu á floti, verður hugsanlega seldur til þess að útvega félaginu rekstrarfé og lækka skuldir þess. Virði fjárfestingafélagsins er á bilinu tíu til fimmtán milljarðar dala og hefur Citigroup verið orðað við það. Heildarskuldir allrar samsteypunnar voru 286 milljarðar dala í árslok sem samsvarar 17.500 milljörðum króna – það er sautjánfaldri landsframleiðslu Íslands.



9,8%*

Peningamarkaðssjóður ÍV

*Nafnávöxtun frá 1. des. 2005 - 31. des. 2005 á ársgrundvelli

Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða á árinu 2005

ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

GEIMSTOFAN

# Alltaf í dagsbirtu



Krían ver lengri tíma í dagsbirtu en nokkur önnur dýrategund. Á sumrin heldur hún sig á norðurslóðum þar sem langur vinnudagur veitir henni tækifæri til veiða og til að rækta unga sína. Þegar dimmir hjá okkur flýgur krían lengst allra farfugla, oft 35.000 kílómetra á ári, til að nýta dagsbirtuna á suðurhveli jarðar. Hún er ekki stór, en einstaklega vinnusöm.

Svona viljum við líka vera. VBS er nýtt heiti Verðbréfastofunnar sem nú hefur fengið starfsleyfi fjárfestingarbanka frá Fjármálaeftirliti ríkisins. Við erum ekki stærsti fjárfestingarbanki landsins og við viljum ekki vera það. Við viljum bregðast hratt við þegar tækifærin gefast, vanda til verka og vaka yfir fjármunum viðskiptavina okkar. Við viljum veita vandaða og óháða ráðgjöf og eiga náið samstarf við trausta viðskiptavini, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki og fagfjárfesta. Á þeim grunni hefur starfsemi okkar vaxið fiskur um hrygg og með fjárfestingarbankaleyfi VBS aukast möguleikar okkar til þess að þjóna þessum góða hópi og nýjum viðskiptavinum á fleiri sviðum.

Við viljum vera í birtunni.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Sími: 570 1200
Fax: 570 1209

www.vbs.is
vbs@vbs.is

VBS
FJÁRFESTINGARBANKI

Fiton/SÍA




**Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Forstjóri Icelandair og Icelandair Group segir horfur á miklum vexti í flugiðnaði næstu ár þegar nýir markaðir opnast í Kína og á Indlandi. Þá segir hann að á næstu árum megi gera ráð fyrir töluverðri fjölgun ferðamanna hingað til lands. Fréttablaðið/Valli

# Ætla að halda í horfinu eftir metár í farþega

Icelandair sló á nýliðnu ári met í farþegaflutningum milli landa. Fyrirtækið hefur verið í örum vexti síðustu umfangsmiklar skipulagsbreytingar hjá móðurfélaginu. **Óli Kristján Ármannsson** kynnti sér starfsemi stefnir á að halda sínu á þessu ári þrátt fyrir hátt olíuverð og hátt gengi krónunnar.



**JÓN KARL ÓLAFSSON FORSTJÓRI ICELANDAIR GROUP** Jón Karl er að vonum ánægður með gott gengi félagsins og uppgang síðustu ára, þrátt fyrir að ytri aðstæður flugrekstrar séu erfiðar á margan hátt. Hér heima er við hátt gengi krónunnar að eiga og svo eru flugfélög um heim allan plöguð af háu eldsneytisverði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á síðasta ári voru gerðar margháttaðar breytingar á skipulagi og uppbyggingu félaganna sem áður voru undir hatti Flugleiða. Á sama tíma var slegið met þegar flutt var rúm ein og hálf milljón farþega í millilandaflugi. Einstakt leiðakerfi er sagt lykillinn að velgengninni.

„Gömlu Flugleiðir urðu FL Group og fyrri hluta ársins voru rekstrarfélögin öll hluti af sömu samstæðunni. Á seinni hluta ársins var svo gerð mjög veigamikil breyting og FL Group breytt í hreint fjárfestingafyrirtæki og rekstrarfélögin gerð algjörlega sjálfstæð. Daglegur rekstur eininga á borð við Icelandair er því ekki lengur í höndum FL manna, heldur okkar hér sem til þess erum ráðin," segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group og Icelandair. Icelandair Group er samheiti yfir fyrirtækin sem sinna alþjóðarekstri flugfélagsins. „Það er Icelandair sjálft, Icelandair Cargo sem annast fraktflutningana, Loftleiðir-Icelandic sem er leiguflugið, Icelandair Ground Services sem er tæknistöðin á Keflavíkurflugvelli. Þessi fyrirtæki mynda það sem við köllum Icelandair Group, fyrirtæki með samtals 2.200 starfsmenn og 33 til 34 milljarða króna veltu á ári," segir hann og telur breytinguna hafa orðið til að skerpa á áherslum hjá hverri einingu fyrir sig, enda þurfi menn þá ekki, til hliðar við hefðbundinn fyrirtækjarekstur, að vera að velta fyrir sér fjárfestingum og fjárfestingarkostum. „Það eru aðrir menn í því, enda næg vinna að reka flugfélag sem flytur eina og hálfa milljón farþega á ári."

## LOFTLEIÐIR-ICELANDIC

Leiguflug Icelandair Group er rekið undir merkjum Loftleiða-Icelandic og hefur verið mjög vaxandi þáttur í starfsemi félagsins síðustu ár. Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group, segir árstíðarsveiflur einkenna nokkuð farþegaflutninga Icelandair og því komi leiguflugið inn sem nokkurs konar leið til sveiflujöfnunar, auk útrásar. „Í júlí flytur Icelandair þrisvar sinnum fleiri farþega en í febrúar," segir hann. Um þessar mundir eru Lofleiðir með tvær vélar í reglubundnu flugi milli Kúbu og Venesúela, auk þess að fljúga í Evrópu, Afríku og víðar. „Allan ársins hring eru meira og minna 4 til 6 vélar að fljúga erlendis á okkar vegum," segir Jón Karl.

**LEIÐAKERFIÐ ER LYKILLINN**

Jón Karl segir að mörgu að hyggja í jafn umsvifamiklum rekstri auk þess sem samkeppni sé mjög hörð, en Icelandair njóti þar þó ákveðinnar sérstöðu. „Það er algjörlega með ólíkindum að fyrirtæki skuli árlega flytja fimmfalt magn heimamarkaðar. Í heiminum þekkjast engin dæmi um annað eins fyrirbæri. Umsvifin eru því gríðarlega mikil á erlendum mörkuðum." Lykilinn að þessum miklu umsvifum segir Jón Karl felast í leiðakerfinu, en með því að hafa Keflavíkurflugvöll sem tengipunkt sé hægt að fjölga svo möguleikum í tengingum áætlunarstaða. Fyrst í stað segir hann umræðuna hjá félaginu hafa snúist nokkuð um hvort raunhæft væri nota Ísland sem lendingarstað í millilandafluginu, en svo, fyrir um 20 árum, hafi verið tekin ákvörðun um að líta á lendingu hér sem styrkleika í stað kvaðar. „Með því að fljúga um Ísland og nota þetta ótrúlega kerfi verður sveigjanleikinn í markaðnum svo mikill. Til dæmis ef opnaður er nýr áfangastaður, svona eins og San Fransiskó í fyrra, þá er ekki bara verið að setja upp leið milli einhverra tveggja borga, heldur fjölda áfangastaða með Ísland sem tengipunkt. Þetta þýðir að áhættan sem tekin er gagnvart því að eitthvað eitt markaðssvæði sé nægilega sterkt til að standa undir áætlunarflugi er miklu dreifðari. Við erum að opna nýjan áfangastað fyrir fyrir Íslendinga og um leið opnum við leið frá vesturströnd Bandaríkjanna til fimmtán borga í Evrópu og frá borgunum til baka." Jón Karl segir fá flugfélög státa af sambærilegu kerfi, en Finnair hefur í Finnlandi byggt upp svipað kerfi í kringum flug til Asíu.

## FARÞEGAR ICELANDAIR

| Ár | Þúsundir farþega |
|---|---|
| 2005 | 1.526 |
| 2004 | 1.332 |
| 2003 | 1.133 |
| 2002 | 1.199 |
| 2001 | 1.358 |
| 2000 | 1.432 |
| 1999 | 1.327 |
| 1998 | 1.322 |
| 1997 | 1.086 |
| 1996 | 958 |
| 1995 | 830 |

*Heimild: Icelandair Group*

**KYNSLÓÐASKIPTI EIGA SÉR STAÐ**

Jón Karl segir óvarlegt að vanmeta mikilvægi öflugra samgangna til og frá landinu. „Ég á sæti í Verslunarráði og þar höfum við verið að velta fyrir okkur hvað skapar útrás íslenskra fyrirtækja og hvað kemur til með að halda þeim í landinu. Af hverju heldur KB banki áfram að vera hér þegar 70 prósent umsvifa hans eru í útlöndum? Auðvitað spilar skattaumhverfi og fleira þar inn í, en allir sem reka hér stórfyrirtæki eru sammála um að miklir möguleikar á flugsamgöngum í allar áttir, bæði austur og vestur um haf, þýði að hér sé hægt að skapa aðstöðu til að reka fyrirtæki í alþjóðaviðskiptum," segir hann og bendir á að á degi hverjum séu fleiri ferðir frá Keflavík til Bandaríkjanna, en eru samanlagt frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þá segir Jón Karl mikla tíðni ferða inn í landið hafa skapað hér möguleika til frekari markaðsetningar á ferðum hingað til lands og þar komi að annarri sérstöðu Icelandair, að auk hefðbundinna fólksflutninga starfi félagið einnig sem ferðaskrifstofa í raun og hafi lengi rekið mjög öflugt markaðsstarf í útlöndum. Hann segir öra fjölgun farþega síðustu ár byggja á markvissu starfi sem löngu var hafið. „Ef verið er að leita að grunninum sem félagið byggir á í dag er hægt að fara alveg aftur til ársins 1988 eða 1989 þegar tekin var ákvörðun um að endurnýja flugflotann," segir hann og bætir við að á þeim tíma hafi heyrst jafnvel raddir um að Sigurður Helgason, þáverandi forstjóri, væri kolruglaður að fara í þau kaup á nýjum vélum. „Breytingar upp á síðkastið eru í sjálfu sér kannski bara eðlilegt framhald af þessu." Verið er að ljúka við stórtækar breytingar á skrifstofum Icelandair við Reykjavíkurflugvöll, en þar sem áður voru mjóir gangar og margar litlar lokaðar skrifstofur eru nú komnir glerveggir og opin vinnusvæði. Jón Karl segir kynslóðaskipti hafa átt sér stað hjá félaginu. „Hér eru komnir nýir stjórnendur og menn horfa hér á flugmarkað sem er ótrúlega breytilegur og slík hreyfing á honum að varla þekkist annað. Hluti af þessu er hversu hreyfanlegar fasteignir flugvélar eru og auðvelt að verða sér úti um þær," segir hann og bendir á að bankar séu líklegri til að lána peninga í flugvélakaup, en margvíslegan annan rekstur. „Verksmiðjan verður þar sem hún er reist, en flugvélin getur elt viðskiptin."



# aflutningum

## u ár og nýafstaðnar eru Icelandair Group, en félagið

**MUNUR Á GERÐUM FLUGFÉLAGA**
Jón Karl segir Icelandair snemma hafa áttað sig á að ferðaþjónusta væri grundvöllur alls rekstrar félagsins. „Það hefur ekki enn verið framleidd flugvél sem ein og sér dregur fólk upp í sig. Almennt finnst fólki ekkert voða gaman að fljúga og kemur ekki hingað bara fyrir ferðalagið, heldur af því að hér er eitthvað við að vera.“ Hann segir Icelandair leika lykilhlutverk með annarri ferðaþjónustu í að búa til og markaðssetja slíkar ástæður til að sækja landið heim. „Flugið er afleiðing ferðaþjónustunnar en ekki orsök. Við lítum á það sem eitt af okkar hlutverkum að taka þátt í að byggja upp þessa ferðaþjónustuímynd,“ segir Jón Karl.

Dæmi um breytt umhverfi í flugrekstri segir Jón Karl vera tilkomu lággjaldaflugfélaga og breytingar á mörkuðum eftir því sem opnist fyrir flug til nýrra landa. „Austur-Evrópa er að opnast og svo er að opnast í Kína og víðar í Asíu þar sem gífurleg tækifæri eru fyrir fyrirtækið. Okkar verkefni er fyrst og fremst að byggja fyrirtækið upp til framtíðar í breyttum heimi,“ segir hann, en fyrirtækið er með söluskrifstofur og fulltrúa að störfum um mestallan heim.

Jón Karl segir því ekki að neita að vera kunni einhver samlegðaráhrif í fyrirtækjum FL Group, en auk Icelandair á eignarhaldsfélagið einnig lággjaldaflugfélagið Sterling. Hann segir þó grundvallarmun á hefðbundnum stærri flugfélögum og lággjaldaflugfélögum. „Icelandair er þarna einhvers staðar mitt á milli. Við höfum alla tíð byggt á að selja að langstærstum hluta flug til almennra ferðamanna, sem eru mjög meðvitaðir um verðlag. Icelandair er því öðruvísi flugfélag en til dæmis SAS eða BA, sem byggja á mjög stórum viðskiptamannamarkaði heima fyrir. En hvað varðar dreifingu á okkar vöru líkjumst við hefðbundnari félögum. Við erum tengd á stærri netbanka og ferðaskrifstofur geta bókað ferðir í gegn um okkar kerfi en þurfa ekki að fara inn á internetið til þess. Hins vegar eru lággjaldafélögin sem selja bara ferðir frá A til B, eða svokallaðar *point-to-point* ferðir.“ Fram til þessa hefur ekki verið mikill samgangur milli þessara tveggja gerða flugfélaga. „Grundvallarregla í rekstri lággjaldaflugfélaga er einfaldleiki, en þetta snýst ekki bara um hvort fólk fær mat eða aðrar veitingar um borð, heldur hvernig bóka má áframflug með öðru flugfélagi gegnum okkar bókunarkerfi, allt á áfangastað.“ Þannig segir Jón Karl að Icelandair beri ábyrgð á ferð farþegans alla leið. „Ef einhver er á leiðinni til Hong Kong og lendir í seinkun í London, fellur á okkur kostnaður við hótel og slíkt. Í hinu kerfinu er fólk á eigin vegum á hverjum áfangastað og verður sér sjálft úti um framhaldsflug.“ Hann segir kerfin tvö þó hafa nálgast og lággjaldaflugfélög sérstaklega farin að horfa til tenginga inn á stærri bókunarkerfin.

**FRAMUNDAN ER VÖXTUR**
Flugrekstur er hins vegar erfiður og víða hafa flugfélög staðið tæpt eða jafnvel farið á hausinn síðustu ár. Jón Karl segir það ekki síst fyrir áhrif eldsneytisverðsins, en fyrir um fjórum árum hafi menn velt því fyrir sér hvort flugrekstur í heiminum þyldi almennt hærra olíuverð en 300 dollara á tonnið. „Á síðasta ári sló verðið í 750 dollara. Eldsneytisverð er að verða sambærilegur kostnaðarliður og laun. En þrátt fyrir þetta höfum við náð að skila viðunandi árangri og erum bjartsýn fyrir árið í ár,“ segir hann, en hærra eldsneytisverði hefur verið mætt með hagræðingu á öðrum sviðum og betri sætanýtingu, auk þess sem tækniþróun hefur dregið mjög úr eldsneytisnotkun vélanna. „Núna er eyðsla þeirra um 40 prósentum minni en fyrir ekki lengri tíma en 10 til 15 árum. Við sjáum hins vegar ekkert í spilunum sem bendir til að verð á eldsneyti muni lækka.“

Þá er fyrirséð að gengisþróun krónunnar geri ferðaþjónustu hér erfitt fyrir vegna þess hve útlendingum þykir dýrt að koma hingað. Jón Karl býst því ekki við áframhaldandi örum vexti nú í kjölfar metárs í fyrra. „Sérstaklega finnum við fyrir þessu í hópum sem hingað koma á ráðstefnur og fundi og eru afskaplega mikilvægir viðskiptavinir utan háannatímans.“ Hann segir því markið á þessu ári sett á að viðhalda þeim farþegafjölda sem félagið hafi náð. „Við höfum stækkað mjög hratt síðustu tvö ár og það getur verið kostnaðarsamt að stækka hratt. Því höfum við ætlað okkur að ná nú inn og halda þessu við, en á sama tíma veltum við fyrir okkur áfangastöðum fjær og í austurátt. Við höfum þegar hafið leiguflug inn á Japansmarkað og er verið að velta fyrir sér næstu skrefum í þeim efnum. Á næstu árum sér maður fyrir sér að fyrirtækið geti stækkað mjög hratt. Vaxtatækifærin eru mikil. Þó svo að gengið sé hátt núna benda allar kannanir til að Ísland sé eftirsóttur áfangastaður. Til lengri tíma höfum við sett markið á 7 til 10 prósenta aukningu á farþegafjölda hingað til lands þó við gerum kannski ekki ráð fyrir því á þessu ári.“ Gangi eftir tvöföldun farþega hingað til lands á næstu tíu árum kallar það á stækkun leiðakerfisins og þegar er hafinn undirbúningur að auknum flutningum. Icelandair hefur pantað fimm svokallaðar Dreamlinerþotur, en það eru 787 vélar frá Boeing. „Þær geta farið að koma inn í fyrsta lagi 2010, eða 2012, eftir því hvað við viljum gera, en vélarnar taka 270 til 280 farþega hver.“

Jón Karl segir að í heiminum öllum sé gert ráð fyrir 4 til 6 prósenta vexti á flugmörkuðum á ári hverju og jafnvel enn hraðari vexti þegar stórir markaðir á borð við Kína og Indland opnast. „Þessir markaðir eru svo ótrúlegir,“ segir hann og bendir á að í Indlandi einu, þar sem býr um 1,1 milljarður manna, séu miðstéttarmenn, nokkuð vel settir eða efnaðir, 250 milljón talsins, jafn margir og Bandaríkjamenn eru. „Og svo held ég séu um 50 milljónir sem teljast myndu mjög ríkir, jafn margir og Bretar. Þannig að rétt má ímynda sér hver áhrifin verða þegar þessi ríki opnast enn frekar og fólk frá þessum löndum fer að ferðast meira.“

### HVAÐ ER ICELANDAIR GROUP?

*Kjarnastarfsemi gömlu Flugleiða, flugsamgöngur milli landa með fólk og varning, er nú rekin undir hatti Icelandair Group, en Flugleiðir hafa breyst í fjárfestingar- og eignarhaldsfélagið FL Group. Alls starfa hjá fyrirtækjum Icelandair um 2.200 manns, en stöðugildin eru um 1.700 talsins.*

**1** Icelandair er alþjóðlegt flug- og ferðaþjónustufyrirtæki sem er með reglulegt flug til fjölda áfangastaða bæði austan hafs og vestan. Hjá fyrirtækinu starfa að meðaltali um 1.000 manns. **www.icelandair.is**

**2** ITS, eða Tækniþjónustan Keflavíkurflugvelli, annast viðhald flugvéla Icelandair bæði í Keflavík og erlendis, auk þess að annast viðhald véla annarra flugfélaga sem lenda á Keflavíkurflugvelli. Hjá ITS starfa yfir 200 manns. **www.its.is** (vefur í smíðum)

**3** Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. annast flugvallaþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli og skiptist upp í fjórar deildir; flugafgreiðslu, flugeldhús, veitingaþjónustu í flugstöð og fraktmiðstöð. Hjá Flugþjónustunni starfa um 360 manns. **www.igs.is**

**4** Loftleiðir Icelandic býður ferðaskrifstofum og flugfélögum upp á leiguþjónustu, bæði á flugvélum og áhöfnum. Fastir starfsmenn eru um 10 talsins. **www.loftleidir.com**

**5** Icelandair Cargo ehf. er flugflutningafyrirtæki á leiðum yfir Norður-Atlantshafið, með flutning til og frá Íslandi sem kjölfestu. Hjá félaginu starfa um 50 manns. **www.icelandaircargo.is**

## *Saga Icelandair til dagsins í dag*

Sögu Icelandair má rekja 69 ár aftur í tímann norður á land, en 66 ár eru síðan heitið Icelandair var fyrst notað um erlenda starfsemi félagsins. 33 ár eru síðan Flugleiðir urðu til og FL Group varð til fyrir tæpu ári.

3. júní árið 1937 var Flugfélag Akureyrar stofnað á Akureyri, en þremur árum síðar voru höfuðstöðvar félagsins fluttar til Reykjavíkur og nafninu breytt í Flugfélag Íslands. Sama ár varð erlent heiti félagsins Icelandair. Fyrsta vél félagsins var TF-ÖRN, fimm sæta sjóflugvél af gerðinni Waco YKS.

Auk farþegaflutninga sinnti félagið í fyrstu síldarleitar- og sjúkraflugi. Síðar eignaðist Flugfélag Íslands aðra Waco-flugvél og árið 1941 var ráðist í að kaupa fyrstu tveggja hreyfla flugvélina. Hún var af Beechcraft D18 gerð og kom til landsins árið 1942. Fyrsti Catalina-flugbáturinn í eigu Flugfélags Íslands kom til landsins 1944 og árið 1946 eignaðist félagið fyrsta „Þristinn“, DC-3 Dakota (C-47).

**SAMKEPPNI**
Árið 1944 var einnig stofnað annað flugfélag í svipuðum verkefnum með Stinson Reliant flugvél. Þrír ungir menn höfðu snúið heim frá flugnámi í Kanada og stofnuðu Loftleiðir. Þar bættust næstu ár einnig við vélar í innanlandsfluginu, en fram til ársins 1945 einskorðaðist starfsemi beggja félaga við það.

11. júlí 1945 var svo í fyrsta skipti flogið með farþega í íslenskri flugvél til útlanda þegar Catalina-flugbáti Flugfélags Íslands var flogið til Largs Bay í Skotlandi. Nokkrum dögum síðar var svo flogið til Kaupmannahafnar með viðkomu á Skotlandi. Ferðirnar voru með fyrstu almennu farþegaflugferðum innan Evrópu eftir stríð. Loftleiðir byrjuðu millilandaflug árið 1947 en hófu áætlunarflug milli Bandaríkjanna og Lúxemborgar með viðkomu á Íslandi árið 1955. 1. júlí 1967, hóf svo Gullfaxi, Boeing 727 þota Flugfélags Íslands, millilandaflug á áætlunarleiðum. Gullfaxi var fyrsta þotan í eigu Íslendinga.

**FLUGLEIÐIR VERÐA TIL**
Á sjötta og sjöunda áratugnum einbeitti Flugfélag Íslands sér að innanlandsflugi og flugi milli Íslands og Evrópu en Loftleiðir sinntu eingöngu flugi yfir Norður-Atlantshaf, milli Evrópu og Ameríku, með viðkomu á Íslandi. Með vaxandi samkeppni varð svo úr að félögin voru sameinuð og eignarhaldsfélagið Flugleiðir hf. stofnað árið 1973. Árið 1979 var svo ákveðið að rekstur og öll starfsemi félaganna heyrði beint undir og væri á ábyrgð Flugleiða. Ákveðið var að nota nafnið Icelandair um nýja félagið í útlöndum og Flugleiðir innanlands.

**NÝTT SKIPULAG Á NÝRRI ÖLD**
Eftir mikinn vöxt og margháttaða endurnýjun flugflotans kom til endurskipulagningar hjá Flugleiðum á nýrri öld. Í janúar 2003 varð Flugleiðir hf. eignarhaldsfélag ellefu fyrirtækja í ferðaþjónustu og flugrekstri og dótturfyrirtækið Icelandair var stofnað til að taka við millilandafluginu. 10. mars 2005 var nafni Flugleiða svo breytt í FL Group og ákveðið að leggja meiri áherslu á fjárfestingar. Í október í fyrra var svo gerð grundvallarbreyting á skipulagi FL Group og fjárfestingar urðu aðalverkefni félagsins um leið og flug- og ferðatengdum rekstri var skipt í tvö aðskilin dótturfélög. Undir annað, Icelandair Group, heyrir alþjóðlegur flugrekstur, Icelandair, Icelandair Cargo, Loftleiðir-Icelandic, Bláfugl, Flugflutningar, Icelandair Technical Services og Icelandair Ground Services. Undir hitt félagið, FL Travel Group, heyra fyrirtæki sem annast ferðaþjónustu hér, Flugfélag Íslands, Ferðaskrifstofa Íslands, Flugleiðahótel, Íslandsferðir, Kynnisferðir og Bílaleiga Flugleiða.



**Í FLUGSTJÓRNARKLEFANUM** Það stekkur enginn á bak við stýri risaþotu í millilandaflugi og tekur af stað enda takka og stillingaflóran yfirþyrmandi.

# Nýjar höfuðstöðvar rísa

Skrifstofur Samskipa í Rotterdam og dótturfyrirtækisins Geest North Sea Line sameinast undir einu þaki í byrjun næsta árs þegar félögin flytja í nýja skrifstofubyggingu sem nú er verið að reisa á gamla hafnarsvæðinu í Rotterdam.



**SVONA MUNU NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR SAMSKIPA Í ROTTERDAM LÍTA ÚT** Höfuðstöðvar Samskipa í Rotterdam eru hluti af svokölluðu "DockWorks" verkefni við Waalhaven O.Z., sem hafnaryfirvöld í Rotterdam og eitt stærsta verktakafyrirtæki Hollands, OVG, standa að.

Höfuðstöðvar erlendrar starfsemi Samskipa verða í nýju byggingunni og er flutningnum þangað ætlað að auðvelda öll samskipti og hjálpa til við að sameina bæði starfsfólk og menningu þeirra erlendu fyrirtækja sem sameinuð hafa verið rekstri Samskipa á undanförnum misserum. Í fréttatilkynningu er haft eftir Michael F. Hassing, öðrum forstjóra Samskipa, að fyrirkomulagið muni leiða til mikillar hagræðingar í rekstri, samtímis því sem þjónustan við viðskiptavini okkar verður enn markvissari.

Höfuðstöðvar Samskipa í Rotterdam eru hluti af svokölluðu „DockWorks“ verkefni við Waalhaven O.Z., sem hafnaryfirvöld í Rotterdam og eitt stærsta verktakafyrirtæki Hollands, OVG, standa að. Byggingaframkvæmdir eru þegar hafnar og eru verklok áætluð í lok þessa árs. Samskip leigja eina af þeim fjórum byggingum sem rísa þarna og eru innblásnar af gámaflutningaskipunum sem losa og lesta í Waalhaven.



**KB BANKI VAR VERÐLAUNAÐUR Í FYRRA** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra KB banka, þekkingarverðlaunin sem bankinn hlaut fyrir leiðtogahlutverk sitt.

# Þekkingardagurinn á morgun

Haldið verður upp á íslenska þekkingardaginn á morgun með ráðstefnu og verðlaunaafhendingu á milli klukkan 13.15 og 17 á Hótel Nordica. Þetta er í sjötta sinn sem dagurinn er haldinn hátíðlegur og er þemað að þessu sinni Stefnumótun. Þrjú fyrirtæki eru tilnefnd til íslensku þekkingarverðlaunanna; Actavis, Avion Group og Bakkavör. Þá verður einnig tilkynnt um val á viðskiptafræðingi/hagfræðingi ársins sem talinn er hafa skarað fram úr á þessu sviði. Á seinasta ári var þemað leiðtoginn og varð KB banki þá fyrir valinu og Sigurður Einarsson valinn hagfræðingur ársins.

Á dagskránni verður meðal annars erindi Mortens Lund, sem hefur verið einn af lykilmönnun í stefnumótun fyrirtækjanna Skype og BullGuard. Þórdís Sigurðardóttir, forstöðumaður norrænna fjárfestinga hjá Baugi Group og stjórnarformaður Dagsbrúnar, Magnús Stephensen, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Avion Group, Gunnlaugur M. Sigmundsson, forstjóri Kögunar, og Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga hjá Landspítala - háskólasjúkrahúsi, munu jafnframt koma fram. - hhs


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**





ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*



B9 TRIBECA

ALLT ÖÐRUVÍSI



Subaru Tribeca er einn metnaðarfyllsti bíll sem Subaru hefur þróað til þessa. Hann er 7 manna lúxusjeppi með 3,0 lítra Boxer vél og Subaru aldrifi sem skila 250 hestöflum og einstökum aksturseiginleikum. Hann er öðruvísi en allt annað á markaðnum, keppir við þá bestu en kostar mun minna. Hann er einfaldlega magnaður.

| Tegund | Verð |
| --- | --- |
| TRIBECA sjálfskiptur | 4.750.000,- |

www.subaru.is

SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



# Peningamarkaðssjóður ÍV

## var með bestu ávöxtun sambærilegra sjóða á árinu 2005




nafnávöxtun m.v. tímabilið 1. janúar 2005 til 31. desember 2005.

Peningamarkaðssjóður ÍV hentar vel til skemmri tíma ávöxtunar hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki. Enginn kostnaður er tengdur viðskiptum með hlutdeildarskírteini sjóðsins. Fjárfest er í ríkistryggðum verðbréfum, verðbréfum fjármálafyrirtækja, víxlum og skuldabréfum traustra sveitarfélaga og fyrirtækja. Sveiflur á gengi sjóðsins eru mjög litlar.

Skoðaðu nánar á síðu Lántrausts hf., www.sjodir.is
Hlutlaus aðili - réttur samanburður.

Íslensk verðbréf er sérhæft fyrirtæki á sviði eignastýringar og stýrir í dag 75 milljörðum króna fyrir hönd fjárfesta.

Skoðaðu heimasíðu okkar **www.iv.is**

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

## Eignastýring er okkar fag!

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

ÍSLENSK VERÐBRÉF HF. • STRANDGATA 3 • 600 AKUREYRI • SÍMI 460 4700 • FAX 460 4717 • www.iv.is

GEIMSTOFAN

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Íslendingar verða alltaf settir undir sama hatt í erlendri umræðu.

# *Við getum lært af vandræðum Dana*

**Hafliði Helgason**

Bankarnir hafa skilað uppgjörum sínum og eins og við var á búast sjást merki mikillar velsældar í uppgjörum þeirra. Það er nánast sama hvert litið er. Bankarnir hafa nýtt hagfellt umhverfi vel og íslenskt fjármálakerfi stendur traustari fótum nú en nokkru sinni fyrr.

Hagfellt umhverfi eitt og sér er ekki nóg. Íslenskt efnahagslíf hefur verið í miklum ham með tilheyrandi styrk krónunnar og miklu lausu fé sem leitað hefur ávöxtunar.

Íslensk fyrirtæki með bankana í fararbroddi hafa nýtt þetta ástand vel og byggt upp fjölbreytt eignasafn erlendis. Hingað til hafa þessar fjárfestingar heppnast vel og ef þær reynast vel í framtíðinni munu þær vinna á móti niðursveiflu í íslensku hagkerfi sem er óhjákvæmileg þegar dregur úr erlendri fjárfestingu í stóriðju.

Í umræðum að undanförnu hafa menn teflt saman stóriðju og sprotafyrirtækjum í umræðum um efnahagslega framtíð þjóðarinnar. Skiljanlegt er að íslenskir frumkvöðlar séu langþreyttir á því að glíma samhliða við sterka krónu, há innlend laun og seinagang stjórnvalda til að auðvelda þeim lífið við þessar aðstæður. Ekki er um það deilt að stóriðjan skapar ágætlega launuð störf og skynsamleg nýting orkulinda þjóðarinnar er efnahagslega mikilvæg. Spurningin er alltaf um hversu hratt á að ganga fram og hverju skal fórna fyrir uppbyggingu stóriðjunnar. Langvarandi samfellt skeið stóriðjufjárfestinga með tilheyrandi styrk krónunnar kann að drepa af sér ýmis betri tækifæri til uppbyggingar. Það er því full ástæða til að ígrunda vel þau skref sem stíga á í uppbyggingunni.

Umræða um stóriðju hefur haft tilhneigingu til að enda í einsleitum skotgröfum, þar sem virðist óhjákvæmilegt að vera með eða á móti. Það er lítið gagn að svo svart/hvítri umræðu.

Menn stjórna hins vegar sjaldnast umræðunni og síst þegar hún er þrungin tilfinningu. Særðar tilfinningar eru sýnu verstar viðureignar. Slíkt hefur komið skýrt í ljós að undanförnu, bæði í umræðu um DV hér á landi og nú síðast í særðum tilfinningum múslima yfir skopteikningum í Jyllands Posten.

Í umræðunni um skopteikningarnar takast á tvö helg fyrirbæri og árekstur menningarheima. Tjáningarfrelsi er helgur réttur og trúartilfinning er helg tilfinning. Þjóðin sem heild getur ekki borið ábyrgð á skoðunum einstaklinga innan hennar. Danir geta sem heild vart beðist afsökunar á einhverju sem einstaklingur hefur gert. Hversu óskynsamleg sem viðbrögð særðra fylgismanna Múhameðs eru, leiða þau eitt skýrt í ljós. Þjóðir eru í slíkri umræðu settar undir sama hatt. Þannig bitnar nú einn brandari í dönsku blaði á hagsmunum heillar þjóðar. Það er ósanngjarnt og heimskulegt, en engu að síður staðreynd.

Í þessu felst þörf áminning til okkar hér. Við höfum mátt horfa upp á afar villandi og ósanngjarna umfjöllun í dönskum fjölmiðlun um íslenskt viðskiptalíf. Sú umræða var einhliða og allir settir undir sama hatt. Nú fá Danir og danskir hagsmunir að kenna á svipuðum meðulum menguðum af trúarofstæki. Þetta getur orðið þeim til nokkurs tjóns.

Þar sem átök eru á milli manna og hópa verða alltaf til sögusagnir og illmæli og ekki alltaf sannleikanum samkvæmt. Á leikvelli alþjóðlegra viðskipta verður þjóð sem er þriðjungur af milljón aldrei afgreidd öðruvísi en sem ein heild. Á slíkum velli mun hvert högg sem greitt er andstæðingi koma í bakið á þeim sem til höggsins reiðir. Umræða sem komin er af stað verður illa stöðvuð og á það til að lifna við þegar síst skyldi. Þá gildir einu hvort sú umræða er byggð á staðreyndum eða sögusögnum.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

**Ætlar þú að grípa tækifærið?**

*„Námið er mjög markvisst og ýtir skemmtilega við gömlu heilasellunum.“*
Sigurður Jónsson, 59 ára afgreiðslumaður

**Viltu veita starfsmönnum þínum tækifæri til að marka fyrirtæki þínu varanlega sérstöðu í ört vaxandi samkeppni?**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið Hraðlestrarskólans eru sérsniðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, skilningur og markvissari upplýsingaöflun starfsmanna þinna gæti opnað þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?**

Hafðu samband í síma **586-9400**, sendu póst á jovvi@h.is eða kíktu á http://www.h.is

HRAÐLESTRARSKÓLINN

# Er meiri frumkvöðlastarfsemi alltaf betri en minni?

Í alþjóðlegri rannsókn á frumkvöðlastarfsemi hefur komið í ljós að frumkvöðlastarfsemi er mun meiri í löndum með litlar þjóðartekjur, t.d. Úganda, en í löndum með miklar þjóðartekjur, t.d. Japan. Þessar niðurstöður hafa vakið upp ýmsar spurningar um mikilvægi frumkvöðlastarfsemi fyrir velferð þjóða.

Frumkvöðlastarfsemi er eitt af þessum hugtökum sem hefur yfir sér jákvætt yfirbragð án þess að við vitum nákvæmlega hvað það þýðir. Það er gjarnan notað á tyllidögum þegar horft er til framtíðar eða dáðst af afrekum fortíðar. Oftar en ekki er sjónum beint að frumkvöðlinum; einstaklingi sem með framsýni og eljusemi hefur á árangursríkan hátt staðið á bak við mikilvægar nýjungar í samfélaginu, yfirleitt gegn vilja misvitra samtíðarmanna sinna.

Þrátt fyrir almenna merkingu hugtaksins þá er það í dag oftast notað í tengslum við viðskipti. Skýringin er líklega sú að hagfræðingar hafa notað hugtakið til þess að lífga upp á kenningar sínar um framvindu hagkerfisins. Þar hefur frumkvöðullinn tekið ákvarðanir í óvissu umhverfi, verið boðberi nýsköpunar og séð til þess að leiðrétta óeðlilega verðmyndun. Er litið svo á að án frumkvöðlastarfsemi verði ekki til nýjar tegundir af vöru eða þjónustu, engar nýjar framleiðsluaðferðir eða aðrar breytingar sem liggja til grundvallar aukinni framleiðni og velferð. Án frumkvöðlastarfsemi myndi

**ORÐ Í BELG**



**Rögnvaldur J. Sæmundsson,**
forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum.

hagkerfið því staðna og lífskjör versna.

Það ætti því ekki að koma á óvart að stjórnvöld sýni frumkvöðlastarfsemi mikinn áhuga og vilji efla hana með öllum tiltækum ráðum. En er meiri frumkvöðlastarfsemi alltaf betri? Getur hún orðið of mikil? Ein leið til þess að reyna að svara þessum spurningum er að bera saman frumkvöðlastarfsemi í hinum ýmsu löndum eins og Global Entrepreneurship Monitor (GEM) rannsóknin hefur gert síðan árið 1999.

GEM-rannsóknin hefur sýnt að umfang frumkvöðlastarfsemi er mjög breytilegt eftir löndum. Í Japan stunda um 2% þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára frumkvöðlastarfsemi á meðan samsvarandi hlutfall mælist 25% í Venesúela, 32% í Úganda og rúmlega 40% í Perú. Í flestum Vestur-Evrópulöndum er umfangið um 5% á meðan það er yfir 10% á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hvernig stendur á þessum mismun? Er 2% of lágt hlutfall? Er 40% of hátt?

Áður en áfram er haldið er rétt að skoða hvað er verið að mæla í GEM-rannsókninni. Eðli málsins samkvæmt er erfitt að meta frumkvöðlastarfsemi á áreiðanlegan hátt. Í GEM-rannsókninni er litið á frumkvöðlastarfsemi sem sérhverja tilraun til að koma á fót viðskiptastarfsemi, hvort sem hún á sér upptök innan starfandi fyrirtækis eða hjá einstaklingum, hvort sem hún leiðir til stofnunar fyrirtækis eða ekki og hvort sem hún er árangursrík eða ekki. Ef viðskiptastarfsemi hefur verið stunduð í meira en 42 mánuði þá telst hún ekki lengur til frumkvöðlastarfsemi. Í sumum löndum eru því mjög fáir sem gera tilraun til þess að koma á fót viðskiptastarfsemi en í öðrum löndum jaðrar við að um helmingur þjóðarinnar standi í slíkum stórræðum.

Þessi mikli mismunur kom töluvert á óvart. Hvernig má það vera að Úganda og Perú standa sig best allra þjóða í frumkvöðlastarfsemi? Löndin teljast til fátækari landa heimsins og niðurstaðan því í hróplegri mótsögn við fyrri rök um mikilvægi frumkvöðlastarfs fyrir velmegun þjóða. Á sama hátt var lítið umfang í Japan og Vestur-Evrópu í mótsögn við velmegun þeirra þjóða.

Þegar betur var að gáð fundust skýringar á þessum mismun. Þar sem fór saman mikil frumkvöðlastarfsemi og lágar þjóðartekjur þá stundaði mjög hátt hlutfall aðspurðra frumkvöðlastarfsemi vegna þess að þeim stóð ekki til boða nein önnur atvinna. Með vaxandi þjóðartekjum eru fleiri valmöguleikar í boði og þeir sem stunda frumkvöðlastarfsemi gera það vegna þess að þeir sjá í því tækifæri sem þeir taka framyfir aðra launavinnu. Tækifærið felst þó ekki alltaf í auknum tekjum heldur skiptir sjálfstæði miklu máli.

Niðurstaðan sýnir okkur að meiri frumkvöðlastarfsemi þarf ekki alltaf að vera betri. Í vissum tilfellum getur verið beinlínis æskilegt að stuðla að aðgerðum sem draga úr frumkvöðlastarfsemi. Það er því ekki sama hvers eðlis frumkvöðlastarfsemin er til þess að hún skili sér í aukinn velferð. Meira um það síðar.

Frekari upplýsingar um GEM-rannsóknina má finna á www.ru.is/gem og www.gemconsortium.org.



**Í GEM rannsókninni er litið á frumkvöðlastarfsemi sem sérhverja tilraun að koma á fót viðskiptastarfsemi, hvort sem hún á sér upptök innan starfandi fyrirtækis eða hjá einstaklingum, hvort sem hún leiðir til stofnunar fyrirtækis eða ekki og hvort sem hún er árangursrík eður ei.**

**UM VÍÐA VERÖLD**

## *Eitt skref í einu*

**The Economist** | The Economist gerir bandaríska heilbrigðiskerfið að umfjöllunarefni. Blaðið segir heilbrigðisyfirvöld í flestum ríkjum heims glíma við vandamál, óvíða sé vandinn þó jafn umfangsmikill og í Bandaríkjunum. Gígantískir heilbrigðisreikningar haldi niðri launum í landinu og heilbrigðistryggingar starfsmanna séu við það að sliga mörg fyrirtæki. Samkvæmt opinberum tölum fara sextán prósent landsframleiðslu Bandaríkjanna árlega í heilbrigðiskerfið, tvöfalt meira en í flestum öðrum iðnríkjum. Þrátt fyrir það sé þjónustan mun verri en annars staðar; Bandaríkin, eitt þróaðara ríkja, tryggi ekki öllum borgurum heilbrigðisþjónustu, fjörutíu og sex milljónir Bandaríkjamanna séu ótryggðir auk þess sem gríðarlegum fjármunum sé sólundað innan kerfisins. The Economist skorar á George W. Bush að taka til, en varar við byltingu; heillavænlegast sé að taka eitt skref í einu.

## *Hin heilaga þrenning*

**The Guardian** | Mark Tran fjallar um yfirtöku Disney á tölvumyndafyrirtækinu Pixar í The Guardian. Hann segir ástæður yfirtökunnar augljósar. Disney ætli á toppinn á ný. Disney hafi árum saman verið risi í teiknimyndagerð en með tilkomu tölvugerðra teiknimynda hafi fyrirtækið dregist aftur úr. Á því sviði sé Pixar hins vegar fremst meðal jafningja; hafi meðal annars framleitt stórmyndirnar Toy Story og The Incredibles á meðan Disney hafi staðið að hverri moðmyndinni á fætur annarri. Tran reynir einnig að ráða í framtíð hins nýja Disney-Pixar. Stjórnarformaður Pixar, og stærsti hluthafi, er enginn annar en Steve Jobs, forstjóri Apple Computer. Því liggi í augum uppi að Disney muni á einhvern hátt reyna að tengja teiknimyndir Pixar við iPod-undrið og að líklega verði brátt hægt að nálgast myndir fyrirtækisins gegnum iTunes-forritið.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Vatnstjón í fyrirtækjum

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá

Fyrir stuttu stöðvaðist rekstur fyrirtækis eins í nokkurn tíma vegna þess að gleymst hafði að skrúfa fyrir slöngu við uppþvottavél þegar fyrirtækið var yfirgefið á föstudagskvöldi. Slangan hafði gefið sig og kalt vatn hafði lekið um gólf fyrirtækisins í rúman sólarhring. Mikið tjón hlaust af auk þess sem starfsemin lá niðri um hríð. Óhöpp af þessu tagi eru mjög algeng og má gera ráð fyrir að 40-45% tilkynntra tjóna til tryggingafélaga úr fasteignatryggingu séu af þessum toga. Í þessari grein verða raktar helstu ástæður fyrir tjónum af þessu tagi:

Í fyrsta lagi eru algengustu tjónin vegna hulinna lagna þ.e. vatnsröra inni í vegg eða í gólfum. Ástæður þeirra eru margvísleg t.d. að raki kemst að rörum og veldur ytri tæringu og rörin ryðga sundur. Það getur komist raki undir eða með glugga, undir svalahurðir og gegnum sprungur í veggjum. Það er því nauðsynlegt að fylgjast með ástandi húseignar utanhúss. Í öðru lagi verður bilun í samskeytum röra. Í þriðja lagi verða vatnstjón vegna bilunar eða tæringar í hitaofnum. Loks verða tjón af þessu tagi vegna bilunar í frárennslisrörum. Með árunum tærast þessi rör eða þau síga og stíflast í kjölfarið. Fá óhöpp eru jafn hvimleið og bilun í frárennsli bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

Til að draga úr óhöppum af þessu tagi má nefna eftirfarandi fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Sem flestar vatnslagnir verði sýnilegar eða í utanáliggjandi stokkum. Það minnkar tjón og auðveldar viðgerð. Gott aðgengi þarf að vera að hitaveitugrind og inntakskrönum fyrir heitt og kalt vatn.
- Reglubundið eftirlit þarf að eiga sér stað með lögnum, vatnslásum og samskeytum.
- Starfsmenn þurfa einnig að hafa vitneskju um hvernig bregðast eigi við ef vatn fer að flæða. Þeir þurfa að vita hvar er skrúfað fyrir inntakskrana, en reynslan er sú að flestir starfsmenn hafa ekki vitneskju um það. Fá má aðstoð frá slökkviliði og tryggingafélögum viðkomandi til að fá búnað til að hreinsa upp vatn.

Verulega má draga úr vatnstjónum í fyrirtækjum með fyrirbyggjandi aðgerðum. Að mæta í vinnuna að morgni og vaða elginn á skrifstofunni er ekki einungis afar hvimleitt heldur einnig kostnaðarsamt fyrir fyrirtæki.

**Sigurður Ingi Geirsson,**
**deildarstjóri munatjóna hjá Sjóvá.**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Minglað með forstjórunum

Nú fer að líða að því að maður taki krakkana úr skólanum í tvær vikur og skelli sér til Flórída eða á skíði í smá frí. Ég geri þetta venjulega eftir uppgjör og aðalfundi. Annað hvort þangað, eða á skíði í Aspen eða Austurríki.

Það sem er sniðugt við þetta er meðal annars það að á þessum tíma taka margir forstjórar smá frí og eru þá einmitt á þessum sömu slóðum. Maður nær því venjulega að fá einhverja tilfinningu fyrir því sem menn eru að gera með því að spjalla við þá, alla vega á leiðinni út og í endalausri bið eftir að komast í gegnum öryggishliðin hjá Kananum. Mér reyndar leiðist alveg svakalega þessi hystería sem er á amerískum flugvöllum.

Skíðasvæðin eru að mörgu leyti betri staður til þess að fá ferskar upplýsingar. Það er alveg magnað hvað Stroh í kakói getur opnað miklar gáttir þegar menn eru líkamlega þreyttir eftir erfiðið í skíðabrekkunum. Ég reyndar gæti mín vel á því að ofreyna mig ekki á skíðunum, en maður verður náttúrlega að sýna sig og sjá aðra.

Ég er alveg sallarólegur yfir markaðnum hér heima í bili. Bankarnir voru að skila dúndur uppgjörum og það verður áfram spenna í þessu sem betur fer. Enda þótt ég sé iðinn við að taka stöður til skemmri tíma, og taki þá oft mikla áhættu, þá er ég alltaf með gott safn þar sem ég horfi til lengri tíma. Ég endurraða reyndar alltaf aðeins í safninu. Bakkavör hefur verið þar í allmörg ár og Össur og Marel. Actavis var stærst á tímabili, en ég innleysti hagnað af því fyrir tveimur árum. Það var eftir að Gunna frænka sagði mér í boði að Parmakó væri góð fjárfesting. Hún og karlinnn hennar hafa alltaf tapað á öllu sem þau hafa gert. Síðasta hálfa árið hef ég verið að stækka það aftur í safninu, hægt og bítandi.

Ég er alveg rólegur yfir þessu ári hjá Actavis, en ég mun taka ákvörðun um framtíðina eftir því sem skýrist hvernig þeir höndla kaup síðasta árs á fyrirtækjum. Ég hef reyndar fulla trú á stjórnendunum, en reynslan hefur kennt mér að maður eykur þungann í fjárfestingu eftir því sem árangurinn kemur skýrar í ljós.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Vildarþjónusta fyrirtækja




Alltaf að vinna?

Í meira en 100 ár höfum við aðstoðað fyrirtæki við fjármálin. Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

Leyfðu okkur að aðstoða þig og nýttu tímann í annað.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

sph
550 2000 | www.sph.is

AURASÁLIN

## Fyndin uppgjör

**Þá hafa bankarnir loksins** skilað uppgjöri fyrir árið. Það er Aurasálinni hulin ráðgáta af hverju þessir bankar geta ekki drifið þetta af á fyrstu dögum ársins. Það getur varla verið svo mikið mál að skoða hver staðan er á bankareikningnum í 31. desember og draga frá það sem var á reikningnum sama dag árið áður. KB banki hlýtur til dæmis að eiga 50 milljarða meira inn á bókinni sinni núna en í fyrra og það er ótrúlegt hvernig hægt er að flækja alla umræðu um þessa einföldu staðreynd. Endurskoðendur og bankamenn hafa mikla hagsmuni af því að láta líta út fyrir að þessi sáraeinfalda starfsemi sé eitthvað meira en hún er.

**En í raun** er þetta mjög einfaldur bransi. Bankarnir taka við peningum hjá fólki og nota þá til að lána þeim aftur. Svo rukka þeir vexti fyrir það sem þeir lána en borga einhverja málamyndarvexti til þeirra sem lána þeim pening. Þetta er ekki flókið.

**KB banki, Landsbankinn, Straumur og Íslandsbanki** hafa grætt meira en 100 milljarða í fyrra. Það er um 300 þúsund kall á hvern Íslending. Aurasálin gerir sér grein fyrir að þetta er ekki mikill peningur fyrir hinn almenna bankamann en það gæti þó munað um þetta fyrir þá fáu Íslendinga sem ekki hefur enn tekist að fá vinnu við að hlaupa um bankana með möppur og pappíra.

**Aurasálin hefur** fylgst af áfergju með svokölluðum kynningarfundum á uppgjörum bankana. Þar mæta bankastjórarnir og halda langar tölur um eiginfjárhlutföll, áhættudreifingu, erlenda starfsemi, gengishagnað og svo framvegis.

**Á þessa fundi** mæta fjárfestar og kinka kolli þegar talnarunurnar dynja á þeim og halda svo heim og kaupa bréf og annað. Það er hins vegar eitt best geymda leyndarmálið á Íslenska markaðnum að hvorki endurskoðendur, bankastjórar eða fjárfestar hafa minnstu hugmynd um hvað þessi hugtök og hlutföll þýða. Staðreyndin er nefnilega sú að mestöll vinna bankanna nú um stundir fer í að skálda upp ný orð til þess að setja inn í næsta ársreikning.

**Meðal orða** sem Aurasálin hefur frétt að verði frumsýnd á næsta ári eru: Arðtekjur hlutdeildarstarfsmanna, fjárkúgun einstaklinga og vaxtafangelsun skuldara. Þá verður reiknað út nýtt hlutfall H/A, sem er hlutfall hagnaðar af arðsemi og er borið fram “HA!”. Þá verður í fyrsta sinn reiknað út hlutfallið ASN/I sem er margfeldi af arði, fjölda erlendra dótturfyrirtækja og nýjum viðskiptamönnum deilt með innri vexti á samstæðugrunni.

**Má því búast** við að umræður um uppgjör bankanna verði jafnvel enn fyndnari á næsta á



**GUÐBRANDUR JÓSEF JEZORSKI VIÐ STÖRF** Guðbrandur hóf rekstur árið 1966 og deildi þá húsakynnum með föður sínum sem var klæðskeri.

# Fjörutíu ára fjölskyldufyrirtæki

**Guðbrandur Jezorski** hefur rekið skartgripaverkstæði í miðbænum í fjörutíu ár, fyrst í Aðalstræti 12 og síðan á Laugavegi 48a. Guðbrandur lærði gullsmíði hér heima og í Þýskalandi og var staðráðinn í því að hefja eigin rekstur þegar hann kæmi heim úr námi. *Jón Skaftason* spjallaði við Guðbrand og komst að því að klæðskurður og skartgripasmíð fara vel saman.

Á þessum árum var ekki hlaupið að því að fá verslunarpláss í miðbænum og brá Guðbrandur því á það ráð að opna verkstæði hjá föður sínum, sem rak klæðskeraverkstæði í Aðalstræti 12, þar sem nú er veitingastaðurinn Maru. Húsið við Aðalstræti var í eigu hinna kunnu kaupmanna, Silla og Valda, sem ráku matvörubúðir víða um bæinn og segir Guðbrandur þá hafa tekið vel í það þegar hann bað um leyfi til að opna skartgripaverkstæði. „Gjörðu svo vel sögðu þeir, hvað sem er. Svo lengi sem ekki er hægt að borða það.“

Það varð því úr að Guðbrandur deildi húsakynnum með klæðskeranum föður sínum. „Ég byrjaði í hálfu herbergi og stillti út á ströngunum hjá pabba. Þetta voru frábær ár, það er alltaf skemmtilegast þegar hlutirnir eru nýir og ferskir.“

Guðbrandur segir samkomulagið milli feðganna alla tíð hafa verið gott þrátt fyrir að kúnnahópurinn hafi ekki verið sá sami. „Þetta var alveg ljómandi fínt. Pabbi var mest í því að sauma úníform en lítið í því að sérsauma. Það var aðallega saumað á fólk sem annaðhvort var of hávaxið eða breitt til að finna föt annars staðar.“

Guðbrandur var tuttugu og þriggja ára gamall þegar hann sneri aftur úr námi en telur ungan aldur ekki hafa háð sér. „Þetta gekk eiginlega alveg ótrúlega vel frá fyrsta degi og vatt smám saman upp á sig. Viðskiptin jukust alltaf hægt og bítandi.“

Aðalstræti 12 brann á gamlársdag 1976, þegar raketta flaug inn um þakglugga á húsinu, og flutti Guðbrandur þá verslunina að Laugavegi 48a þar sem hún hefur verið síðan. „Það var auðvitað gríðarlegt áfall. En það bjargaði mér að ég var búinn að flytja verkstæðið í bakhúsið og tjónið varð því ekki jafn mikið og það hefði getað orðið.“

**Skartgripaverslun Guðbrands J. Jerzorski**
Stofnuð: 1966
Starfsmenn: þrír
Verslun: Laugavegi 48a

### FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

Skartgripaverslun Guðbrands J. Jezorskis er sannkallað fjölskyldufyrirtæki. Starfsmenn eru þrír, Guðbrandur sjálfur, dóttir hans Tína, sem líka er lærður gullsmiður og eiginkonan Barbara Haage sem sér um daglegan rekstur og afgreiðslu í versluninni.

Guðbrandur segir reksturinn alltaf hafa gengið jafnt og þétt og ekki endilega fylgt hagsveiflum. Árin í heild hafi alltaf verið svipuð og afkoman að miklu leyti haldist í hendur við framleiðni. „Kúnnahópurinn hefur stækkað með árunum. Við höfum þó alltaf haldið okkur við handverkið en ekki lagst í neina fjöldaframleiðslu.“

Það eru helst gengissveiflur krónunnar sem hafa haft áhrif á reksturinn. Guðbrandur segir gengisfellingar á níunda áratugnum hafa verið sérstaklega erfiðar. „Gengisfellingarnar nýttust fyrirtækjum í útflutningi vel, til að mynda fiskvinnslunni. En annað gilti um okkur sem þurftum að kaupa allt inn.“

Útlendingar hafa alla tíð verið duglegir að skipta við Guðbrand. Þegar hann var að byrja kom fólk sem vann við framkvæmdir á borð við Búrfellsvirkjun og þá hafa margir laxveiðimenn komið í verslunina árum saman. Það er þó ekki hægt að draga nein nöfn upp úr Guðbrandi. „Maður er svo sem ekkert að hringja í blöðin þótt einhver frægur birtist. Slíkt borgar sig ekki,“ segir hann.

Guðbrandur segir ferðamenn kvarta undan háu gengi krónunnar. „Handgerðir hlutir hafa hingað til ekki þótt dýrir hér á landi, enda ekki flokkaðir sem list líkt og víða erlendis. Nú koma hins vegar Bandaríkjamenn og kvarta, benda á að gripur sem kosti þúsund dali hafi kannski verið á fimm hundruð dali fyrir ári.“

### ÁNÆGÐIR KÚNNAR BESTA AUGLÝSINGIN

Guðbrandur vill ekki gefa upp tölur úr rekstrinum en kveðst ekki kvarta. „Þetta hefur alltaf gengið vel hjá okkur. Auðvitað getur gott lengi batnað en þetta dugar okkar.“

Guðbrandur telur lykilinn að velgengni liggja í því að taka eitt skref í einu, mikilvægt sé að fara ekki fram úr sjálfum sér. „Það eru takmörk fyrir því sem maður getur gert. Áherslan hjá okkur hefur alla tíð verið á gott handverk og vandaða hluti. Velgengni er annars undir manni sjálfum komin, þeirri vinnu sem maður leggur í hlutina.“

Hann segist aldrei hafa auglýst mikið. „Við auglýsum lítið og reynum að vanda valið þegar við gerum það. Við leggjum mikið upp úr gluggaútstillingum en annars eru ánægðir viðskiptavinir besta auglýsing sem völ er á,“ segir Guðbrandur Jezorski.

**„Ég byrjaði í hálfu herbergi og stillti út á ströngunum hjá pabba. Þetta voru frábær ár, það er alltaf skemmtilegast þegar hlutirnir eru nýir og ferskir.“**


Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

# Og Vodafone og Já bæta samstarfið

Já, sem rekur 118, símaskrá.is og gefur út Símaskrána, hefur gert samning við Og Vodafone sem ætlað er að efla samstarf fyrirtækjanna og auka þjónustu við viðskiptavini. Samningurinn á að tryggja að ávallt verði hægt að nálgast nýjustu upplýsingar um símanúmer og heimilisföng viðskiptavina Og Vodafone á simaskrá.is, hjá 118 og í Símaskránni. Hingað til hafa nýjar upplýsingar eingöngu náð til 118.

Í fréttatilkynningu er haft eftir Sigríði Margréti Oddsdóttur, framkvæmdastjóra Jás, að fyrirtækin hafi átt ágætt samstarf um birtingu upplýsinga um símanúmer hingað til. Með þessum samningi verði þjónustan þó enn betri fyrir sameiginlega viðskiptavini Og Vodafone og Jás. Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone, segist binda miklar vonir við samstarfið þar sem samningurinn einfaldi enn öflun upplýsinga um símanúmer Og Vodafone.



SAMSTARF JÁ OG OG VODAFONE.

BESTA RÁÐIÐ

# Jákvæðni og áræðni

Þegar Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri AX hugbúnaðarhúss, er beðin um að deila með lesendum Markaðarins góðu ráði sem nýst hafi henni vel í lífinu segist hún ávallt hafa reynt að tileinka sér jákvætt viðhorf og áræðni. Það sé að hennar mati forsenda velgengni og framþróunar. „Það að tileinka sér þessa eiginleika hefur góð áhrif, hvort sem er í starfi eða leik. Neikvæðni er dragbítur framkvæmda og árangurs.“ Hún bætir svo við að fyrir utan þetta sé svo nauðsynlegt að hafa kjark og þor til að framkvæma og breyta.

Sigríði er einnig sérstaklega minnisstætt ráð sem hún fékk frá tengdaföður sínum þegar hún var að taka við sinni fyrstu framkvæmdastjórastöðu. „Rektu fyrirtækið þannig að þú sért óþörf, að þótt þú látir af stöfum þá geti fyrirtækið lifað góðu lífi áfram.“ Sigríður hefur þessi orð alltaf bak við eyrað, enda er það byggt á eigin reynslu tengdaföður hennar sem hún hefur miklar mætur á. „Ég hef það ávallt í huga og hugsa um enn þann dag í dag. Það skemmtilega er að síðan ég fékk þetta ráð frá tengdaföður mínum hef ég hlustað á marga fyrirlestra, lesið bækur og greinar sem bera einmitt þennan boðskap með sér – að góðir stjórnendur gæti þess að fyrirtækið lifi góðu sjálfstæðu lífi en verði ekki háð þeirra eigin persónu.“



**SIGRÍÐUR OLGEIRSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI AX HUGBÚNAÐARHÚSS.** Jákvætt viðhorf og áræðni eru að hennar mati eiginleikar sem eru vænlegir til vinnings.


## HLUTHAFAFUNDUR SÍF HF.



Hluthafafundur SÍF hf. verður haldinn fimmtudaginn 9. febrúar 2006 kl. 16.30 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17, Reykjavík.

DAGSKRÁ

1. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
2. Önnur mál

*Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir við innganginn og á skrifstofu félagsins að Fornubúðum 5, Hafnarfirði, á fundardaginn.*

*Hafnarfirði, 30. janúar 2006*

*Stjórn SÍF hf.*

SÍF hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu fullunninna matvæla fyrir Evrópumarkað. Hjá SÍF starfa 3.500 manns en félagið starfrækir 12 verksmiðjur í Frakklandi, Englandi og á Spáni. Framleiðslan er seld undir eigin vörumerkjum, sem eru Lyons Seafoods, Labeyrie, Blini, Delpierre og Skandia, og vörumerkjum verslanakeðja.

Mobile Office FRÁ OG VODAFONE

Og Vodafone kynnir

# Vodafone World

**Vodafone World** er einfaldari og skýrari verðskrá í útlöndum fyrir GSM áskrifendur í krafti öflugs samstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Vodafone World gildir fyrir GSM notendur erlendis.

- » Öllum heiminum er skipt upp í 5 verðsvæði.
- » Skýr yfirsýn yfir verð í útlandasímtölum og einfaldur verðsamanburður.
- » Vodafone fyrirtækin eru alltaf hagstæðari.
- » Enginn kostnaður felst í skráningu í Vodafone World.
- » Veldu Vodafone í 36 löndum.
- » Skráðu fyrirtækið þitt í síma 599 9500 eða á www.ogvodafone.is

**Vodafone World** eru hluti af **Mobile*Office***, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund . Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



og vodafone

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30979 01/2006







**ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR ÞAKKAR FYRIR VIÐURKENNINGUNA** Ásdís hlaut viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri og var sögð fyrir löngu búin að ávinna sér virðingu og traust, bæði í viðskiptum og stjórnmálum. MYND Björg Vigfúsdóttir

# Viðurkenningar FKA veittar

Félag kvenna í atvinnurekstri veitir árlega viðurkenningu konu sem þykir hafa skarað fram úr í viðskiptalífinu. Að þessu sinni varð Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko, fyrir valinu. Ásdís Halla á langan feril að baki og hafði áorkað ýmsu áður en hún settist í forstjórastól. Í rökstuðningi FKA vegna valsins segir meðal annars, „Ásdís Halla Bragadóttir er fyrir löngu búin að ávinna sér virðingu og traust bæði í viðskiptum og stjórnmálum. Hún er okkur öllum hvatning og fyrirmynd – alls óhrædd að takast á við ný og óvænt tækifæri – og því afar vel að því komin að hljóta FKA-viðurkenningu 2006“.

Jafnframt voru tvær aðrar viðurkenningar veittar, fyrir eftirtektarvert ævistarf og hvatningarviðurkenning. Fyrri viðurkenninguna hlaut Rakel Olsen, stjórnarformaður Sigurðar Ágústssonar í Stykkishólmi. Segir í tilkynningunni að dugnaður, áræði og kjarkur hafi einkennt hana og hún sé sönnun þess hversu miklu þessir kostir geta skilað. Rakel hafi helgað grundavallaratvinnuvegi þjóðarinnar starfskrafta sína og gert það á þann hátt að eftir verið tekið. Hvatningarverðlaunin hlaut Jón G. Hauksson, forstjóri Frjálsrar verslunar, þar sem Jón hefur til margra ára gert verslun og viðskiptum góð skil. Þykir hann hafa fylgst vel með framgangi kvenna í atvinnurekstri og umfjöllun Frjálsrar verslunar verið mikil, fagmannleg og vönduð.

- hhs



**VIÐ VERÐLAUNAAFHENDINGUNA** Auk Ásdísar Höllu Bragadóttur hlaut Rakel Olsen, stjórnarformaður Sigurðar Ágústssonar í Stykkishólmi, viðurkenningu fyrir eftirtektarvert ævistarf, og Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar, hlaut hvatningarverðlaunin. MYND Björg Vigfúsdóttir






## FÓLK Á FERLI



**BJÖRN INGI SVEINSSON** verkfræðingur hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Saxbygg ehf., fjárfestingarfélags í sameiginlegri eigu Saxhóls ehf. og Byggingarfélags Gylfa og Gunnars (BYGG) ehf. Áður hafði Björn Ingi um nokkurra mánaða skeið unnið með félaginu að undirbúningi og samningagerð vegna verkefna þess erlendis, sér í lagi í Englandi. Björn Ingi er með meistaragráðu í byggingaverkfræði frá Kaliforníuháskóla í Berkeley, Kaliforníu og hefur víðtæka reynslu að baki, nú síðast sem forstjóri verkfræðistofunnar Hönnunar hf., borgarverkfræðingur í Reykjavík og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar.






# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

# SKRIFSTOFUTÆKI

*sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri*

## Framúrskarandi faxtæki fyrir fjölskyldur og fyrirtæki

SKERPAN KEMUR FRÁ SHARP



**SHARP UX-P410**
- Faxtæki/sími
- Hitafilmuprentun
- 50 blaða pappírsbakki
- 10 blaða arkamatari
- 448Kb móttöku minni (24bls)

**Tilboðsverð:**
**Kr. 12.900 m/vsk**



**SHARP FO-3150**
- Faxtæki
- Laser prentun
- 200 blaða pappírsbakki
- 20 blaða arkamatari
- 1,8 Mb móttöku minni (100bls)

**Tilboðsverð:**
**Kr. 39.900 m/vsk**



**SHARP FO-5900**
- Faxtæki
- Laser prentun
- 250 blaða pappírsbakki
- 50 blaða arkamatari
- 2 Mb móttöku minni (125 bls)

**Tilboðsverð:**
**Kr. 99.900 m/vsk**

## Hágæða prentarar og ljósritunarvélar fyrir allar stærðir fyrirtækja

Áratuga þróun hefur skipað SHARP prenturum/ljósritunarvélum í fremstu röð um heim allan.
SHARP prentarar/ljósritunarvélar er lausnin fyrir krefjandi þarfir skrifstofunnar.
Mikið úrval véla fyrir allar stærðir fyrirtækja.



**SHARP AL-1552**
Prentari/skanni/ljósritunarvél
**Tilboðsverð**
**kr. 49.900**



**SHARP AR-M 550/620/700**
**Ljósritunarvél/Prentari/Skanni/Fax**

- 55 / 62 / 70 eintök á mínútu
- A3 stærst A5R minnst
- Minnkun & stækkun 50%-400%
- Sjálvirk lýsing afrita
- Frumritamatari 150 blöð
- 40Gb harður diskur
- 100 blaða framhjámatari
- Pappírsgeymsla lágmark 3.100 hámark 6.600 blöð
- 1200 x 600 punkta upplausn
- Snúningsbúnaður afrita
- Hægt að vista allt að 30.000 blöð í vélinni.

**Aukabúnaður:**
- Netkort (AR-M550)
- Faxbúnaður G3, modem hraði 33,600 bps, hægt að senda beint á netföng
- Skönnun allt að 600 punkta upplausn
- 3500 blaða pappírsgeymsla
- Raðari (með eða án heftunar)
- Gatari
- PostScript letur
- Strikamerkjaletur
- Data security kit
- Inserter



**SHARP AR-M160D**
- Prentari/skanni/ljósritunarvél
- 16 eint. á mínútu
- Ljósritar/prentar á stærst A3
- Innbyggður litaskanni
- 600x1200dpi

**Tilboðsverð**
**kr. 99.900**

**AL1566 • Prentari • Ljósritunarvél • Faxtæki • Skanni.**
- 15 eintök á mínútu, ljósritun/prentun A4
- 30 blaða frumritamatari
- Snúningsbúnaður (duplex)
- 250 blaða pappírsskúffa
- 50 blaða framhjámatari
- Minnkun–stækkun: 25 - 400%
- Rafrænn raðari
- Netprentari
- Prent upplausn: 600 x 600 punktar
- Litaskanni: 600 x 1200 punktar

**Tilboðsverð**
**Kr. 69.900,-**



**TILBOÐSVERÐ**

## Öruggar og þægilegar sjóðvélar



**SHARP ERA-220**
- Sjóðvél
- 15/30 vöruflokkar
- Allt að 500 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill
- Rafrænn innri strimill
- Mjög fyrirferðalítil skúffa.

**Tilboðsverð:**
**Kr. 34.900 m/vsk**



**SHARP PG-B10S**
- Skjávarpi
- Birta: 1200 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Þyngd: 2.9 kg

**Tilboðsverð:**
**Kr. 84.900 m/vsk**

**3ja ára ábyrgð**



**SHARP XR-10X**
- Skjávarpi
- Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 3.9 kg

**Tilboðsverð:**
**Kr. 119.900 m/vsk**

**3ja ára ábyrgð**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

www.ormsson.is

**Þú gengur að gæðunum vísum...**

# Núverandi skipan mála ekki svo slæm

**Þarf að endurskoða peningamálastefnu Íslands?**
Ekki endilega, vandinn sem steðjar að útflutningsatvinnuvegunum um þessar mundir stafar ekki af peningamálastefnunni sem slíkri. Þess í stað liggur rót vandans í þeim miklu framkvæmdum sem eiga sér stað á Austurlandi. Það er eitt af lögmálum efnahagslífsins að ef lagt er í miklar fjárfestingar við skilyrði fullrar atvinnu þá hljóta þær að ryðja burt annaðhvort útflutningi eða annarri fjárfestingu nema hvort tveggja sé.

**Hverjar hafa orðið afleiðingar stóriðjufjárfestingarinnar?**
Hér hafa útflutningsgreinarnar lent í vanda og það kemur ekki á óvart. Ákvörðun um byggingu álvers felur ekki í sér hreina viðbót við efnahagsstarfsemina við skilyrði fullrar atvinnu, miklu fremur að við fáum eitt álver til viðbótar og töpum einhverju öðru í staðinn. Framkvæmdirnar á Austurlandi fela í sér flutning efnahagsstarfseminnar frá öðrum landshlutum.

**Væri útflutningsgreinum betur borgið ef við hefðum evruna?**
Þetta ferli kemur peningamálastefnunni ekki svo mikið við. Ef við værum nú þegar aðilar að myntbandalagi Evrópu þá myndu framkvæmdirnar smám saman leiða til hærri launa og verðlags hér á landi, þá versnaði samkeppnisstaða útflutningsgreinanna einnig. Munurinn væri sá að erfiðara yrði að vinda ofan af háu raungengi í kjölfar framkvæmdanna. Ef við héldum í krónuna og hækkuðum ekki vexti þá myndi verðlag hækka, laun hækka og verðbólguspírall verða til sem fyrr en síðar myndi kalla á enn meiri vaxtahækkanir og erfiðleika í útflutningsgreinum. Þess vegna er núverandi skipan peningamála engan veginn svo slæm. Það má segja að í því felist ákveðið óréttlæti að verðbólgu sé haldið niðri með því að vaxtahækkanir valdi gengishækkun sem meiði útflutningsgreinarnar, en einhvers staðar verður að skapa slaka til þess að mæta stóriðjuframkvæmdunum. Sem betur fer hefur mikill aðflutningur erlends vinnuafls mildað þessi áhrif.

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Gylfa Zoëga*

*prófessors við viðskiptaskor Háskóla Íslands*



**Hverju myndi aðild að myntbandalagi Evrópu breyta?**
Aðild að myntbandalagi Evrópu hefði ýmsa kosti í för með sér. Líklegt er að utanríkisviðskipti mundu aukast og fjármálafyrirtæki eflast. En hagsveiflan yrði áfram fyrir hendi og uppsveifla gæti valdið langvarandi erfiðleikum fyrir útflutningsgreinarnar. Þá gætum við ekki brugðist við með peningamálastefnu eða fjármálastefnu og raungengi gæti hækkað mikið.

**Hvort er þá betra, að halda krónunni eða taka upp evruna?**
Segja má að það séu bæði hagfræðileg rök með og á móti því að taka upp evruna. Hafa verður í huga að slíkt skref væri einungis unnt að taka samhliða formlegri inngöngu í Evrópubandalagið. Niðurstaðan er því sú að ákvörðun um breytingu á fyrirkomulagi gengismála sem fæli í sér upptöku evrunnar væri pólitísks eðlis, hagfræðin gefur ekki einhlít svör um það hversu æskilegt slíkt skref væri.



# Krónan enn þá betri kostur en evran

Á ári hverju vinnur Hagfræðistofnun viðamikla skýrslu þar sem tiltekið efni er tekið fyrir og krufið. Gengismál hafa verið ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni að undanförnu. Af þeim ástæðum urðu þau fyrir valinu í þetta sinn. Í vikunni sem leið stóðu Hagfræðistofnun Íslands og Novator Partners LLP fyrir morgunfundi þar sem niðurstöður skýrslunnar voru kynntar og ýmsir valinkunnir menn fengnir til að segja sína skoðun.

Þeir Gylfi Zoega, prófessor við Háskóla Íslands og Birkbeck-háskóla, og Tryggvi Þ. Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar og prófessor við Háskóla Íslands, eru höfundar skýrslunnar. Við vinnuna komust þeir að þeirri niðurstöðu að tvennt komi til greina. Annars vegar að halda núverandi fyrirkomulagi með íslensku krónunni og fljótandi gengi eða að ganga í Evrópusambandið og taka upp evruna og þar með fastgengisstefnu.

**SJÁLFSTÆÐ STEFNA MIKILVÆG ÍSLANDI**

Ýmislegt mælir með því að taka upp evruna hér á landi. Það yrði til að mynda gott fyrir samkeppnisatvinnuvegina, alþjóðaviðskipti myndu að öllum líkindum aukast og vextir myndu lækka, svo nokkur dæmi séu nefnd. Hins vegar myndum við missa sjálfstæða peningamálastjórn sem höfundarnir telja vega þyngra. „Við teljum mjög mikilvægt fyrir lítið hagkerfi eins og Ísland með sínar sveiflur að hafa sjálfstæða peningamálastefnu. Jafnframt teljum við að sveigjanleikinn í hagkerfinu sé meiri við núverandi fyrirkomulag heldur en við fastgengi," segir Tryggvi. Af þessum ástæðum mæla höfundarnir með því að núverandi stefnu sé við haldið. Þeir telja þó að hana megi styrkja með því að auka samspil fjármálastjórnunarinnar, það er ríkisfjármálanna og peningamálastjórnunarinnar, sem vaxtaákvarðanir Seðlabankans falla undir.

Þessu væri hægt að ná fram með því að láta ríkisútgjöldin vaxa um tiltekna prósentu á ári hverju. Þá væru ríkisútgjöldin látin vaxa sem nemur langtímahagvexti á Íslandi. Í góðæri yrði ríkissjóður þá rekinn með afgangi og þegar verr áraði með halla. Það myndi hemja hagsveifluna og minna álag yrði á Seðlabankann að hækka og lækka vexti til að hefta hagsveifluna.

„Þetta eru róttækar tillögur en nái þær fram að ganga yrði það væntanlega til þess að minnka hagsveiflur og auka velferð í landinu. Við vonumst því til þess að kostir og gallar þeirra verði ræddir fyrir alvöru á hinu pólitíska sviði," segir Tryggvi. Hann segir að rekstur hins opinbera yrði í mun fastari skorðum eftir breytingarnar. Stjórnmálamenn fengju þá vissa köku sem þeir yrðu að skipta milli hinna ýmsu mála. Ekki væri um það að ræða að auka ríkisútgjöldin nema undir mjög sérstökum kringumstæðum. „Þegar Seðlabankinn var gerður sjálfstæður og verðbólgumarkmið tekið upp þótti mörgum alveg óhugsandi að færa þessi völd frá stjórnmálamönnunum. Þetta er fyrst og fremst spurning um hugarfarsbreytingu á vettvangi stjórnmálanna."

MÁLIÐ ER

*Fyrirkomulag gengismála*

**ERLENDIR SÉRFRÆÐINGAR SAMMÁLA**

Gylfi og Tryggvi áttu samskipti við ýmsa fræðimenn við gerð skýrslunnar og fengu skoðun og álit þeirra á rannsóknum sínum. Meðal þeirra var Robert Mundell sem hlaut nóbelsverðlaun fyrir kenningar sínar um hið hagkvæma myntsvæði og lagði grunninn að því fyrirkomulagi sem er núna í Evrópu. Hann var fenginn til að koma á fundinn og segja frá sínum sjónarmiðum. Mundell, sem í hjarta sínu er fastgengismaður, telur þó ekki að Ísland eigi að taka upp evruna að svo stöddu. Hann telur afleiðingarnar sem það hefði í för með sér of miklar. Þó hann myndi hugsanlega ráðleggja Íslendingum að ganga í myntbandalagið, væri það hægt án þeirra skuldbindinga sem fylgja inngöngu í Evrópusambandið.



**NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN ROBERT MUNDELL SEM LAGÐI GRUNNINN AÐ EVRUNNI** Hann telur að Íslendingar eigi ekki að taka upp evruna að svo stöddu. Ef hægt væri að ganga í myntbandalagið án þeirra skuldbindinga er fylgja inngöngu í Evrópusambandið horfði málið ef til vill öðruvísi við.

Frederic Mishkin, einn eftirsóttasti seðlabankaráðgjafi heims í dag, var einnig fenginn til að koma og bera saman þessa tvo valkosti, að taka upp fastgengisstefnu eða að halda núverandi fyrirkomulagi. „Við gáfum honum engar forsendur en svo skemmtilega vildi til að hann komst að nákvæmlega sömu niðurstöðu og við," segir Tryggvi og segir það óneitanlega styðja við niðurstöður skýrslunnar.

**HEIÐAR MÁR Á ÖNDVERÐUM MEIÐI**

Þeir Pentii Kouri, sem sérhæfir sig í frumkvöðlafjárfestingum, og Heiðar Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri Novator, komu með sjónarmið fjárfesta á fundinn. Pentii Kouri álítur að Íslandi sé betur borgið með fljótandi gengi og byggist sú skoðun á því að þannig búi hagkerfið við meiri sveigjanleika. Í Evrópu hafi minnkun í sveigjanleika leitt til stöðnunar og þar sem efnhagsástandið sé almennt betra á Íslandi en í Evrópu sé glapræði að rugga bátnum. Heiðar Már var hins vegar á öndverðum meiði við skýrsluhöfunda. Hann álítur að þær stöðugu breytingar sem verða á gengi krónunnar séu ákaflega slæmar og að sú staða sem nú ríkir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum gefi færi á notkun lítilla mynta en svo muni ekki verða í framtíðinni. Því neyðumst við til að losa okkur við krónuna.

Þau eru mörg sjónarmiðin er varða fyrirkomulag gengismála hér á landi og ýmsir gallar sem fylgja þeim leiðum sem í boði eru. Þrátt fyrir það stendur okkur ekki til boða að segja „af tvennu illu vel ég hvorugt" eins og Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra Íslands, sem ávarpaði fundinn í upphafi, benti réttilega á. Því er tími til kominn að bregðast við.

**Ýmislegt mælir með því að taka upp evruna hér á landi. Það yrði til að mynda gott fyrir samkeppnisatvinnuvegina, alþjóðaviðskipti myndu að öllum líkindum aukast og vextir myndu lækka, svo nokkur dæmi séu nefnd. Hins vegar myndum við missa sjálfstæða peningamálastjórn sem höfundarnir telja vega þyngra.**




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR

# Danir lokka til sín Íslendinga

Kynningarfundur um MBA-nám í Copenhagen Business School verður haldinn á Hótel Sögu fimmtudaginn 2. febrúar næstkomandi milli klukkan 17 og 19. Á fundinum munu forsvarsmenn skólans kynna námið auk þess sem Íslendingar útskrifaðir úr náminu munu segja frá reynslu sinni.

Connie Tai, sem sér um alþjóðlega markaðssetningu CBS, segir skólann hafa mikinn hag af því að koma hingað til lands og kynna námið, enda séu um 15 prósent þeirra sem stunda fullt MBA-nám við skólann Íslendingar.

MBA-námið sem um ræðir hefst í september ár hvert og tekur eitt ár. Skólinn hefur meðal annars getið sér gott orð fyrir að hafa góð tengsl við atvinnulífið og þá sérstaklega fyrirtæki á Eyrarsundssvæðinu. Það varð meðal annars til þess að skólinn var hæstur af viðskiptaháskólum Norðurlanda á lista Financial Times yfir 50 bestu viðskiptaháskóla Evrópu. - hhs



**COPENHAGEN BUSINESS SCHOOL Í KAUPMANNAHÖFN** Um það bil 15 prósent nemenda í MBA-náminu þar eru Íslendingar.

# Hægari vöxtur núna

Hagvöxtur í Bandaríkjunum var 1,1 prósent á fjórða ársfjórðungi ársins 2005 og hefur ekki verið minni í rúm þrjú ár. Rúmlega fjögur prósent hagvöxtur var á fyrstu níu mánuðum ársins.

Neysla minnkaði talsvert á þessu tímabili vegna verðhækkana á eldsneyti auk þess sem fellibyljir sem riðu yfir suðurströnd Bandaríkjanna ollu miklum framleiðslutruflunum.

„Óviðráðanlegar aðstæður urðu til þess að hægðist á hagvexti. Ég hef engar áhyggjur af hagkerfinu,“ sagði Mark Zandi, yfirhagfræðingur hjá Moody's. -jsk



**FRÁ NEW ORLEANS** Talsvert hægðist á hagvexti í Bandaríkjunum á síðasta ársfjórðungi ársins 2005. Hagfræðingar kenna náttúruhamförum og hækkandi eldsneytisverði um.

Landsbankinn

Aðalfundur 4. febrúar 2006

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. verður haldinn á Nordica hótel laugardaginn 4. febrúar kl. 14.

Dagskrá:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum.
5. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál.

Tilkynna skal um framboð til bankaráðs eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund. Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda liggja frammi í Aðalbanka Landsbankans, Austurstræti 11, Reykjavík, hluthöfum til sýnis. Einnig er hægt að nálgast þessi gögn á www.landsbanki.is

Gerð er tillaga um breytingu á samþykktum félagsins um að bankaráði verði heimilt að fela formanni bankaráðs að sinna ákveðnum verkefnum í þágu félagsins umfram þau sem tengjast reglulegum fundum bankaráðs. Hluthöfum er bent á að kynna sér tillögurnar fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við inngang í upphafi fundar.

*Bankaráð Landsbanka Íslands hf.*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 31005 01/2006




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**12** vaxtahækkanir Seðlabanka Íslands í röð frá því í maí 2004.

**135** milljóna hagnaður KB banka á degi hverjum árið 2005.

**10** milljarða fyrirhugað skuldabréfaútboð Avion Group á næstu misserum.

## BANKAHÓLFIÐ



### Skóúrval í kauphöll

„Það fást ekki á mig nógu stórir skór,“ sungu Stuðmenn um árið. Kauphöll Íslands hefur fram til þessa verið berfætt og ekki fengist á hana nógu stórir skór. Á því verður væntanlega breyting með vorinu, því talsverðar líkur eru á því að breska skóverslanakeðjan Shoe Studio verði skráð í Kauphöllina. Þessar ályktanir draga menn af orðum forsvarsmanna Baugs og yfirlýsingum Hreiðars Más um að tvær óskráðar eignir KB banka séu á leið á markað. Shoe Studio er væntanlega önnur þeirra, en menn velta því fyrir sér hvort hin gæti verið Síminn. Stefnt er að skráningu fyrirtækisins og líklegt að menn nýti gott árferði á markaði og drífi Símann á markað áður en árið er úti.

### Uppáhalds hlutabréfið

Hlutabréf sænska farsímaframleiðandans Ericsson eru ennþá vinsælustu hlutabréfin meðal almennings í Svíþjóð. Alls eru hluthafar félagsins 870 þúsund eða tæplega þrefalt fleiri en Íslendingar.

Þessir hluthafar ættu að kætast því nýjasta uppgjör fyrirtækisins var yfir væntingum. Þrátt fyrir þetta hefur hluthöfum fækkað að undanförnu og greinir Dagens Industrie frá því að sautján þúsund manns hafi selt hlutabréf sín í fyrirtækinu frá því í júní í fyrra. Þrátt fyrir þetta er Ericsson ennþá í uppáhaldi Svía, en virði fyrirtækisins er um tólf prósent af heildarvirði í sænsku kauphöllinni.

### Næstu kaup Kaupþings

Á markaðnum er hávær orðrómur um að nú líði að því að Kaupþing láti til skara skríða fljótlega og tilkynni um kaup. Lengi hefur verið í deiglunni að kaupa verðbréfafyrirtæki í Bretlandi og hlýtur að fara að líða að því að það skref verði stigið. Bankinn hefur hægt og bítandi eignast hlut í Sampo og Storebrand sem bæði eru tryggingafélög með bankastarfsemi. Bankastarfsemin er það sem freistar og ekki ólíklegt að hún geti verið til sölu fyrir rétt verð. Þar til það gerist má búast við að bankinn haldi áfram að auka hlut sinn í þessum tveimur fyrirtækjum.







Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

bílalind



Skoda Octavia 2,0, 4wd Elegance skr. 9/2002. Ek. 90 þús. km. Sumar- og vetrardekk á felgum. Gott eintak. S. 580 8900 & 699-6661 & 699 5801. www.bilalind.is.



Tilboð: Ford Escort 1600 árg. 3/99, ek. aðeins 77 þús. km. Ný dekk. Verð 390 þús. Tilboð 270 þús. 100% lán mögulegt. S. 580 8900 & 699 5801. www.bilalind.is.



Toyota Corolla 1600 VVTI skr. 01/05, sjálfskiptur , ek. 20 þús. km. S. 580 8900 & 699 5801 & 699 6661. www.bilalind.is.

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

BÍLASALA ÍSLANDS



Nýir Dísel Kia Sorento Ex 2,5 CRDI, 140 hestöfl. Sjálfskiptur, glertopplúga, leðurinnrétting, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu. Hraðastillir, ABS, krómpakki. Verð 3.480.000. Skoðum skipti.

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLINN



Toyota Landcruiser 100 VX diesel, árg. 2000. 116 þ. km, ssk., álfelgur og fl. Verð 3.890.000. Eigum einnig árg. 2003.



Daewoo Musso 2900 TDI (33"), árg. '98. 198 þ. km. 5 g., álfelgur og fl. Verð 1.280 þ. Tilboð 890.000.



Land Rover Discovery 3 V8 HSE, árg. 2005. 29 þ. km. Ssk. M/öllu, verð 6.100.000.



Mitsubishi Pajero (Montero) bensín, árg. 2004. Ek. 30 þ. km. Ssk., leður og fl. Verð 3.790. Tilboð 3.390.000.



VW Touareg V6 3,2L, árg. 2004. Ek. 30 þ. km. Ssk., álfelgur og fl. Verð 4.800 þ. Tilboð 4.190.000.



Nissan Titan LE árg. 2005. Ek. 9 þ. km. Ssk. og fl. Verð 3.990 þ. Ath. skipti.



Volvo xc 70 4wd, diesel, árg. 2/2005, Ek 91 þ. Ssk., álfelgur og fl. Verð 4.190.000. Ath. skipti.

ATH
MIKIÐ AF TILBOÐSBÍLUM Á STAÐNUM

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

SPA R bill



Nýjir 2006 Jeep Grand Cherokee CRD Með nýrri 3,0 L Benz Dísel vél sem eyðir 10,2 L á 100 km. Limited útfærsla með öllu sem hægt er að fá í bílinn. Fjórir litir til á lager. Sýningarbílar á staðnum. Full Evrópsk verksmiðjuábyrgð. Þjónustuaðili Ræsir. Okkar verð: 5.490 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is



VW Bora 1.6 Highline árg. 7/2002 bsk, ek. 47 þ. km. álfelgur, topplúga, rafm í rúðum og speglum.Verð: 1450 þús, áhvílandi 1.200 þ. afb. 26 þús. Til sýnis og sölu hjá Heimsbílum Kletthálsi 2, 110 Rvk, s: 567 4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is. Getum aftur bætt við okkur bílum á planið og á söluskrá. Afhverju ekki að prófa?

**Heimsbílar**
**Klettháls 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu






M. Benz E500 Sport árg. '03, m/öllu, ek. 60 þ. km. Verð 5,6 m. kr. stgr. afsl. S. 896 3867.



GMC 1500 árg. '04. Einn með öllu. Uppl. síma 892 7155.



GMC Suburban '85, ek. 159 þ. km, 6,2 diesel. Breyttur f. "44. Er á nýl. "38. Spil, loftd., loftl. Mikið endurn. V. 900 þ. S. 897 0895.




Nýr Landcruiser Kr. 3.590.000! Útvegum allar gerðir Toyota LandCruiser jeppa, splunkunýja 2006 bíla langt undir markaðsverði frá lager í Evrópu. Einnig nýjar og nýlegar Jeep og Ford bifreiðar frá USA. Fáðu tilboð hjá okkur áður en þú heldur lengra. Við seljum bíla frá öllum helstu framleiðendum og verðin munu koma þér á óvart. Þú getur sparað fleiri hundruð þúsund hjá Islandus.com, færð góða þjónustu og allt að 5 ára ábyrgð. Þjónustuver sími 552 2000 og BílaUppboð á www.islandus.com



Toyota Carina, árg. 1996, vél 1800, ekinn 128 þús. Verð 400 þús. S. 862 3240.

Hyundai Accent '95, ek. 120 þ., 1,4. 5 g., 5 d. V. 125 þ. Opel Astra '97, ek. 111 þ. 1,4. Ssk. V. 250 þ. Sk. '07. S. 661 9660.

## 0-250 þús.



Ford Escort árg. '89. Ek. 157 þús km. Dráttarkúla. Verð 200 þús. S. 899 6585.

Vantar bíl 5 dyra ssk. 4x4 nýl. skoðaðan '96 eða yngri 200 þ. stgr. S. 847 3049.

Ford Escort 1997, vel með farinn, ek. 82 þús. Vetrar og sumardekk á felgum fylgja. Tilboð 190 þús. Uppl. í s. 661 7216.

Hyundai Accent '98, lítið keyrður, klesstur hægra megin að aftan. Verð 40 þús. S. 699 7113.

Dihatsu Charade árg. 1992 til sölu. Ekinn 161 þús. Þarf smá lagfæringu. S. 824 0696.

Mazda MX6 '92, skoðaður júl. '06. 15" sumar- og vetrardekk. S. 822 8211.

**Gamall gæðingur til sölu**
M. Benz 380 SEL árg. 1985, nýlega skoðaður og í góðu standi. Sami eigandi í 18 ár. Verð aðeins 100 þús. Uppl. í s. 896 1275 Guðmundur.

## 500-999 þús.



Passat árg. 2000, ekinn 119 þús., 1600 vél, beinskiptur, CD, álfelgur. Getur fylgt lán með. Verð 650 þús. S. 845 7897.



Nissan Primera árg. '99, ek. 50 þ. Verð 850 þús. Óaðfinnanlegur. S. 861 1921.

## 1-2 milljónir



Citröen C5 árg. '04. Ek. 17.900 km. Með sóllúgu, ssk., leður. Sumard. á felgum. Verð 1.890 þús. S. 565 8962.

## 2 milljónir +



**Demantur!**
M. Benz 230 CLK Sport-AMG árg. '98 til sölu. Ek. 87 þús. Beinskiptur, 194 hö, parktronic, 6 diska magasín, grátt leður, þjónustubók. Ný 17" nagladekk á AMG felgum og 17" low profile sumardekk. Mjög gott lán getur fylgt. Uppl. í s. 699 3166.



Til sölu Svört Toyota Corolla T-Sport, 2005 árgerð, keyrður 12.000 km, 6 gíra, 195 hestöfl, súllúga, tweaterar, álpedalar, K&N sía, rauð sport sæti, rauðir saumar í gírstöng og stýri, viper þjófavörn, bassabox, filmur, spoiler, sport kit frá umboði, kraftpúst. Sumardekk og vetrardekk. Eina 2005 árgerðin af bílnum á landinu. Verð: 2.500.000. Áhugasamir eða spurningar berast til Viktors í síma 823 5114.



Santa Fe '04, 2.4L, ek. 34 þ. Verð 2.190 þ. Áhv. 1.200 þ. Afb. 18 þ. S. 821 8415.

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum bíl upp að 50 þús. Uppl. í s. 699 2707.

## Jeppar



Musso E23 bensín beinsk árg '98, ek. 103 þús. Fyrst skráður 2000. Mjög góður bíll. Verð 750 þús. Uppl. í síma 898 8102.



Landcruiser 80 VX árg. '93, ek. 279 þús., 35" dekk, verð 1.800 þús. Uppl. í síma 699 8899.



Ford 250 Harley Davidson árg. '04, ek. 25 þús. mílur. Uppl. gefur Anna í s. 861 4186.



Til sölu Toyota Landcruser árg. '90. 4,2l vél, rafmagnslæsingar í hásingum og fl. Verðhugmynd 430.000. Uppl. í s. 662 2383.



Kia Sportage árg. '97. 5 gíra, bsk., 31" dekk. Ek. 91 þús. Verð 480 þús. S. 892 5739.



Gullfallegur VW Toureg, ek. aðeins 10 þ., nýskr. 07/'05, aðeins 4 mán. á götunni. Hlaðinn aukabúnaði t.d. loftpúðafjöðrun, Xeonljós, sóllúga, leður, hitið í sætum framan, aftan og í stýri, lykillaust aðgengi ofl. ofl. Verð aðeins 5.990.000. Sk. skipti. S. 898 0870.

## Pallbílar



**Sjálfskiptur**
MMC L-200 10/'02. Ek. 117 þ. V. 1.650 þ. Áhv. 1.330 þ., 24. á mán. S. 822 4167.



MMC L200 árg. '02, ek. 142.000, sjálfskiptur, hús og krókur. Vel með farin. Verð 1.550.000. Uppl. í s. 897 5259.




Vorum að fá nokkra splúnkunýja Mitsubishi L200 fjórhjóladrifna pallbíla á frábæru verði. 4x4, sjálfskiptur, samlæsing, rafmagn í rúðum, loftræsting, metallic lakk. Aðeins 2.165.000. Toyota Hilux nýja 2006 módelið frá lager í Evrópu, Toyota Tacoma, Ford og Dodge frá USA langt undir markaðsverði. Fáðu tilboð hjá okkur áður en þú heldur lengra. Þú getur sparað fleiri hundruð þúsund hjá Islandus.com, færð góða þjónustu og allt að 5 ára ábyrgð. Þjónustuver sími 552 2000 og BílaUppboð á www.islandus.com.

## Vörubílar



Scania 144, 460, árg. 1997 selst með eða án kassa. 2xöxla grind árg. 1994 loftfjaðrir. M.Benz 817, árg. 1994 með lyftu. Yfirbyggð kerra á fjöðrum. Scania 144,460 árg. 1997 ekinn 690 þús. skoðaður '07 / Treilervagn (flatvagn) 12 mmetrar með gámalásum. Volvo FH 16 XL hús árg. 2000, ekinn 300.000. Kæli / Frystivagn 12 metrar með Kæli/frystivél. Upplýsingar í síma 437 1200.

## ÞJÓNUSTA

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
LÍNUBORUN EHF
820 0070 577 5177

## Mótorhjól



Honda Shadow 500c 1985, ekið 14 þ. mílur, í toppstandi. Einnig kvk leðurgalli, 2 hjálmar og kk jakki. S. 896 2474.

## Kerrur

Ný kerra til sölu. Stærð 115x250. Vetrartilboð kr. 95 þús. Uppl. í síma 869 8674.

## Flug

Staðsett á Akureyri. Jodel til sölu. 95 hp. 500 tímar e. á hreyfli. Góð og skemmtileg vél í einkaflug, kennslu, ljósm.flug. Ódýr í rekstri. nýárskoðuð. Einnig til sölu önnur ósamsett, gott verð. Uppl. í s. 567 6022 & 898 6033.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.






Til sölu Hitachi 350 35 tonn. árg. 2005. Einnig 3 Ω tonna fleygur og Tilt skófla. Uppl. í síma 861 5577.



Til sölu JCB 3CX traktorsgrafa. árg. 2005. Uppl. í síma 861 5577.



Til sölu MAN trailer árg. 2004 ásamt malarvagni. Uppl. í s. 861 5577.



Einnig flutningavagn, árg. 2000. Heilopnun á báðum hliðum og vörulyfta. Uppl. í síma 861 5577.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573







## Aukahlutir í bíla




## Hjólbarðar

4 Stk. 315/75/16 (35") nær óslitin dekk. Seljast á 16 þús. kr. stk. Uppl. í síma 894 2094.

## Varahlutir




Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

**Partaland s. 567 4100**
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper o.fl. teg.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Japanskar Vélar**
Erum að byrja að rífa Starex '01, L200 '01, Corolla '98. Terios '98. Swift '99 o.fl o.fl. S. 565 3400 & 893 2284.

BMW E-36 (316) Tjónaður, vel ekinn. Mikið af góðum hlutum, nótur. Uppl. í síma 898 7448.

**Bílapartar ehf. Sími 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 - 18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Er að rífa Musso '98-'99 sjálfsk. Einnig Korando '97 2,9 TDI. Mikið af hlutum, gott verð. S. 822 4167.

Óska eftir kassa á sendiferðabíl. Lengd 4,3m, breidd 2,2m og hæð 2,1 til 2,2m. Hjördís s. 896 0753.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan. Bíldshöfða 18 s. 562 1075.

**Bílaverkstæðið Skúffan.**
Allar almennar bílaviðgerðir og sprautun. Smiðjuvegur 11e, 200 Kópavogur. S. 564 1420.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Fyrirliggjandi stigar og handrið tilbúið til uppsetningar. Ál, stál, gler, tré, plast og ryðfrítt, einnig sérsmíði og uppsetning. Stigalagerinn Dalbrekku 26 s. 564 1890.



**Stubbastrumpar.**
Góð lausn fyrir alla vinnustaði, verslanir og fl.. Snyrtilegir og auðveldir í notkunn. Henta einnig vel fyrir tyggjógummí. Uppl. í s. 847 7995 & 699 2698.




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

**Veitingamenn athugið!**
Vörulager og tæki úr veitingahúsi til sölu. 50% afsláttur.
**Upplýsingar í síma 860 1910 eða joskar@simnet.is**







Til sölu ný Playstation 2 með minniskorti og 7 leikjum þar af 2 nýir. Selst á 15 þús. S. 869 1230.

**Parket**
Eigum til gegnheilt eikarparket á mjög góðu verði. Verð frá 1.800 kr. fm. Leggjum einnig og slípum. Góð og persónuleg þjónusta. Sími 822 8928.

Vélsleðakerrur, dráttarbeisli, jeppakerrur. Víkurvagnar.

Kynningarafsláttur Atlantsolía Húsgagnahöllinni.

Forstofudagur, fatahengi, skógrindur Forn-ný, Garðabæ.

Núna er 20 prósent afsláttur af dekkjahreinsi hjá Olís. Olís- öryggi í umferð.

Þorrahlaðborð. Kaffi-Reykjavík.

Forstofudagar Forn-ný Garðabæ.

Núna er 20 prósent afsláttur af rúðuvökva í lausu hjá Olís. Olís- öryggi í umferð.

Núna er 20 prósent afsláttur af Rain-X hjá Olís. Olís- öryggi í umferð.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, stórar og litlar, uppþvottavélar og þurrkarar. Sími 847 5545.

## Verslun










## Gefins

Gefins 2ja sæta sófi, veggljós, loftljós, litlir kastarar og ýmislegt smádót. S. 483 4431.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa þvottavél. Upplýsingar í s. 897 1995.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Til bygginga



**Sérsmíði**
Sérsmíðum fulningahurðir úr harðvið og stigahandrið. Uppl. í s. 895 8763 www.trevinnustofan@visir.is.

## Vélar og verkfæri



**Beygjuvélar - Klippur.**
Úrvals járnabeygjur og klippur. Gott verð og þjónusta. www.rafbjorg.is. Rafbjörg ehf. Vatnagörðum 14, sími 581 4470.



Felder trésmíðavélar Frá Austurríki. Ásborg Smiðjuvegi 11.

# ÞJÓNUSTA

## Vöruflutningar

**Vöruflutningar.**
Tek að mér vöruflutninga innanbæjar sem utan. Er með meðalstórann sendibíl. Þjónusta einstaklinga og Fyrirtæki. Öll tilskilin leyfi. Um er að ræða smærri flutninga. Áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð. Geri tilboð í lengri flutning. S. 891 7585.

## Hreingerningar







Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Orkuboltastelpurnar. Alþrif og hreingerningar. Kvöld- og helgarvinna. S. 663 7366.

**Húsfélög og fyrirtæki athugið!**
Tökum að okkur að þrífa og djúphreinsa stigaganga fyrir sameignir og fyrirtæki ásamt öllum öðrum þrifnaðarverkum. Hreinar Línur s. 844 6547.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarsson, Gróður og Garðar . S. 697 8588.

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-Reikningshald og Ráðgjöf. S. 866 1605.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Bókhald-Vsk. & launauppgjör-Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta. Sími 692 6910.

## Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

**Í fjármálum, alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.**
Skattskil og bókhaldsþjónusta
Endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lánadrottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga ofl. Geymið auglýsinguna.
**SÍMI 517 1030 OG 822 9670**
**Kaflaskipti ehf. Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur.- Sími 517 1030 og 822 9670 kaflaskipti@rsg.is**

## Málarar

malarar.is
Er málarinn þinn Meistari?

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars.
S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

Protan þakdúkar
Lett-Tak þakeiningar
FAGTÚN

STEINSTEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf
www.sagtaekni.is
S. 567 4262 & 893 3236

Bortækni
S:892-7544
Allhliðar Þjónusta
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Þrifaleg umgengni
20 ára reynsla

Gólflist
Parketlagnir og viðhald
Sími 690 5115

Viðhaldsvirkni
Málarameistari, múrarar og smiðir geta bætt við sig verkum í málun utan sem innan, steypu-múr-uppsteypu -sprunguviðgerðir - hitalagnir í tröppur, tröppuviðgerðir

**Húsaviðhald.**
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Tilboð.
**Upplýsingar í síma 695 4661 & 892 2752.**

**Breytingar og viðhald**
Þaftu að láta breyta eða lagfæra í húsinu þínu að utan eða innan? Þá erum við rétta fólkið í verkið. Komum, metum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
**Elóbygg, s. 866 4790.**

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Flísalagnir.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Húsaviðgerðir, flísalagnir, flotlagnir, almennt múrverk. 699 1434. Verkmúr Ehf.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, opnanleg fög, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Stífluþjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf
heilun, fyrirbænir, NLP
Símaspá, einkatímar o.m.fl.
908 6440
Finn týnda muni

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01. Tímapantanir í síma 555 2927.

**908 6116**
er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

**Sigga Spá í febrúar!**
Vegna fjölda áskorana býður Sigga Spá ykkur í einkatíma hjá sér. S. 661 5084.

## Iðnaður



Tek að mér fleigun, allan gröft fyrir grunnum. Fyllingar í grunna, vegi og alla almenna jarðvinnu. Smágröfuleigan ehf, s. 899 3004.

## Múrarar

MÚRVERK
sími 698 0111

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

VANTAR ÞIG
SMIÐ
S:511-1707
Hverfisgata 103
101 Reykjavík
HANDLAGINN
www.handlaginn.is

Allt fyrir garðinn þinn! Sólpalla og girðingasmíði, hellulagnir og trjáklippingar. Erum byrjaðir að taka pantanir fyrir sumarið. S. 848 3727.

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Vönduð vinna. Uppl. í síma 869 1698.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í janúar. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Ásta s:692 3504

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Microsoft kerfisstjóranámið fyrir MCP og MCSA próf hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is s. 863 2186.

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Bættu Microsoft prófgráðu í ferilskrána. MCSA nám hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is, s. 863 2186.

SCHOOL ICELANDIC

Íslenska f. útlendinga stig I og II. I: 6/2-22/3 mán., mið. & fös. 18-19:30. Stig II: 7/2-13/4 Þri./fim. 18-19:30. Ármúla 5, S. 588 1169.

**www.tarot.is**
Tarotnámskeið - Talnaspekinámskeið. Uppl. og skrán., á vef og s. 868 0322.

Stefnumiðað árangursmat. www.endurmenntun.is.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Til sölu Whirlpool ísskápur 160 cm á hæð, 1 árs. Með ábyrgð. S. 897 8889.

Til sölu mjög góður meðalstór ísskápur. Sanngjarnt verð. Uppl. í s. 696 3210.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

**Fatabreytingar.**
Fatabreytingar. Skraddarinn á horninu Vatnsstíg 11. s. 552 5540 & 861 4380.

## Dýrahald



**Járn-plast og léttbúr**
Dýrabær Hlíðarsmára 9. Kóp. 553 3062 og Smáralind 554 3063.

**Hundaræktunarfélagið Rex**
Alþjóðleg hundaræktunarsýning hundaræktunarfélagsins Rex verður haldin í Reiðhöll Gusts, Kópavogi, dagana 25. og 26. febrúar 2006. Síðasti skráningardagur á sýninguna er 2. febrúar. Hægt er að skrá sig á sýninguna á skrifstofu félagsins að Dugguvogi 6 og verður hún opin 1. og 2. febrúar frá kl. 19:00 til 20:30, eða í síma 533 1310 á skrifstofutíma. Sýningarþjálfun verður dagana 7, 14 og 21. febrúar kl. 19:30-20:30 í Reiðhöll Gusts.
**Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins www.rexhundar.is.**



Bullmastiff til sölu. Fyrsta skipti á Íslandi. Ættbókarfærðir frá HRFÍ og heilsufarsskoðaðir. S. 845 7920 eða 845 8385.



Am cocker spaniel tík til sölu. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 896 2006 eða á eldhuga.tk

Til sölu Boxer hvolpur. Er heilsufarsskoðaður og örmerktur. Uppl. í s. 867 8674.

Tvær yndislegar 8 vikna kisusystur óska eftir framtíðarheimilum. S. 553 7054 & 861 2646.

100 lítra fiskabúr + allir fylgihlutir. Verð 15 þús. S. 864 5290.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Rifflar .243
verð frá
kr. 38,700,-
SPORTVÖRUGERÐIN
SKIPHOLT 5 562 8383

## Hestamennska

Ístölt
útsala

Ístölt útsala. Alvöru hestavöruútsala 30-50% afsl. Ístölt Bæjarlind, S.555 1100.

Hestabú á suðurlandi leitar eftir tamningamanni/konu. Þarf að geta gripið í önnur tilfallandi störf. S. 896 4446 & 896 3700.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í vesturbæ Kópavogs, rétt hjá sundlauginni, með húsgögnum, sjónvarpi og örbylgjuofni. Uppl. í s. 664 8192.

Glæsileg 3ja herb. íbúð í hafn. með stæði í kj. Frá 15. feb til 1. okt. V. 90 þ. Reykleysi og skilvísi skilyrði. Uppl. í s. 858 7949 e. kl. 15.

101 Rvk. Glæsileg stúdíóíbúð með öllu. Stærð 45 fm, leigist með húsgögnum, leðursófi + 2 stólar, sófaborð, 30" flatsjónvarp + 30 stöðvar, dvd + vhs, hljómflutningstæki, eldhústæki, eldhúsáhöld, tvíbreitt rúm + sængur, þvottavél. Verð: 70.000 kr. Hússjóður, rafm. og hiti innif. S. 869 6016.

4 herbergja íbúð til leigu á horni Hringbrautar og Tjarnargötu. Áhugasamir hafi samband við Geir í síma 862 9466 eða Guðmund (eftir 4. febrúar) í síma 696 2028.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3 herbergja íbúð á Akranesi frá og með 1.apríl reglulegum greiðslum heitið. Hafið samband við Vallý Rán í síma 456 1132 og 848 2504.

**Breiðholt-Grafarvogur**
Vantar nú þegar góða, litla íbúð. reglusemi, skilvísi, fyrirfram. Uppl. í s. 567 1101 & 868 8317.

22 ára stúlka óskar eftir stúdíó íbúð í Reykjavík. Mjög reglusöm. Ingibjörg s. 867 3220.

## Sumarbústaðir

Gestahús (sumarbústaðir) einn 15 m2 og annar 20 m2. Tilbúinir til flutnings af höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 695 9600.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 300 fm atvinnuhúsnæði á 2 . hæð, við Malarhöfða 2. Leigist út allt í einu eða í tveimur hlutum. Uppl. í s. 565 2500

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymslaeitt.is 564 6500.

Þú geymir í gám við geymum gáminn
Geymsla í skemmri eða lengri tíma!
Gámarnir eru staðsettir á lokuðu svæði Hafnarbakka.
HAFNARBAKKI

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Óska eftir að leigja upphitaðann bílskúr í næsta nágrenni Tjarnargötu. Uppl. í síma 866 4796.

Bílskúr til leigu í Háaleitishverfi fyrir geymslu, m. rafmagni. S. 581 4629 & 846 4666.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ClaMal leitar að kynningarfulltrúm!**
Ef þú ert jákvæð, hress og kraftmikil getur þú verið manneskjan sem við leitum að. Skemmtilegt starf og miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.
**Nánari upplýsingar gefur Sylvía í síma 565 3900 eða 660 7401. www.clamal.is**




**Ert þú á aldrinum 40-60 ára?**
Vantar þig aukatekjur?
Langar þig að vinna með skemmtilegu fólki?
Viltu ferðast til spennandi landa?
Okkur vantar konur í vinnu!
**Hafðu samband við okkur!**
**Lilja Dóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri**
**Volare s. 8657036 lilja-hjoll@simnet.is**
**Eydís Davíðsdóttir sölu og markaðsfulltrúi**
**Volare s. 8695226**
**eydis@tpostur.is**
**www.volare.is**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Eiðistorg**
Óskar eftir að ráða starfsmann til að hafa yfirumsjón með eldun á heitum mat í fullt starf. Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta út á Eiðistorg eða hringja í Hermann, verslunarstjóra í síma 5612000 og sjá hvort þetta sé ekki eitthvað fyrir þig.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Skeifa**
Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk í hlutastörf í matvörudeild, sérvörudeild og á kassalínu. Einnig höfum við laus störf í fullt starf á kassalínu og til að sjá um kerrurnar fyrir okkar. Hægt er að sækja um á www.hagkaup,is, mæta í Skeifuna eða hringja í Elínu, rekstrarstjóra í síma 563-5000 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Smáralind**
Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk á kassalínuna, um er að ræða fullt starf. Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta í Smáralindinna eða hringja í Dagbjörtu, rekstrarstjóra í síma 530-1000 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Garðabær**
Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk á kassalínuna, um er að ræða fullt starf. Einnig eigum við laus störf í matvörunni Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta í Garðabæinn eða hringja í Eyrúnu, deildarstjóra í síma 565-6400 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku. Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér!
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5500 / askrift@frodi.is**

AMERICAN STYLE

**Laus störf í sal og á grilli.**
Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? American Style á Bíldshöfða leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í sal. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 533 1048.**

aktu taktu

**Vantar þig góða vinnu eftir áramót?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu Skúlagötu eða Fellsmúla? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í sal og á grilli. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048.**

ÍTR

**Viltu vinna með börnum á vettvangi frítímans?**
ÍTR óskar eftir starfsfólki á frístundaheimilin eftir hádegi alla virka daga. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Hægt er að fá nánari upplýsingar og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is og í síma 411 5000".**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki á vaktir og í hlutastarf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

allt atvinna
Alla sunnudaga

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu.
**Uppl. í s. 553 8890 & 897 4796.**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Prikið auglýsir.**
Vantar aðstoðarmenn í eldhús í hlutastarf. Tilvalið fyrir skólafólk.
**Upplýsingar um aðstoðarmann 868 3587. Raggi.**

MAX1 BÍLAVAKTIN

Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1, Bíldshöfða Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga fyrir 7 febrúar í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.

SNÆLAND VIDEO

Snæland Video Núpalind 1, kóp. óska eftir fólki í fullt starf. Áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is

**Grill & Ís Laugarásvegi 1.**
óskar eftir starfsfólki eldri enn 18 ára. Góð laun í boði. Þægileg vaktavinna.
**Upplýsingar í síma 517 9000.**

**Nasa - Nasa**
Okkur vantar vana barþjóna, helst 20 ára og eldri. Skemmtilegur vinnustaður. Mikil vinna framundan. Viðtalstímar á Nasa milli kl. 14 og 16, virka daga.
**Nasa þar sem íslendingum finnst skemmtilegast að djamma.**

**Sagtækni auglýsir.**
Steinsteypusögun! Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
**Upplýsingar í s. 893 3236.**




Síld og Fiskur, Dalshrauni 9b Hafnafirði. Starfsmaður óskast í söludeild okkar í Hafnafirði við að taka til pantanir og við vörudreifingu. Uppl. gefur Sófus í s. 863 1938 milli kl. 13 & 17.

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu einnig óskum við eftir starfskrafti við þrif og aðstoð. Vinnutími 15-19 virka daga. S. 555 0480 og 896 9808.

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
Ingvar Helgason óskar eftir starfsmönnum við þrif og bón á nýjum og notuðum bílum. Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki.
**Upplýsingar veitir Svanberg í síma 525 8043. svanberg@ih.is www.ih.is**

**Verkamenn**
Óska eftir verkamönnum í byggingarvinnu á stór- Reykjavíkursvæðinu.
**Upplýsingar í síma 892 9661.**

**Loftorka Reykjavík**
Loftorka óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt. Leitað er eftir vönum manni með reynslu í viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Fyrirtaks vinnuaðstaða. Fæði á staðnum og heimkeyrsla. Einungis er leitað að manni með réttindi.
**Upplýsingar hjá Brynjólfi Brynjólfssyni verkstæðisformanni í síma 565 0876.**

**Cafe Bleu.**
Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Einnig vantar fólk í uppvask. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

**Furðufiskar ehf**
Furðufiskar ehf. sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Starfssvið:
∑ Innkaup og pantanir.
∑ Starfsmannahald/mönnun vakta.
∑ Laga brauð o.fl. sem lagað er á staðnum.
∑ Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði.
Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð eða séu fagmenntaðir.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a, 101 Reykjavík.**

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Óskum eftir málurum eða vönum mönnum. Uppl. í síma 898 4782.

**Ræstingar.**
Ræstingaþjónustan sf auglýsir laust 50% ræstingastarf á morgnana. Nánari upplýsingar gefur Guðfinna á skrifstofutíma, í síma 821 5054.

Beitningamenn óskast. Beitt er í Keflavík. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 846 0563.

Au pair London: Við erum að leita að barngóðri manneskju til að passa eitt barn eftir skóla. Vinsamlegast hafið samband við thor.gunnarsson@gmail.com

Örður ehf. óskar eftir að ráða gröfumann strax Uppl. hjá Braga í síma 691 1559.

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat um helgar. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

**Byggingarvinna**
Vantar duglega verkamenn hjá traustu fyrirtæki, næg vinna framundan. Uppl. í s. 893 8660.

**Býrðu í 101 RVK og hefur áhuga á kvikmyndum?**
Aðalvideoleigan Klapparstíg 37 óskar eftir að ráða rekstrarstjóra. Ef þú ert dugleg(ur), heiðarleg(ur), skapandi og hefur brennandi áhuga á kvikmyndum gætum við verið að leita að þér. Áhugasamir hafið samband við Þorvald í s. 520 5900 eða á thorvald@bonusvideo.is fyrir 7. feb. nk.

**Rútubílstjóri**
Vantar rútubílstjóra til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 566 7420 & 892 3102.

Háseta vantar á línubát. Uppl. í s. 862 2591.

Óska eftir að ráða vanan vélamann á hjólagröfu og beltavél. Uppl. í s. 899 0012.

Pálmatré ehf óskar eftir duglegum verkamönnum. Sími 898 9313.

Óskum eftir að ráða kokk í Mývatnssveit. Um er að ræða heilsársstarf, viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. febrúar. Sel - Hótel Mývatn 464 4164, myvatn@myvatn.is.

## Atvinna óskast

21 árs maður óskar eftir fullri vinnu í ca. þrjár vikur. Er í sólpallasmíði, skoða ýmislegt. S. 866 2655.

Smiðir frá Lettlandi óska eftir verkefnum á Íslandi. S. 845 7158.

## Viðskiptatækifæri

**Vantar þig starfsfólk?**
Við getum hjálpað þér að finna útlenskt starfsfólk sem hefur áhuga á að koma til Íslands og hjálpum þér við alla vinnuna í kring.
**Skoðum meðmæli úti. Uppl. í s. 865 4636.**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Pallbílaréttindi. ekill.is.

## Einkamál

XXX DVD
**Besta verðið!!!**
2. DISKA DVD KR. 3.990.-
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-
ALLAR VHS Á 1.490.-
VERÐLAUNAMYNDIRNAR
Pirates og The Devil in miss Jones
komnar á DVD
**Grensásvideo.is**
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið 15-23.30

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Sölumaður

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða sölumann til að þjónusta helstu viðskiptavini fyrirtækisins.

**Umsóknarfrestur er til 8. feb.**

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Leifur Þórsson í síma 588-7580 eða 660-6330 frá kl. 12:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu þess www.ferskar.is.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lausar stöður

**Arnarberg** (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólasérkennari – þroskaþjálfi
Leikskólakennarar
Deildarstjóri
**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari
Almennt starfsfólk
**Hlíðarendi** (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
**Hvammur** (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk
**Hörðuvellir** (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk
**Stekkjarás** (517-5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Uppeldismenntað starfsfólk/leiðbeinendur
Aðstoð í eldhús (75% e.h.)
**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Ræstingar
**Víðivellir** (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk
**Hraunvallaskóli** (590 2800 einar@hraunvallaskoli.is)
Skólaliði e.h. (50%)
**Hvaleyrarskóli** (565 0200 helga@hvaleyrarskoli.is)
Almenn kennsla/sérkennsla
Skólaliði
**Lækjarskóli** (555 0585 halla@laekjarskoli.is)
Stuðningsfulltrúi
(Uppl. gefur Sveinn Alfreðsson s. 664 5868)
Skólaliði
**Víðistaðaskóli** (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Skólaliðar
Stuðningsfulltrúi

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvísleg starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# GRENSÁSVEGUR
## SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI


Frum

***TILBOÐ ÓSKAST*** í 2 eignarhluta samtals 453,2 fm á góðum stað við Grensásveg. Um er að ræða 2. hæð og er mögulegt að fá eiganarhlutana keypta í sitt hvoru lagi.

***Nánari upplýsingar veita Ingi Björn í síma 820 3155 eða Kristberg í síma 892 1931, Skúlagötu 17, 101 Rvk.***

HÓLL

Hóll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík



EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Höfðatorg – Reykjavík

## Kranamenn

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum við byggingu einnar stærstu einkaframkvæmdar í sögu Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki u.þ.b. sex ár.
Um framtíðarstarf er að ræða

Upplýsingar á skrifstofu Eyktar Lynghálsi 4, sími 595-4400

Verkefnisstjóri: Sigurjón gsm 822-4405
Verkstjóri: Baldvin gsm 822-44-31

ÍSHLUTIR

## Vélaviðgerðarmaður

**Íshlutir ehf óska eftir starfsmanni, vönum þungavinnuvélaviðgerðum og líkum tækjum á vélaverkstæði. Þekking og reynsla í viðgerðum á rafmagns og vökvakerfum æskileg.**

Leitað er að kröftugum einstaklingi með ríka þjónustulund og tilbúin að takast á við krefjandi verkefni auk ferðalaga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur Samúel Sigurðsson í síma:
575 2407 eða 693 3213

**Íshlutir ehf Völuteigur 4, 270 Mosfellsbær.**
Sími: 575 2400.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

**Leikskólinn Sunnuhvoll**

## Aðstoðarleikskólastjóri

Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra sem jafnframt gegnir stöðu deildarstjóra á leikskólanum Sunnuhvoli í Garðabæ.
Upplýsingar gefur Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir leikskólastjóri, í síma 565 9480 og netfang sunnuhvoll@leikskolarnir.is

Upplýsingar um Sunnuhvol eru á vef skólans, www.gardabaer.is/sunnuhvoll
Laun eru skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.
Hægt er að sækja um starfið með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar www.gardabaer.is og taka fram hvaða starf er verið að sækja um.

Fræðslu- og menningarsvið

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.

**Reitur 1.141.2, Kirkjutorgsreitur.**
Tillaga að deiliskipulagi reits 1.141.2 sem afmarkast af Lækjargötu, Vonarstræti, Templarasundi, Kirkjutorgi og Skólabrú.
Tillagan gerir ráð fyrir, m.a. að leyfð verði mikil uppbygging á svæðinu og umtalsvert niðurrif, aðallega er um að ræða byggingarklasa sem samanstendur af nokkuð háum og djúpum húsum sem liggja þétt upp að byggingum sem fyrir eru. Neðanjarðar verður bílageymsla með 161 stæði. Til að rýma fyrir nýbyggingum verður leyft að rífa byggingu Íslandsbanka að Lækjargötu 12, foreldrahús og aðra lága byggingu við Vonarstræti 4B. Skilgreind er ný lóð undir klasann. Einnig verður leyft að hækka 2 gömul hús í norðvestur horni reitsins og að gera minni háttar breytingar á húsum á reitnum að uppfylltum skilyrðum. Sjá nánar um einstaka lóðir á kynningargögnum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Hringbraut – bensínstöð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hringbrautarsvæðis, Umferðarmiðstöðvarreits.
Tillagan gerir ráð fyrir breytingu og stækkun á afmörkun svæðis á vestasta hluta Umferðarmiðstöðvarreits. Á svæðinu er gert ráð fyrir staðsetningu bensínstöðvar með tilheyrandi eldsneytisgeymum og dælum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Sporhamrar.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna þjónustulóðar við Sporhamra.
Tillagan gerir ráð fyrir, m.a. að lóð er stækkuð um 369 m², heimilt að byggja tveggja hæða íbúðarhús eða sambýli með allt að 5 íbúðum og tengdri aðstöðu, hámarks leyfileg hæð er 8 m og þakform frjálst og suð- og norðvestan við lóðina er sameiginlegt bílastæðalóð fyrir skólann, verslun- og þjónustu og svæðið að öðru leyti, allt að 50 stæði.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 1. febrúar til og með 15. mars 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar 15. mars 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögunar.

Reykjavík, 1. febrúar 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

allt tilboð
Alla föstudaga

## VISSIR ÞÚ...

...að handbolti á rætur sínar að rekja til þriggja landa? Þýskalands, Slóvakíu og Danmerkur.

...að handbolti er samsuða þriggja íþróttagreina?

...að þessar greinar eru hazena frá Slóvakíu, handbold frá Danmörku og og Torball frá Þýskalandi?

...að allar þrjár byggðust á reglum knattspyrnunnar?

...að 1892 hófu Slóvenar að spila hazena en opinberar reglur komu fyrst út árið 1906?

...að 1898 bjó danski kennarinn Holger Nielsen til handbold? 1906, sama ár og reglur hazena komu út, breytti Nielsen reglum handbold umtalsvert og byrjaði að skipuleggja mót utan skóla síns?

...að 1915 bjó þýski leikfimikennarinn Max Heiden til Torball?

...að árið 1919 sameinaði Carl Schelenz, þýskur háskólaprófessor, reglur handbold og Torball og bætti við reglum úr körfuknattleik?

...að það var Schelenz sem bætti við að drippla mætti boltanum?

...að árið 1925 var handbolti orðin vinsæl íþróttagrein í Evrópu og árið 1928 var Alþjóðahandknattleikssambandið (IHF) stofnað?

...að handbolti var sýningargrein á Ólympíuleikunum 1928 og 1932?

...að 1936 varð handbolti að Ólympíugrein á leikunum í München?

...að á þeim tíma voru 11 menn í liði og spilað á útivelli á stærð við knattspyrnuvöll?

...að meðan á þessu stóð þróaðist leikurinn í þá átt sem við þekkjum í dag, það er sjö menn í liði á innanhússsvelli? Þetta gerðist í Skandinavíu.

...að 1938 var haldin fyrsta heimsmeistarakeppnin í handknattleik með sjö manna liði?

...að 1972 varð nútímahandbolti að ólympíugrein?

## UPPÁHALDSSTAÐURINN



Gunnari Hanssyni leikara finnst gott að vera heima hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

### *Heima í afslöppun*

„Uppáhaldsstaðurinn minn er í afslöppun og kósí fíling heima hjá mér," segir Gunnar Hansson leikari.


allt tíska

Alla fimmtudaga

vísir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS



Fíton/SÍA

FM 98,9 BYLGJAN

Allir eru að hlusta!

Valdís Gunnarsdóttir

Sunnudagsmorgna 9-12



SIRKUS RVK

FÖSTUDÖGUM KL. 20:00

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.272 **+0,80%** **Fjöldi viðskipta:** 533 **Velta:** 8.709 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +0,71% | **Össur** | -2,78% |
| **Straumur-Burðarás** | +0,51% | **FL Group** | -2,64% |
| | | **Íslandsbanki** | -2,51% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 54,30 -0,20% ... Atorka 6,25 +0,00% ... Bakkavör 55,00 -0,70% ... Dagsbrún 5,61 -0,20% ... FL Group 22,10 -2,60% ... Flaga 4,01 -1,00% ... Íslandsbanki 19,40 -2,50% ... KB banki 890,00 -0,50% ... Kögun 63,10 -1,40% ... Landsbankinn 27,40 -1,10% ... Marel 69,80 -0,40% ... Mosaic Fashions 17,70 -1,10% ... SÍF 3,98 -1,50% ... Straumur-Burðarás 19,60 +0,50% ... Össur 105,00 -2,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Dell til Indlands

Bandaríski tölvurisinn Dell hyggst fjölga starfsmönnum sínum á Indlandi um fimmtíu prósent. Tíu þúsund manns starfa nú hjá indverska hluta Dell.

Dell áætlar að setja upp verksmiðju í borginni Bangalore og á hún að vera tilbúin árið 2008.

Flestir starfsmanna Dell á Indlandi starfa í þjónustumiðstöðvum þar sem þeir sjá um að svara fyrirspurnum bandarískra viðskiptavina „Indverjar eru upp til hópa frábærir starfskraftar sem nýst hafa okkur vel. Þróunin verður líklega sú að við færum starfsemi okkar í auknum mæli til Indlands,“ sagði Kevin Rollins forstjóri Dell. - jsk

# Arður til hluthafa bankanna stóreykst

Fjármálafyrirtækin leggja fyrir aðalfundi sína að greiddir verði 22 milljarðar í arð til hluthafa vegna síðasta árs. Arðgreiðslur í þessum fyrirtækjum verða auknar um tíu milljarða á milli ára samþykki hluthafar tillögur stjórna.

Straumur-Burðarás leggur til hæsta arðinn eða 6.679 milljónir króna sem samsvarar 65 prósentum af nafnverði hlutafjár. Að hluta til verður arðurinn greiddur með eigin bréfum Straums.

KB banki ætlar að greiða 6.646 milljónir til sinna hluthafa sem samsvarar 10 krónum á hvern hlut. Það er í raun 100 prósent af nafnverði. Íslandsbanki ætlar að greiða 38 prósenta arð af nafnverði eða alls 5.371 milljónir króna. Landsbankinn leggur til að greiddur verði 30 prósenta arður af nafnverði sem eru alls um 3.306 milljónir króna.

Stærstu hluthafarnir fá auðvitað mest í sinn hlut. Exista fær 1,4 milljarða frá KB banka, Samson um 1.328 milljónir frá Landsbankanum og 1.076 milljónir frá Straumi og Milestone fær að minnsta kosti 800 milljónir frá Íslandsbanka. - eþa



**ARÐGREIÐSLUR HÆKKA** Exista, sem Bakkabræður eiga mest í, fær 1,4 milljarða í arð vegna ársins 2005 gangi tillaga stjórnar KB banka um arðgreiðslur eftir.

**ARÐGREIÐSLUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA ÁRIÐ 2005**

| | Heildarupphæð arðgreiðslu* | Hlutfall af hagnaði |
|---|---|---|
| Íslandsbanki | 5.371 | 28,0% |
| KB banki | 6.646 | 13,5% |
| Landsbankinn | 3.306 | 13,0% |
| Straumur-Burðarás | 6.679 | 25,0% |
| Alls | 22.002 | |

* Í milljónum króna


www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR

Samningatækni I

Eiga neðangreind atriði við um þig:

- Þarftu að semja við aðra?
- Viltu bæta samkeppnishæfni þína?
- Viltu auka hæfni þína í samningaviðræðum?
- Langar þig að vita meira um samningatækni?

Þá átt þú erindi til okkar!

*Samningatækni I*

7. febrúar - 16. febrúar kl. 16:15-19:15

Á námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði í samningatækni. Þátttakendur læra m.a. að skilgreina jaðarverð, finna samningsfleti, ákveða samningsviðmót og takast á við erfiða einstaklinga. Þátttakendur þurfa að finna sinn samningsstíl, glíma við verkefni og dæmi einir og í hóp.

Verð kr. 30.000,-

Leiðbeinandi:
Sigurður Gíslason, viðskiptafræðingur og ráðgjafi hjá Grow Consulting ehf.

Upplýsingar og skráning:
Lóa Ingvarsdóttir
Sími: 599 63 50
li@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY





**WERNER HEISENBERG (1901-1976) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Hvert orð eða hugtak, hversu skýrt sem það er, hefur aðeins takmarkað svið nýtileika.“*

*Werner Heisenberg var þýskur eðlisfræðingur sem hlaut nóbelsverðlaun árið 1932 og var einn upphafsmanna skammtafræði.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 1. FEBRÚAR 1908

## *Konungur og arftaki Portúgals myrtir*

Á þessum degi árið 1908 voru Carlos I, konungur Portúgals, og elsti sonur hans og erfingi, Luýs Filipe, myrtir af byltingarsinnum. Þeir feðgar voru á ferð um höfuðborg Portúgal, Lissabon, í opnum hestvagni þegar atvikið átti sér stað.

Carlos komst til valda árið 1889 eftir dauða föður síns, Louis I. Miklir erfiðleikar steðjuðu að Portúgal á þessum tíma vegna pólitískrar stöðnunar og ört minnkandi nýlendna Portúgals í Afríku sem áður höfðu verið malað Portúgölum gull. Vegna mikils samdráttar og efnahagsþrenginga hófst bylting árið 1906. Carlos brást við með því að leyfa Joyo Franco að stofna einræðisstjórn. Flestir litu á þessa ákvörðun konungsins sem svik. Stjórn Francos varð fyrir mikilli gagnrýni sem leiddi til annarrar byltingar árið 1908 en í þeirri hrinu voru konungurinn og sonur hans skotnir til bana.



CARLOS I

Næstelsti sonur Carlosar, Manoel, tók því við konungstigninni, en tveimur árum síðar var hann neyddur til að segja af sér. Hann flúði til Englands ásamt öðrum í konungsfjölskyldunni. Þetta sama ár var Tefilo Braga, kunnur rithöfundur, kosinn fyrsti forseti hins nýja lýðveldis Portúgals.

## MERKISATBURÐIR

**1904** Íslendingar fá heimastjórn þegar ný stjórnskipan kemur til framkvæmda. Það felur í sér skipan íslensks ráðherra sem ber ábyrgð gagnvart alþingi. Fyrsti ráðherrann er Hannes Hafstein.

**1935** Áfengisbannið er afnumið sem hafði staðið frá janúar 1915.

**1948** Ríkisútvarpið hefur útsendingar á fréttayfirliti á stuttbylgju fyrir Íslendinga erlendis.

**1979** Ayatollah Khomeini snýr aftur til Íran eftir fimmtán ár í útlegð.

**1999** Loftskeytastöðin í Gufunesi hættir morssendingum.

**2003** Sjö geimfarar farast þegar geimferjan Columbia springur í loft upp á leið til lendingar í Texas.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR VARAFORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA: ER ÞRÍTUG

# Sinnir móðurhluverkinu

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður vinstri grænna heldur upp á þrítugsafmæli sitt í dag. Katrín eignaðist dreng í desember og fannst því of stutt liðið til að taka ærlegt djamm. Hún býst við að fjölskyldan líti inn á sjálfan afmælisdaginn en nánustu vinir og ættingjar ætla að kíkja á hana á laugardaginn.

„Það er alltaf gaman að gera sér dagamun og ég geri það alltaf þegar ég á afmæli,“ segir Katrín sem man vel eftir 25 ára afmælinu þegar hún hélt risapartí í Valsheimilinu ásamt vinkonu sinni. „Svo man ég af einhverjum orsökum alltaf eftir sjö ára afmælinu mínu þegar ég lá veik heima,“ segir Katrín kímin.

Katrín kann vel við móðurhlutverkið enda segist hún eiga skemmtilegt barn. Drengurinn hefur verið nefndur Jakob eftir afa sínum. „Það er oft sagt að fjórðungi bregði til nafns, og ég vona að það standist,“ segir Katrín glettin.

Katrín reynir sitt besta þessa dagana að vera í barneignarleyfi. „Síðan er ég líka að reyna að sinna stjórnmálaflokknum mínum sérstaklega eftir að formaðurinn keyrði útaf,“ segir Katrín og hlær að því að öll forysta flokksins, það er bæði hún og Steingrímur, skuli vera hálfgerð hró þessa dagana. Hún telur það þó ekki valda flokknum skaða. „Það vill svo til að enginn er ómissandi, þó það sé alltaf leiðinlegt að komast að því,“ segir hún hlæjandi en saknar þó mest að sjá ekki Steingrím J. Sigfússon á þinginu enda fari þar skemmtilegur maður sem lífgi upp á umræðurnar.



**KANN VEL VIÐ MÓÐURHLUTVERKIÐ** Katrín eignaðist dreng í desember sem hefur hlotið nafnið Jakob. Hún reynir eftir fremsta mætti að vera í barneignarleyfi en freistast þó til að sinna stjórnmálunum með vinstri grænum, sérstaklega eftir að formaðurinn keyrði útaf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margt annað er framundan hjá íslenskufræðingnum Katrínu. Til dæmis er hún að vinna að glæpasagnasýningu sem verður í Þjóðarbókhlöðunni á listahátíð. „Ég verð líka eitthvað að kenna fólki um glæpasögur hér og þar um landið eftir því sem líður á vorið,“ segir Katrín og hugleiðir að líklega þurfi hún að fara að snúa sér að einhverju öðru svo hún festist ekki alveg í glæpum. Hún hefur þó eins og aðrir fylgst grannt með glæpaþáttaseríunni, Allir litir hafsins eru kaldir. Hún er ánægð með útkomuna þrátt fyrir að plottið hefði mátt vera sterkara. „En þetta eru svo miklar framfarir frá öðru sem hefur verið gert. Við munum ná góðum árangri ef við höldum áfram á sömu braut,“ segir Katrín sem sjálf tekur einn dag í einu og hefur enga ákvörðun tekið um áframhaldandi frama í stjórnmálum. „Ég er ekki í neinum kosningum í vor en það er aldrei að vita hvað gerist eftir ár,“ segir hún að lokum.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Nanna Nikulásdóttir**

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 27. janúar. Útförin verður gerð frá Dómkirkjunni föstudaginn 3. febrúar kl. 15.00.

Lárus Halldórsson
Anna María Lárusdóttir
María Kristín Lárusdóttir — Birgir Símonarson
Sigríður Lárusdóttir
Halldór Lárusson — Árný Jóhannsdóttir
ömmu- og langömmubörn.



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar,*

**Þórðar Sveinssonar**

frá Barðsnesi.

Þorbergur Sveinsson
Ólafur Sveinsson
Guðrún Sveinsdóttir
Alda Ármanna Sveinsdóttir
Ingólfur Steinarr Sveinsson
Auður Sveinsdóttir
Ingunn Sveinsdóttir



†

*Elskulegur sonur okkar, bróðir og barnabarn,*

**Daði Snær Arnþórsson**

Dalalandi 3, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 2. febrúar kl. 13.00.

Katrín Helga Óskarsdóttir — Arnþór Hinrik Valgarðsson
Birgitta Dögg Arnþórsdóttir
Sigurbjörg Helgadóttir — Óskar Þór Óskarsson
Áróra Hlína Helgadóttir — Valgarð Guðmundsson



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Björg Kristmundsdóttir**

saumakona, Lindasíðu 4,

lést í Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 27. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 13.30.

Sonja Ísafold
Hans Óli Hansson
Anna Kristín Hansdóttir — Jóhannes Arason
Ásrún Kristmundsdóttir
Þorgrímur Kristmundsson
ömmu og langömmubörn.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gréta Svanlaug Jónsdóttir**

Villingaholti, Flóa,

lést laugardaginn 28. janúar á Sjúkrahúsi Suðurlands.

Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.

## ANDLÁT

**Njáll Sveinbjörnsson**, Háaleitisbraut 22, lést á heimili sínu laugardaginn 28. janúar.

**Erna Friðbjörg Einarsdóttir**, Vallargötu 34, Sandgerði, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 24. janúar.

**Jón Gíslason** frá Skálafelli í Suðursveit, lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 28. janúar.

**Gréta Svanlaug Jónsdóttir**, Villingaholti, Flóa, lést á Sjúkrahúsi Suðurlands laugardaginn 28. janúar.

**María Björnsdóttir Hansen**, Skagfirðingabraut 31, Sauðárkróki, lést á dvalarheimili Sauðárkróks fimmtudaginn 26. janúar.

**Friðrik Laugdal Guðbjartsson**, áður til heimilis á Eiðsvallagötu 7B, Akureyri, lést á Kristnesspítala föstudaginn 27. janúar.

**Þórdís Nanna Nikulásdóttir**, andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 27. janúar.

**Björg Kristmundsdóttir** saumakona, Lindasíðu 4, lést á Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 27. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Eyjólfur Jónsson**, áður Miðbraut 28, Seltjarnarnesi, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju.

13.30 **Falur Friðjónsson** húsgagna- og húsasmiður frá Sílalæk, Grenivöllum 24, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Aðalbjörg Aðalsteinsdóttir** frá Þingeyri, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Ingvi Guðjónsson**, Álfalandi 7, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Sigurveig Níelsdóttir**, Ástúni, Fáskrúðsfirði, verður jarðsungin frá Fáskrúðsfjarðarkirkju.

## AFMÆLI



**Valborg Sigurðardóttir,** fyrrverandi skólastjóri, er 84 ára.



**Drífa Hjartardóttir** alþingismaður er 56 ára.



**Guðrún Ebba Ólafsdóttir** borgarfulltrúi er 50 ára.



**Birgir Örn Thoroddsen**, Bibbi Curver, tónlistarmaður er 30 ára.


# TILBOÐ

*Á LEGSTEINUM, FYLGIHLUTUM OG UPPSETNINGU*

**10-50% AFSLÁTTUR**

Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



Steinsmiðjan *MOSAIK*

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

# Allar útsöluvörur 250-1000 kr.

## 50% auka afsláttur af útsölu

## verðhrun



*Ja hérna þetta er nú lægsta verð sem ég hef á ævi minni séð! Bolir 250 kr., buxur og peysur 500-750 kr. Skór 500-1000 kr. og úlpur á 1000 kr. Nú er bara að haska sér og gera kaup aldarinnar!*

nú á allt að seljast

## Verðdæmi

| Upph. verð | Útsala | 50% auka afsláttur |
|---|---|---|
| ~~999-1299~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1499-1999~~ kr. | ~~1.000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~2499-2999~~ kr. | ~~1.500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~3499-4999~~ kr. | ~~2.000~~ kr. | 1.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*





# STUÐ MILLI STRÍÐA Á sokkaleistum í ræktinni

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** KANN ILLA VIÐ AÐ LÁTA SKANNA Í SÉR AUGAÐ.



Hef fundið hina fullkomnu líkamsræktarstöð fyrir mig. Hún er hæfilega stór… eða kannski ætti ég að segja hæfilega lítil. Aðal kosturinn liggur í stærðinni vegna þess að því minni sem stöðin er, því færri æfa sig í henni og því færri hittir maður af þeim sem maður vill ekki hitta. Þetta segir sig sjálft. Ég er ekki týpan sem fíla mig vel í geimstöðinni Laugum eins og hálft Ísland virðist gera. Fór þangað í sumar í baðstofuna og það var eins og ég væri að biðja um að fara á tunglið. Þurfti að láta skanna á mér augað til að komast inn! Stelpan í afgreiðslunni fór að hlæja þegar ég tilkynnti henni að ég hefði aldrei komið í Laugar áður. Ég hló að henni inni í mér fyrir að halda að Laugar væri miðpunktur alheimsins. Pfff…

Ég er sem sagt algjört líkamsræktarnörd. Ekki á þann hátt að ég sé mjög fær í líkamsræktarfræðum heldur einmitt andstæðan. Í líkamsræktina mína mæti ég í teygðum joggingbuxum, gamalli hettupeysu og á sokkaleistunum og það besta við stöðina er að þetta er allt í lagi! Ég hef komist í gegnum lífið án þess að eyða nema örlitlum tíma í líkamsræktarstöðvum og í staðinn hef ég hingað til friðað samviskuna með djassballett. Nú er hins vegar svo komið að ég hef sætt mig við þá staðreynd að mér mun seint takast að safna fitu á minn granna líkama og þá get ég víst ekki slegið hendinni á móti einum eða tveimur vöðvum eða svo. Því læt ég sjá mig í tækjunum af og til (hm, einu sinni í viku) á milli þess sem ég sæki dásamlega jógatíma.

Í framtíðinni sé ég því fram á nýja mig, ekki bara litlu mjónuna mig heldur (að minnsta kosti pínulítið meira) stæltu mjónuna mig. Og ég vil ekki heyra eitthvað rugl um að það sé ekki nóg að lyfta einu sinni í viku. Ég nenni þessu ekki oftar.






## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 8 | 9 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 3 | 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 9 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 9 | 3 | 8 | 7 | 4 |
| 7 | 6 | 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 9 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 2 | 9 | 7 | 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 5 | 2 | | | | 4 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | | | | | | |
| | | | 7 | | | | | 8 |
| | | | | | | 4 | | |
| 2 | | | | 6 | | | | 9 |
| | | 7 | | | | | | |
| 1 | | | | | 5 | | | |
| | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | | | | 8 | 1 | | 4 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

# Námskrá skólans komin út





## – Fáðu hana senda heim eða líttu við

## Næstu námskeið að hefjast:

## Tölvu og bókhaldsnám

Þrautreynt og vandað 200 stunda starfsnám sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu. **Helstu kennslugreinar:**



**Anna María Clausen**
**Skrifstofustjóri hjá Gólflögnum**

„Ég hafði sáralitla tölvu-, bókhalds- og skrifstofufærni og hafði því litla möguleika á að starfa við það sem ég hafði áhuga fyrir. Ég fór í skólann til að auka möguleika mína á vinnumarkaðinum og komast í gott starf þar sem ég væri að vinna við það sem ég hefði áhuga á. Tölvu- og bókhaldsnámið nýttist mér strax, jók sjálfstraustið og opnaði fyrir mig nýjar dyr. Námið stóð fyllilega undir mínum væntingum og hefur þessi fjárfesting margborgað sig."

**Tölvugreinar.**
- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Stafrænar myndavélar og myndvinnsla
- Internetið og Outlook tölvupóstur og dagbók

**Viðskiptagreinar**
- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skil
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald í Navision

Kennsla hefst 14. febrúar og lýkur 23. maí.

**Morgunnámskeið:**
Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8.30 - 12.

**Kvöldnámskeið:**
Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá kl. 9 - 12.30.

**Verð kr. 136.000,-** Allt námsefni innifalið.

Bjóðum uppá VISA/EURO raðgreiðslur eða lán og starfsmenntalán.

### Bókhald I
Hagnýtt 110 stunda grunnnám í hand- og tölvufærðu bókhaldi
Næstu helgar- og morgunnámskeið hefjast 30. mars
**Verð kr. 86.000,-**

### Tollskýrslugerð
Ítarlegt 18 stunda námskeið í meðferð allra innflutningsskjala og um allar helstu reglur er varða innflutning.
Næsta kvöldnámskeið hefst 21. febrúar.
**Verð: 24.000,-**

## ÝMIS NÁMSKEIÐ

### TÖK tölvunám
Þetta 100 stunda námskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

TÖK skammstöfunin stendur fyrir alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

**Kennslugreinar:**
Grunnatriði upplýsingatækninnar og Windows tölvugrunnur, Word, Excel, Internet og tölvupóstur og Power Point. Einnig verða teknar fyrir stafrænar myndavélar og myndvinnsla.

Kennsla hefst 14. febrúar og lýkur 28. mars.

**Morgunnámskeið:** Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl 8.30 - 12.

**Kvöldnámskeið:** Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá kl. 9 - 12.30.

**Verð kr. 65.000,-** Allt námsefni innifalið.

Bjóðum uppá VISA/EURO raðgreiðslur eða lán og starfsmenntalán.

### Vefsíðugerð - framhald
Stutt og hagnýtt 31 stunda framhaldsnámskeið í Dreamweaver, HTML, CSS, og Javascript.
**Verð: 39.000,-** Næsta kvöldnámskeið hefst 1. mars

### ASP.NET vefforritun
Fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á gagnagrunnum og í forritun bjóðum við 31 stunda námskeið í þessu vinsæla þróunarumhverfi.
**Verð: 44.000,-** Næsta kvöldnámskeið hefst 27. febrúar.

### Tölvuviðgerðir
Sérstaklega hagnýtt 18 stunda námskeið fyrir þá sem vilja verða sjálfbjarga við bilanir í vélbúnaði tölvunnar.
**Verð: 25.000,-** Næsta helgarnámskeið hefst 4. febrúar.

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING**

*Skráning á vorönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

**Faxafen 10 • 108 Reykjavík**
**Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215**
**www.tsk.is • skoli@tsk.is**




| Stóra svið | Nýja svið/Litla svið |
|---|---|
| **SALKA VALKA** | **MANNTAFL** |
| Fi 2/2 kl. 20 AUKAS. Fi 16/2 kl. 20 AUKAS. | Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING |
| **WOYZECK** | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| AUKASÝNINGAR<br>Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20<br>Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20 | Fi 16/2 kl. 20 UPPS. Fö 17/2 kl. 20 UPPS.<br>Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20 |
| **KALLI Á ÞAKINU** | **BELGÍSKA KONGÓ** |
| Lau 4/2 kl. 14 UPPS. Su 5/2 kl. 14 UPPS.<br>AUKASÝNING Su 5/2 Kl. 17. | Í kvöld kl 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS.<br>Su 5/2 kl. 20 UPPS. Fi 9/2 kl. 20 UPPS.<br>Fö 10/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20<br>Lau 18/2 kl. 20 Su 19/2 kl. 20 |
| **CARMEN** | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** |
| Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20<br>Fö 10/2 kl. 20 Su 19/2 kl. 20<br>Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Fö 3/3 kl. 20 | Fi 2/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20<br>Mi 1/3 kl. 20 |
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | **NAGLINN** |
| Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT<br>Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT<br>Lau 18/2 kl. 14 Su 19/2 kl. 14 | Fö 3/2 kl. 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS.<br>Lau 11/2 kl. 20 UPPS. Su 12/2 kl. 20 |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

Fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 örfá sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2. lau. 25/2. **Síðustu sýningar.**
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 5/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld mið. 1/2 **uppselt**, fim. 2/2 **uppselt**, fös. 3/2 **uppselt**, lau. 4/2 **kl. 16:00 uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 5/2 **uppselt**, þri. 7/2 **uppselt**, mið. 8/2 **uppselt**, fim. 9/2 **uppselt**, fös. 10/2 **uppselt**, **aukasýning lau. 11/2 kl. 17:00** nokkur sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt. Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.** Þri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 **uppselt**, fös. 17/2 **uppselt**, **aukasýning lau. 18/2 kl. 17:00** nokkur sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, **aukasýning lau. 25/2 kl. 17:00** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 5/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**. **Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlestrum.** Sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**. **Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is**

LEIKHÚSKJALLARINN

Í kvöld mið. 1/2 kl. 20:30 **Jasstríó** - Helga Laufey Finnbogadóttir, Guðjón Steinar Þorláksson, Birgir Baldursson.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



pörupiltar

á Kringlukránni miðvikudagkvöld kl. 21:00

Uppistand, dans, söngur, glens og mikið grín!



Leikkonur: Alexía, Arnbjörg Hlíf, Halldóra Geirharðs, Ólafía Hrönn, Halla Margrét, Hildigunnur, Ingrid, Sólveig og María.

Aðgangseyrir 1200 kr.


## Kl. 20.00

*Árlegur bókafundur Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags verður haldinn í húsi Sögufélags við Fischersund.* ***Bragi Þorgrímur Ólafsson*** *fjallar um rit* ***Guðjóns Friðrikssonar****, Ég elska þig stormur,* ***Dagný Heiðdal*** *fjallar um rit* ***Hrafnhildar Schram****, Huldukonur í íslenskri myndlist og* ***Kristján Jóhann Jónsson*** *fjallar um bækur* ***Sigurðar Gylfa Magnússonar****, Fortíðardrauma og Sjálfssögur.*

## > Ekki missa af ...

... djasstónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld þar sem **Helga Laufey Finnbogadóttir** píanóleikari, **Guðjón Steinar Þorláksson** bassaleikari og **Birgir Baldursson** trommuleikari leika lög eftir John Coltrane, Luiz Bonfa, Michel Legrand, Jón Múla og Megas.

... hádegisfyrirlestri **Árna Einarssonar**, forstöðumanns Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, um vistfræði Mývatns, sem hann flytur á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins við Hlemm.

... sýningum **Ingibjargar Magnadóttur** og **Kristínar Helgu Káradóttur**, sem nú standa yfir í Kling og Bang, Laugavegi 23.

# menning

menning@frettabladid.is

# Tvö sjálf undir einn hatt

**Listamaðurinn Curver Thoroddsen opnar yfirlitssýningu á verkum sínum í Nýlistasafninu með heljarinnar afmælisveislu, myndlistarsýningu og tónleikum. Jafnframt notar hann tækifærið og breytir um nafn.**




**CURVER THORODDSEN** Skiptir um nafn í dag og býður til afmælisveislu í Nýlistasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Hápunkturinn á þessu verður nafnbreytingin. Ég er búinn að vera kallaður Curver síðan ég var sextán ára,“ segir listamaðurinn, en í þjóðskránni heitir Curver reyndar Birgir Örn Thoroddsen og hefur einatt verið kallaður Bibbi af vinum sínum. Héðan í frá ætlar hann þó eingöngu að notast við nafnið Curver Thoroddsen. „Mér fannst það mjög óþægilegt þegar fólk fyrir fyrjaði að blanda þessum tveimur nöfnum saman, Bibba og Curver. Þetta er eins og ef Erró, sem heitir reyndar Guðmundur, væri alltaf kallaður Gummi Erró. Þetta var farið að verða svo flókið og ruglingslegt þegar fólk byrjaði á því að blanda þessum tveimur nöfnum saman, Bibba og Curver. Mig langaði líka til að sameina þessi tvö sjálf. Ég hef verið með tónlistarsjálf og myndlistarsjálf og vil núna setja þetta undir einn hatt. Allt er þetta er hvort sem er bara list og lýtur sömu lögmálum.“

Sýningin stendur aðeins í fimm daga, verður opnuð í kvöld með afmælisveislu listamannsins, síðan verða tónleikar á hverju kvöldi og loks lýkur sýningunni með málþingi á sunnudaginn.

„Oft finnst mér að fólk komi bara á opnunina, þannig að það er alveg eins gott að hafa stutt og kraftmikið.“

Samtals koma fram sex hljómsveitir, tvær á hverju kvöldi, og Curver er meðlimur í fimm þeirra, þar á meðal Ghostigital, Dópskuld og Sometime. Sú sjötta er Kimono, hljómsveit sem Curver hefur starfað náið með.

Nýlistasafnið verður opið á daginn, á venjulegum opnunartíma milli klukkan 13 og 18.

„Þar verða myndlistarverkin mín og farið yfir allan ferilinn. Þau elstu eru held ég frá því ég var þriggja eða fjögurra ára og nýjustu málverkin eru tveggja mánaða gömul.“

Sýningarstjóri er Ragnar Kjartansson, en hann hefur farið í gegnum öll verkin með listamanninum.






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

29 30 31 **1** 2 3 4

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 Djasstríó, skipað **Helgu Laufeyju Finnbogadóttur** píanóleikara, **Guðjóni Steinari Þorlákssyni** bassaleikara og **Birgi Baldurssyni** trommuleikara, leikur í Þjóðleikhúskjallaranum.

☐ 21.00 **Stórsveit Reykjavíkur** leikur undir stjórn **Samúels J. Samúelssonar** á tónleikum á Nasa við Austurvöll.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Níels Hermannsson** fjallar um samræður, þekkingu og farsælt líferni í erindi sínu á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið verður í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

☐ 12.15 **Árni Einarsson**, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, flytur fræðsluerindi: „Af vistfræði Mývatns“, á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins við Hlemmtorg í Reykjavík.


HIMNARÍKI
3. feb.
4. feb.
10. feb.
11. feb.

eftir Jón Atla Jónasson
2. feb.
5. feb.

*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Vestmanneyjar:
21. feb kl. 9 uppselt
kl. 11 uppselt
kl. 13 uppselt

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 – 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
**KYNNING FYRIR SÝNINGU (fyrir utan frumsýningu)**
**Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.**
**Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði.**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN





# Prímadonnur Mozarts og Brostnar vonir

„Það verður bara þessi eina sýning,“ segir Anna Júlíana Sveinsdóttir, söngkennari við Tónlistarskóla Kópavogs. Nemendur söngdeildar skólans ætla að flytja tvær stuttar óperur, einþáttunga, í Salnum í Kópavogi í kvöld.

„Annar einþáttungurinn er eftir Mozart og heitir Leikhússtjórinn eða Der Schauspieldirekteur. Það er gamanópera um tvær prímadonnur sem eru að rífast um hlutverk inni á skrifstofu Leikhússtjórans. Hin er eftir Douglas Moore og gerist í sjónvarpssal. Hún heitir Brostnar vonir og er sápuópera um skurðlækni sem er að reyna við hjúkrunarkonu, en sjúklingurinn er kærastinn hennar. Inn á milli birtist svo alltaf þula með sápuauglýsingar.“

Anna Júlíana leikstýrir báðum einþáttungunum, en söngvarar í Leikhússtjóra Mozarts eru Unnar Geir Unnarsson, Eyrún Ósk Ingólfsdóttir, Margrét Helga Kristjánsdóttir og Sigurjón Örn Bárðarson. Söngvarar í sápuóperunni Brostnar vonir eru Anna Hafberg, Bjartmar Þórðarson, Lára Rúnarsdóttir og Ragnar Ólafsson.

„Nýi semballinn, sem Kópavogsbær gaf Salnum og Tónlistarskóla Kópavogs, verður auk þess í stóru hlutverki í einþáttungnum eftir Mozart. Það er Kristina Cortes sem spilar á hann.“

Báðir þessir einþáttungar eru ekki nema rétt rúmur hálftími í flutningi. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og aðgangur er ókeypis.



**ÞRÍHYRNINGUR VIÐ SKURÐARBORÐIÐ** Ragnar Ólafsson, Lára Rúnarsdóttir og Bjartmar Þórðarson í hlutverkum sjúklings, hjúkrunarkonu og skurðlæknis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Suðræn sveifla og eldheitar ástríður

Hjónin Theódóra Sæmundsdóttir og Jóhann Örn Ólafsson danskennarar og Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur eru á leiðinni til Tenerife þar sem þau ætla að halda námskeið fyrir pör og hjón. Markmiðið er að njóta lífsins í dansi, slökun og góðum mat.

„Við förum með afmarkaðan hóp af hjónum eða pörum sem eru tilbúin að nýta fríið sitt í uppbyggilegt starf fyrir sig sjálf,“ segir Jóhann Örn. „Við reynum að kenna fólki að dansa saman og fá það til að halda rétt um hvort annað og finna hvernig gott er að dansa. Það skiptir máli hvernig það er gert því annars getur það skapað togstreitu í sambandi. Fólk þarf fyrst og fremst að njóta þess að vera með hvort annað í fanginu,“ segir Jóhann.

**Tilfinningaríkur tangó**

Lögð verður áhersla á suðræna dansa sem henta í hitanum á þessari suðrænu eyju. Reynt verður að finna út þann dans sem hentar hverju pari fyrir sig, hvort sem það er hinn tilfinningaríki tangó eða dans ástarinnar, rúmba. Auk danskennslunnar mun Bjargey sjá um andlegu hliðina ásamt jógaleikfimi og annarri hreyfingu og hollustu, þannig að þátttakendur geti komið heim úr fríinu endurnærðir bæði á sál og líkama.

„Ég verð með jóga- og teygjuæfingar og með verkefni til að láta pörin gera sambandið sitt enn betra. Á hverjum degi fá þau verkefni til að glíma við þar sem allir eru að vinna í sínu horni,“ segir Bjargey. „Á hverjum degi fá þau eitthvert nýtt verkefni til að þekkja sig og maka sinn betur og hvað þau geti gert til að bæta sambandið. Síðan er farið í óvissuferð og farið út að borða og reynt að mynda ennþá meiri ástríðu í sambandinu.“

Bjargey segir afar mikilvægt að halda uppteknum hætti þegar heim er komið og gætu þá konudagurinn og valentínusardagurinn komið sterkir inn. „Oft þegar við erum heima tekur hversdagsleikinn völdin og við gleymum því sem skiptir máli, því það þarf svo lítið til að gleðja,“ segir hún.

**freyr@frettabladid.is**



**BJARGEY AÐALSTEINSDÓTTIR** Bjargey ætlar að leggja hin ýmsu verkefni fyrir þátttakendur á námskeiðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**BROKEBACK MOUNTAIN** Tilnefnd til átta verðlauna og hljóta þeir Jake Gyllenhaal og Heath Ledger báðir tilnefningu fyrir frammistöðu sína. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

# Crash gæti komið á óvart

**Það kom fæstum á óvart að Brokeback Mountain skyldi hljóta flestar tilnefningar til Óskarsverðlauna en þær voru tilkynntar í gær. Það sem kom hins vegar mörgum í opna skjöldu er velgengni kvikmyndarinnar Crash en það er orðið ansi langt síðan hún var í kvikmyndahúsum og hún gæti því stolið senunni.**

Það voru þau Mira Sorvino og Sid Ganis hjá Akademíunni sem tilkynntu hverjir hefðu verið hinir heppnu og það hefði mátt skera andrúmsloftið með rakvélablaði. Ástar- og kúrekamynd Ang Lee hlaut átta tilnefningar. Þau Michelle Williams, Heath Ledger og Jake Gyllenhaal fengu tilnefningu fyrir leik sinn í myndinni auk þess sem handrit myndarinnar var tilnefnt.

Brokeback gnæfir engu að síður ekki jafn mikið yfir öðrum myndum og búist hafði verið við. Víst er að Heath Ledger fær harða baráttu frá þeim Philip Seymour Hoffman úr Capote, Golden Globe-verðlaunahafanum Joaquin Phoenix úr Walk the Line, David Strathairn úr Good Night, Good Luck og Terrence Howard en hann kemur óvænt inn í þennan hóp úr kvikmyndinni Hustle & Flow.

Það er óvenju sterkur hópur kvenna sem kemur til með berjast um sigurlaunin en það eru þær Felicity Huffman úr Transamerica og Reese Witherspoon úr Walk the Line sem þykja nokkuð sigurstranglegar en þær fengu báðar Golden Globe-verðlaun fyrir frammistöðu sína á dögunum. Þá kemur Rachel Weisz sterk inn en hún hlaut Leikaraverðlaunin fyrir leik sinn í The Constant Gardener. Hvorki Keira Knightley, sem leikur í Pride & Prejudice, né Judi Dench úr Mrs. Henderson Presents eru taldar líklegar.

Títtnefnd Brokeback Mountain þykir sigurstrangleg þegar kemur að bestu myndinni en ekki skyldi útiloka Crash sem gerði góða hluti rétt fyrir Óskarinn og tekur auk þess á kynþáttafordómum sem eru ögn mýkra mál en samkynhneigð. Þá er Munich einnig sterkur kandítat og ekki má gleyma Capote en gagnrýnendur halda vart vatni yfir henni. Kvikmynd George Clooney, Good Night and Good Luck þykir eiga hvað sístu möguleikana.

Samkvæmt helstu erlendu miðlunum getur Ang Lee nánast gengið að Óskarnum vísum fyrir leikstjórnina að Brokeback. Það skyldi þó enginn útiloka óvæntar uppákomur í Bandaríkjunum. George Clooney gerir góða hluti með Good Night, Good Luck, Steven Spielberg vaknar til sjálfs síns með Munich og Benedict Miller fer vel með Capote. Paul Haggis verður að teljast ólíklegastur til að hljóta styttuna eftirsóttu þrátt fyrir að myndin hans Crash hafi komið á óvart.

Óskarinn fer fram fimmta mars og verður í Kodak-höllinni. Það er Jon Stewart sem kynnir en hann er frægur fyrir hárbeittar glósur í garð stjórnmálamanna í þætti sínum The Daily Show.




**PHILIP SEYMOUR HOFFMAN** Hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn sem Truman Capote í Capote. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES



**CRASH** Þessi mynd Pauls Haggis hefur lúrt í leyni á þessu ári en er nú komin úr fylgsni sínu og er tilnefnd sem besta mynd ársins á Óskarnum. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES



**JOAQUIN PHOENIX OG REESE WITHERSPOON** Leikararnir eru báðir tilnefndir til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína sem Johnny Cash og June Carter í Walk the Line.



**CINDERELLA MAN** Paul Giamatti er tilnefndur fyrir leik sinn í Cinderella Man en það þykir líklegt að þar sé verið að bæta upp fyrir að hann var ekki meðal útvaldra í Sideways. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

## ÓSKARSVERÐLAUNIN 2005

**Besta myndin:** Million Dollar Baby

**Besti leikstjóri:** Clint Eastwood (Million Dollar Baby)

**Besti leikari í aðahlutverki:** Jamie Foxx (Ray)



**Besta leikkona í aðalhlutverki:** Hilary Swank (Million Dollar Baby)

**Besti leikari í aukahlutverki:** Morgan Freeman (Million Dollar Baby)



**Besta leikkona í aukahlutverki.** Cate Blanchett (The Aviator)

**Besta erlenda mynd:** The Sea Inside (Spánn)



**Besta teiknimynd:** The Incredibles

**Besta frumsamda handrit:** Eternal Sunshine of the Spotless Mind

**Besta handrit byggt á áður birtu efni:** Sideways

**Besta heimildarmynd:** Born Into Brothels

**Bestu tæknibrellur:** Spider-Man 2



**MUNICH** Spielberg hefur oft hlotið fleiri tilnefningar en mynd hans, Munich, þykir eiga einhverja möguleika á að geta veitt Brokeback Mountain keppni.

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG DIBOSS THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

## ATH: ALLRA SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR LAUGARDAGINN 4. FEBRÚAR

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HEIMABÍÓKERFUM FRÁ KR. 9.990 PHILIPS JVC UNITED

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS







# Styrktartónleikar rjómans

Hljómsveitirnar Úlpa, Ég og Pan halda tónleika á skemmtistaðnum Gauki á Stöng í kvöld á vegum heimaðíðunnar rjominn.is sem hefur notið síaukinna vinsælda fyrir tónlistarumfjöllun sína.

Allar þessar hljómsveitir gáfu út plötur á síðasta ári við ágætar viðtökur. Úlpa, sem er frá Hafnarfirði, gaf út plötuna Attempted Flight By Winged Men sem er önnur plata sveitarinnar.

Ég gaf út Plata ársins sem var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir skömmu síðan og rokksveitin Pan, sem er einnig frá Hafnarfirði, sendi frá sér sýna fyrstu plötu, Virgins. Tónleikarnir á Gauknum hefjast klukkan 21.00 og er miðaverð 500 krónur. Allur ágóði rennur til Mæðrastyrksnefndar.



**ÚLPA** Hljómsveitin Úlpa spilar á Gauknum í kvöld, einnig koma fram sveitirnar Ég og Pan.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

# Latibær fékk verðlaun fyrir talsetningu

Þátturinn Latibær fékk fyrstu verðlaun fyrir talsetningu á þýsku á hátíð sem var haldin í Potsdam í Þýskalandi 27. janúar.

Þátturinn er sýndur í Þýskalandi á sjónvarpsstöðinni Super RTL og sá stöðin um talsetninguna í samvinnu við framleiðendur þáttanna hér heima. Í Þýskalandi er rík hefð fyrir talsetningu erlends sjónvarpsefnis og hafa Þjóðverjar náð mikilli færni í faginu.

Sjónvarpsþátturinn um Latabæ var tekinn til sýninga í Þýskalandi í ágúst í fyrra. Á verðlaunahátíðinni í Potsdam voru 42 sjónvarpsseríur og kvikmyndir tilnefndar og voru veitt verðlaun í alls sjö flokkum. Á meðal þeirra mynda sem voru tilnefndar í sama flokki og Latibær var stórmyndin Madagascar sem DreamWorks framleiddi.



„Þetta er mikill heiður fyrir okkur og ekki síst fyrir sjónvarpsstöðina þýsku sem lætur gera þetta. Við veljum raddirnar og vinnum undirbúningsvinnuna og þau framkvæma síðan verkið úti í Þýskalandi," segir Kjartan Már Kjartansson, talsmaður Latabæjar.

Hann segir að þátturinn hafi verið að fá gríðarlega góðar viðtökur í Þýskalandi. „Honum gengur mjög vel þar eins og annars staðar. Þjóðverjarnir eru mjög ánægðir og það er mikill hugur í mönnum þar. Þeir vilja gera meira og nýta þetta betur," segir Kjartan.

Upptökur á næstu þáttaröð af Latabæ hefjast hér á landi um miðjan febrúar og er undirbúningur nú í fullum gangi. Alls verða teknir upp átján nýir þættir og bætast þeir við þá 35 sem áður voru teknir upp fyrir fyrstu þáttaröðina. Um 130 innlendir sem erlendir kvikmyndagerðarmenn verða hér við vinnu næstu mánuðina, en talið er að upptökur muni standa yfir í fjóra til fimm mánuði.


freyr@frettabladid.is







HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI



















**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| MUNICH VIP | KL. 8 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5-8-10:40 | |
| OLIVER TWIST | KL. 5-8 | B.I. 12 |
| JARHEAD | KL. 10:40 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 5 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4:20 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FUN WITH DICK & JANE | KL. 8-10 | |
| HOSTEL | KL. 10 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 8 | B.I. 16 |
| DOMINO | KL. 8 | B.I. 16 |
| JARHEAD | KL. 10:15 | B.I. 16 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 5-8:15-10 | B.I. 16 |
| OLIVER TWIST | KL. 5 | B.I. 12 |
| DOMINO | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 8 | |
| KING KONG | KL. 6 | B.I. 12 |

SAMBÍÓIN

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:30-8-10:30 | |
| KING KONG | KL. 9 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8:10 | B.I. 12 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5:30 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 6 | B.I. 10 |

**FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ**

| | |
|---|---|
| BABÚSKA - LE POUPÉES RUSSES | KL. 8-10:30 |

Háskólabíó


# Gott að dilla sér við

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**



**STÓRSVEIT NIX NOLTES:**

ORKIDEUR HAWAI

**Niðurstaða:** Stórsveit Nix Noltes á mikla athygli og ennþá meiri tónleikaaðsókn skilda fyrir þessa hressandi tónlist sem hefur þann þó neikvæða fylgikvilla að henta ótrúlega illa til hlustunar í heyrnatólum.

Ég er búin að vera óhemju lengi að undirbúa mig fyrir að skrifa þennan dóm. Ástæðan er sú að ég nennti aldrei að hlusta á diskinn nógu lengi og nógu oft til að finnast ég hæf til dóms. Diskurinn er þó ekki leiðinlegur, langt í frá. Hins vegar er þetta ekki hin hefðbundna tónlist sem gott og gaman er að hlusta á í heyrnartólum. Ég fæ að minnsta kosti ítrekaðan hausverk af mikilli hlustun.

Á hinn bóginn hef ég farið á tónleika með sveitinni og skemmt mér stórkostlega vel því á slíku sviði fer þessi tónlist best. Einnig myndi ég mæla með henni fyrir partí með hressu fólki. Við hana er gaman að dansa og dilla sér og því á hún alls ekki slæman dóm skilinn. Innlifun hljóðfæraleikaranna í þessari þjóðlegu tónlist sem á rætur að rekja til Balkanskaga er ótrúleg og fær mig til að langa að ferðast á þær slóðir, fara í víðu pilsi á krá og dansa uppi á borðum við lifandi tónlist. Ég er enginn sérfræðingur í slíkri músík og einskorðast þekking mín við hljómsveitina No Smoking Orchestra sem mér þykir reyndar einkar hressandi. Ég veit það þó og heyri að spilagleði hljóðfæraleikaranna í Stórsveit Nix Noltes er gríðar mikil og hún smitar merkilega mikið út frá sér.

Bestu lögin finnast mér vera Krepatka, Daichovo, Odessa Bulgarish, Laz og hið skemmtilega Isinova Oro sem býr yfir dásamlegum trommuleik og sérstökum takti. Í heildina er diskurinn góður og rennur ágætlega í gegn en eins og áður sagði er þetta ekki tónlist til að stinga í eyrun heldur til að dansa við.

**Borghildur Gunnarsdóttir**



**RACHEL WEISZ** Leikkonan Weisz vill deila verðlaunum sínum með Ralph Fiennes.

# Rachel Weisz hissa

Breska leikkonan Rachel Weisz er mjög undrandi á því að mótleikari hennar í myndinni The Constant Gardener, Ralph Fiennes, hafi ekki fengið neinar tilnefndingar til hinna ýmsu kvikmyndaverðlauna.

Sjálf fékk Weisz Golden Globe- og Screen Actors Guild-verðlaunin og er tilnefnd til Óskarsins fyrir frammistöðu sína í myndinni. „Ég skil þetta ekki. Ég vil deila öllum verðlaunum eða hrósi sem ég hef fengið hnífjafnt með honum,“ sagði hún.


**Einstakt enskunámskeið**

*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.pareto.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SYNCRO

*Heyrnartæki með gervigreind*

- Afgreiðslutími innan þriggja vikna
- Bjóðum margar tegundir af sjálfvirkum, stafrænum heyrnartækjum
- Verð frá 47.000 – 170.000 kr fyrir eitt tæki
- Persónuleg og góð þjónusta



*Erum með þjónustu á Akureyri - Ísafirði - Egilsstöðum*

Heyrnartækni

*Betri heyrn -bætt lífsgæði*

www.heyrnartaekni.is

Glæsibær Álfheimum 74 104 Reykjavík • Tryggvabraut 22 600 Akureyri • sími: 568 6880

# Hreinar hendur örugg samskipti

Tilboð febrúar 2006
Dax handspritt, krem og sápur



Jóhanna Runólfsdóttir
Sjúkraliði, ráðgjafi hjá RV

TUNGLIÐ RV6203A

DAX skammtari
snertifrír
5.973 kr.

DAX handáburður
250ml
238 kr.

DAX handsápa
mild 600ml m.dælu
197 kr.

DAX handspritt
í snertifr.
650 kr.



Rekstrarvörur
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

vísir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

NFS





## Vill halda landsliðssætinu

Danska dagblaðið Extrabladet gerði kaup Silkeborg á Valsmanninum Bjarna Ólafi Eiríkssyni að umfjöllunarefni hjá sér í gær og birti m.a. ummæli frá leikmanninum þar sem kom fram að hann vonaðist til að félagaskipti hans til Silkeborg yrðu til þess að hann héldi sæti sínu í íslenska landsliðinu. „Ég er mjög bjartsýnn fyrir framtíðina,“ sagði Bjarni við Extrabladet.

**sport**

sport@frettabladid.is

VIGGÓ SIGURÐSSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: GRÍÐARLEGA SÁTTUR VIÐ STRÁKANA SÍNA

# *Getum gert frábæra hluti í framhaldinu*

„Þetta var bara snilld. Við hikstuðum aðeins í byrjun, klikkuðum á dauðafærum en ég hafði engar áhyggjur af því þar sem við vorum að fá dauðafærin,“ sagði glaðbeittur þjálfari íslenska liðsins, Viggó Sigurðsson, eftir leikinn. „Það var vörnin sem skapaði þennan sigur fyrir okkur. Hún fleytti okkur langt í dag. Við lögðum upp með ákveðna taktík sem gekk fullkomlega upp. Við fengum fjölda af hraðaupphlaupum og við vorum betra liðið á vellinum. Við vorum alltaf skrefi á undan og óþarfi að hleypa Rússunum inn í leikinn í restina. Við héldum haus og strákarnir sýndu að þeir ætla sér langt,“ sagði Viggó en hann var geysilega ánægður með fyrirliða sinn, Ólaf Stefánsson. „Hann var bara stórkostlegur og ómetanlegt að fá hann aftur í liðið. Ef við ætlum okkur að gera stóra hluti á þessu móti þá þurfum við á Ólafi að halda. Það er ekki spurning að við getum gert frábæra hluti í framhaldinu. Liðið spilaði eins og það á að gera í svona leikjum,“ sagði Viggó sem vildi ekki gefa út neinar stórar yfirlýsingar með framhaldið heldur aðeins að næst sé að ná liðinu niður á jörðina fyrir leikinn gegn Ólympíumeisturum Króatíu í dag.

Ólafur Stefánsson átti frábæra endurkomu í liðið eftir meiðsli en hann var sprautaður niður fyrir leikinn. Hann skoraði átta glæsileg mörk, gaf stoðsendingar og dró vagninn þegar á þurfti að halda. „Það var rosalega ljúft að landa sigri í þessum leik. Mér leið vel enda vel stemmdur og mjög einbeittur. Ég hef aldrei komið svona óþreyttur í milliriðla og ég fékk líka að pústa í horninu í vörninni. Það voru allir frábærir í þessum leik og eiga hrós skilið,“ sagði fyrirliðinn sem sagðist ekki hafa fundið mikið fyrir meiðslunum en játaði einnig að hafa aðeins hlíft sjálfum sér í gegnumbrotum og samstuðum. „Þetta er óvænt en við erum með hörkulið og höfðum alltaf trú á því að við gætum gert góða hluti. Við getum vel komist í undanúrslitin.“



## > Króatar án lykilmanna?

Tvær af skærustu stjörnum Króata eru tæpir fyrir leikinn gegn Íslendingum í dag og er óvíst um þátttöku þeirra. Hornamaðurinn Mirza Dzomba hefur nánast verið hálfur maður allt mótið og gat lítið beitt sér í leiknum gegn Dönum í gær og þá varð leikstjórnandinn Ivano Balic, sem lék mjög vel gegn Dönum, fyrir hnjaski á síðustu sekúndum leiksins í gær og var hann draghaltur þegar hann gekk af velli í leikslok. Balic, sem einnig var tæpur í baki fyrir mótið, virtist sárþjáður þegar læknar króatíska liðsins hugðu að honum eftir leikinn. Ljóst er að um gríðarlega blóðtöku er að ræða fyrir lið Króata ef þessir tveir geta ekki beitt sér af fullum krafti í dag en um leið fín tíðindi fyrir íslenska landsliðið.



## ÚR SPORTINU

Frændur vorir Danir þurftu að bíta í það súra epli að bíða lægri hlut gegn Króötum í hreint rosalegum leik á EM í gær. Danir höfðu átt á brattann að sækja framan af en náðu með mikilli baráttu að jafna metin þegar tæpar 10 mínútur voru eftir af leiknum. Liðin skoruðu til skiptis allt til loka en þegar þrjár sekúndur voru eftir náði Göran Sprem að skora sigurmark Króata og sátu Danir því eftir með sárt ennið. Lokatölur urðu 31-30.

Það var líf og fjör á síðasta deginum sem leikmannaglugginn var opinn í helstu deildum Evrópu í gær án þess þó að nein risakaup hefðu verið gerð. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld voru helstu tíðindin þau að Florent Sinama Pongolle var lánaður til Blackburn sem einnig keypti David Bentley af Arsenal; Birmingham keypti sóknarmanninn DJ Campbell sem slegið hefur í gegn með Brentford í enska bikarnum í vetur, Tottenham keypti Egyptann Hossam Ghaly af Feyenoord, WBA seldi Robert Earnshaw til Norwich og Fulham keypti Michael Brown af Tottenham. Þá hafnaði Man. City tilboði frá Middlesbrough í Joey Barton og Man.Utd. náði ekki að kaupa neinn varnarmann.

Á Íslandi urðu einnig tilfæringar á leikmannamarkaðnum því Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson gekk frá lánssamningi við danska liðið Silkeborg út tímabilið. Ef Hörður stendur sig vel á þeim tíma er tilbúinn kaupsamningur til undirritunar sem gildir til hálfs fjórða árs. Þá gengu Keflvíkingar frá samningi við Ástralann Budy Farah, en hann hefur verið á reynslu hjá félaginu að undanförnu og staðið sig vel.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

29 30 31 **1** 2 3 4

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Keflavík** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Keflavík.
- 19.15 **KR** og **ÍS** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í DHL-höllinni.
- 19.15 **Breiðablik** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Smáranum.

### SJÓNVARP

- 14.40 **EM í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Serba** og **Rússa.**
- 16.55 **EM í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Íslendinga** og **Króata.**
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.12 **Sportið** á Sýn. Farið verður yfir helstu íþróttaviðburði dagsins.
- 20.10 **Meistaradeildin** á Sýn. Sýndur verður leikur Man. Utd og Juventus frá árinu 1999.
- 22.00 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- 23.00 **US PGA 2005** á Sýn.
- 23.55 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 23.20 **EM í handbolta** á RÚV. Útsending frá leik **Dana** og **Norðmanna.**

# Rússneski björninn lagður með glæsibrag

**Íslenska handboltalandsliðið lék einn sinn besta leik í fjölda ára gegn Rússum í St. Gallen í gær. Liðið er á toppi milliriðilsins eftir 34-32 sigur og sæti í undanúrslitum er raunhæfur möguleiki.**

**HANDBOLTI** Það var fátt sem benti til þess í upphafi að Ísland myndi vinna glæstan sigur. Rússar byrjuðu leikinn með látum og komust fljótt í 1-4. Ísland var þá að fara með fjölda dauðafæra gegn markverðinum Kostygov rétt eins og liðið gerði gegn honum í Túnis fyrir ári síðan.

Þessi byrjun Rússanna sló strákana okkar ekki út af laginu og þeir svöruðu með því að skora sex mörk í röð, 7-4. Þeir létu ekki staðar numið þar heldur unnu þeir þennan kafla 9-1 og komust í 10-5. Ótrúlegur kafli þar sem stórbrotinn varnarleikur og vel útfærð hraðaupphlaup skiluðu sínu en fimm af fyrstu tíu mörkunum komu úr hraðaupphlaupi. Rússneski björninn rankaði þá við sér og náði að minnka muninn í tvö mörk fyrir hlé, 17-15, sem var svekkjandi því Ísland hefði getað leitt með mun meiri mun í leikhléi.



**SÁ FLJÓTASTI Í HEIMI** Rússarnir réðu ekkert við Guðjón Val Sigurðsson í leiknum í gær, hvort sem um var að ræða í hraðaupphlaupunum eða úr horninu. Guðjón Valur skoraði 11 mörk í leiknum – ekkert þeirra úr víti. NORDICPHOTOS/AFP

Rússarnir brugðu á það ráð að taka Ólaf Stefánsson úr umferð í síðari hálfleik en það hafði lítil áhrif þar sem hinir leystu hlutverk sitt frábærlega og Ísland hélt áfram að auka á forskotið og leiddi lengstum með 3-4 mörkum.

Í stöðunni 33-29 misstu strákarnir einbeitinguna, Rússarnir skoruðu þrjú mörk í röð og minnkuðu muninn í eitt mark, 33-32, og gríðarleg spenna kom óvænt inn í leikinn. Guðjón Valur Sigurðsson steig þá fram fyrir skjöldu eins og sannur leiðtogi og skoraði klárlega eitt mikilvægasta mark síns ferils sem tryggði sigur í leiknum, 34-32.

Leikur liðsins í gær er einhver sá besti sem undirritaður hefur séð landsliðið spila. Viggó lagði upp með þá tækni að skera á hægri skyttu Rússanna, Peskov, og sú tækni hans gekk fullkomlega upp því það lamaði sóknarleik Rússanna að miklu leyti. Alexander Petersson tók síðan risann Rastvortsev í nefið með hjálp Sigfúsar sem stýrði varnarleiknum af myndarbrag en Arnór stóð vaktina í vörninni einnig vel. Liðið spilaði loksins frábæra vörn nánast allan leikinn og fyrir vikið komu hraðaupphlaupin sem eru svo mikilvæg en þar var Guðjón Valur í essinu sínu.

Einnig hafði það sitt að segja fyrir hraðaupphlaupin að Ólafur Stefánsson var kominn aftur í liðið en endurkoma hans gerði svo sannarlega gæfumuninn. Ólafur átti frábæran leik á allan hátt og ef hann getur spilað áfram af álíka getu eru liðinu allir vegir færir. Framlag þrímenninganna Ólafs, Guðjóns Vals og Snorra Steins vó síðan þungt í fyrri hálfleik en þeir skoruðu þá 15 af 17 mörkum liðsins.

Annars er ósanngjarnt að taka einhverja sérstaka út því nánast allir áttu frábæran leik. Það var unun að fylgjast með varnarleik liðsins og strákarnir sýndu einnig svakalega yfirvegun í sóknarleiknum og létu Rússana aldrei koma sér úr jafnvægi. Þetta lið hefur þroskast gríðarlega mikið á skömmum tíma og er klárlega til alls líklegt á þessu móti.



EM Í HANDBOLTA
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá St. Gallen í Sviss.*
henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *EM í handbolta:*

***Milliriðill 1***

| | |
|---|---|
| ÚKRAÍNA-ÞÝSKALAND | 22-36 |

Sergei Shelmenko 5 - Florian Kehrmann 9.

| | |
|---|---|
| SLÓVENÍA-FRAKKLAND | 30-34 |

Miladin Kozlina 8, Siarhei Rutenka 6 - Luc Abalo 8, Joel Abati 5, Bertrand Gille 5, Nikola Karabatic 5.

| | |
|---|---|
| PÓLLAND-SPÁNN | 25-34 |

Karol Bielecki 5 - Albert Rocas 11, Alberto Entrerrios 7.

***Staðan í riðlinum***

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SPÁNN | 3 | 2 | 1 | 0 | 94-82 | 5 |
| **FRAKKLAND** | **3** | **2** | **0** | **1** | **87-84** | **4** |
| SLÓVENÍA | 3 | 2 | 0 | 1 | 96-94 | 4 |
| **ÞÝSKALAND** | **3** | **1** | **1** | **1** | **92-80** | **3** |
| PÓLLAND | 3 | 1 | 0 | 2 | 87-91 | 2 |
| **ÚKRAÍNA** | **3** | **0** | **0** | **3** | **77-102** | **0** |

***Milliriðill 2***

| | |
|---|---|
| ÍSLAND-RÚSSLAND | 34-32 |

**Mörk Íslands** (skot innan sviga): Guðjón Valur Sigurðsson 11 (16), Ólafur Stefánsson 8 (14), Róbert Gunnarsson 4 (4), Alexander Petersson 4 (7), Snorri Steinn Guðjónsson 4/1 (9/1), Arnór Atlason 2 (5), Vignir Svavarsson 1 (1).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 11, Roland Valur Eradze 1. **Hraðaupphlaup**: 9 (Guðjón 5, Róbert 2, Snorri, Vignir). **Fiskuð víti:** 1 (Sigfús).

**Brottrekstrar**: 4 (8 mínútur).

**Markahæstir Rússa:** Eduaard Kokcharov 8/4, Vasily Filippov 7, Oleg Frolov 5, Alexey Rastvortsev 3.

| | |
|---|---|
| DANMÖRK-KRÓATÍA | 30-31 |

Sören Stryger 8, Joachim Boldsen 6 - Petar Metlicic 10, Blaxenko Lockovic 6, Mirza Dzomba 4.

| | |
|---|---|
| SERBÍA/SVARTF.-NOREGUR | 26-25 |

Ratko Nikolic 6 - Kjetil Strand 9, Kristian Kjelling 5.

***Staðan í riðlinum***

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍSLAND | 3 | 2 | 1 | 0 | 98-91 | 5 |
| **RÚSSLAND** | **3** | **2** | **0** | **1** | **86-84** | **4** |
| KRÓATÍA | 3 | 2 | 0 | 1 | 92-88 | 4 |
| **DANMÖRK** | **3** | **1** | **1** | **1** | **91-88** | **3** |
| SERBÍA | 3 | 1 | 0 | 2 | 86-94 | 2 |
| **NOREGUR** | **3** | **0** | **0** | **3** | **74-82** | **0** |

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| SUNDERLAND-MIDDLESBROUGH | 0-3 |

0-1 Emanuel Pogatetz (19.), 0-2 Stuart Parnaby (31.), 0-3 Jimmy Floyd Hasselbaink (71.).

| | |
|---|---|
| WIGAN-EVERTON | 1-1 |

0-1 David Thompson, sjálfsm. (9.), 1-1 Paul Scharner (45.).

| | |
|---|---|
| CHARLTON-WBA | 0-0 |

**Hermann Hreiðarsson** lék allan leikinn fyrir Charlton.

| | |
|---|---|
| FULHAM-TOTTENHAM | 1-0 |

1-0 Carlos Bocanegra (91.).

**Heiðar Helguson** lék allan leikinn fyrir Fulham

### *Enska 1.deildin:*

| | |
|---|---|
| BRIGHTON-BURNLEY | 0-0 |
| CARDIFF-MILLWALL | 1-1 |
| HULL-COVENTRY | 1-2 |
| IPSWICH-LEEDS | 1-1 |
| PLYMOUTH-SOUTHAMPTON | 2-1 |
| PRESTON-CRYSTAL PALACE | 2-0 |
| QPR-LEICESTER | 2-3 |
| READING-NORWICH | 4-0 |

# *Íslenska liðið átti sigurinn fyllilega skilinn*



**ÍÞRÓTTALJÓS**
ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA Á EM Í SVISS
**GEIR SVEINSSON**
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Að undanskildum fyrstu mínútum leiksins spilaði íslenska liðið þennan leik frábærlega og átti sigurinn fyllilega skilinn. Strákarnir spiluðu eins og þeir sem valdið hafa og voru einfaldlega betri á langflestum sviðum – sérstaklega í varnarleiknum. Vörnin var hreint út sagt stórkostleg en ef það var eitthvað neikvætt sem hægt er að tína úr leiknum þá var það markvarslan, en þó má ekki gleyma að Birkir Ívar varði þrjá gríðarlega mikilvæga bolta í síðari hálfleik úr dauðafærum.

Allir leikmenn lögðu sig 110% fram og voru greinilega mjög ákveðnir í að fara með sigur af hólmi. Með þessum varnarleik, þar sem leikmenn voru mjög hreyfanlegir og með miklar færslur, gerðum við Rússunum afar erfitt fyrir. Í kjölfarið komu hraðaupphlaupin og þá er íslenska liðið illviðráðanlegt. Ég held að með frammistöðunni í gær hefði íslenska liðið getað lagt hvaða andstæðinga sem er af velli.

Allir leikmenn stóðu sig mjög vel en ég held að það sé á engan hallað þótt minnst sé sérstaklega á þátt Ólafs Stefánssonar. Hann sýndi enn og aftur hversu mikilvægur hann er og það er óumdeilanlegt að hann er heili liðsins og leiðtogi. Það var allt annað að sjá til Guðjóns Vals og hann naut góðs af snilli Ólafs í hraðaupphlaupunum. Þríeykið öfluga, eins og ég vil kalla það (Ólafur, Snorri og Guðjón Valur), skoruðu 90% marka liðsins í fyrri hálfleik og hafði ég pínulitlar áhyggjur yfir því í hálfleik. En í síðari hálfleik skoruðu Alexander og Arnór góð mörk og við fengum meira frá línunni. Það skipti sköpum þegar þeir fóru að taka fastar á Ólafi. Almennt var sóknarnýtingin gríðarlega góð og það má í raun segja að leikurinn hafi nánast gengið fullkomlega upp.

Ég verð að viðurkenna að ég kveið nokkuð fyrir þessum leik áður en hann hófst. En handbolti er einfaldur leikur að því leyti að lið spila ekki betur en andstæðingurinn leyfir. Íslenska liðið var einfaldlega frábært í leiknum og bauð því rússneska ekki upp á að gera neitt meira en raun bar vitni. Þetta var mögnuð frammistaða og ef liðið heldur áfram á sömu braut eru því allir vegir færir. Til hamingju, strákar!

# Taktu fleiri bita!

- Háhraða ADSL!
- Ótakmarkað niðurhal!
- Á frábæru verði!



Þú færð BTnet í næstu verslun BT
eða í síma 588-1234!

www.btnet.is.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I like big fat men like you. When they fall they make more noise.“**

**Svar:** Tuco úr kvikmyndinni The Good, the Bad and the Ugly frá árinu 1966.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON HNAKKAVÆÐIST MEÐ GILZENEGGER.

# Apakettir með ritvélar

Sjónvarpsstöðin Sirkus hefur undanfarið verið að ná nýjum og áður óþekktum lægðum í íslenskri dagskrárgerð og þá er mikið sagt enda er íslenski sjónvarpsruslahaugurinn risavaxinn. Stöðin réttlætir framleiðslu sína í auglýsingum með þeim rökum að hún sendi út efni gert af ungu fólki fyrir ungt fólk. Ef þættir á borð við Partý 101, Splash TV og Sirkus Rvk höfða virkilega til íslenskrar æsku er íslensk menning eins og hún leggur sig í miklu meiri hættu en blessuð tungan sem er víst í dauðateygjunum þessa dagana. Andleg fátækt nýju Sirkusþáttanna er svo yfirgengileg að manni dettur ekki annað í hug en að hamsturinn sem keyrir áfram heilabú umsjónarfólksins, og þeirra sem standa að baki þáttunum, sé löngu sofnaður.



**EGILL GILZENEGGER** Yfirhnakkinn verður líklega bjartasta von sjónvarpsstöðvarinnar Sirkus.

Þrátt fyrir þessa fordóma gat ég horft á nýjustu Sirkusafurðina, Kallana með Agli Gilzenegger og Partý Hans, með opnum hug og það sem meira er að eftir einn þátt er ég tilbúinn til að gefa þeim séns. Það má segja að með Köllunum sannist hið fornkveðna að ef þú lætur hundrað apa hamra á ritvélar nógu lengi muntu finna nýjan Shakespeare. Það er nefnilega vitglóra í Köllunum og húmor drengjanna er ekki algalinn. Egill Gilzenegger hefur sýnt það með kjaftforum pistlaskrifum sínum á vefnum og í DV að hann er óvitlaus og Kallarnir munu standa og falla með honum og úthaldi hans. Hlutverk þessa Partý Hans í þáttunum er öllu óljósara og flest bendir til þess að hann muni enda í sömu tilvistarkreppu og svarta löggan í Miami Vice sem alla tíð mátti húka í skugganum af Don Johnson.

Myndataka og tæknivinna við þessa þætti er því miður sama fúskið og í öðru innlendu efni stöðvarinnar en sprettirnir sem Egill tók bættu það upp þannig að ef honum tekst að þétta prógrammið aðeins og halda sig innan ákveðinna marka ætti hann að vera í góðum málum. Hitt ruslið er dauðadæmt.



▶ 21.25 *Gaman*

EXTRAS



▶ 20.05 *Lífstíll*

VEGGFÓÐUR



▶ 21.00 *Gaman*

MY NAME IS EARL



▶ 20.10 *Raunveruleiki*

BLOW OUT II



▶ 20.10 *Fótbolti*

MEISTARADEILDIN – GULLLEIKUR

## SJÓNVARPIÐ

**14.45** EM í handbolta **16.30** EM-stofan **16.55** EM í handbolta

**18.35 Sígildar teiknimyndir (20:42)**
**18.45 Táknmálsfréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.35 Bráðavaktin (19:22)** (ER, Ser. XI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
▶ **21.25 Aukaleikarar (5:6)** (Extras) Bresk gamanþáttaröð eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda The Office. Hér er fylgst með aukaleikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Mozart í Salzburg** Heimildarmynd um mótunarár tónskáldsins í Salzburg. e.

**23.20** EM í handbolta **0.45** Kastljós **1.45** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Whose Line Is it Anyway? **13.30** Kevin Hill **14.15** Fear Factor **15.00** Norah Jones and the Handsome **16.00** Sabrina – Unglingsnornin **16.25** BeyBlade **16.50** Ginger segir frá **17.15** Pingu **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
▶ **20.05 Veggfóður (1:17)** Vala Matt er snúin aftur á Stöð 2. Lífsstíls- og hönnunarþátturinn Veggfóður verður framvegis á Stöð 2 á miðvikudagskvöldum og ekki nóg með það heldur hefur þátturinn fengið rækilega andlitslyftingu – er bæði breyttur og bættur.
**20.50 Oprah (30:145)** (O The Buzz: Reese Witherspoon, Ricky Martin og Nate's Big N)
**21.35 Missing (12:18)** Ný þáttaröð þessa spennumyndaflokks.
**22.20 Strong Medicine (16:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)(Prescriptions)

**23.05** Stelpurnar **23.35** Grey's Anatomy **0.20** Most Haunted **1.05** Numbers (Bönnuð börnum) **1.50** Cosi **3.25** Deadwood **4.25** Missing **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ford fyrirsætukeppnin 2005**
**19.30 The War at Home (3:22)**
**20.00 Friends 6 (17:24)**
**20.30 Partí 101**
▶ **21.00 My Name is Earl (4:24)** (Faked My Own Death) Fyrir mörgum árum fór Earl heim með stelpu úr partíi á Hrekkjavökunni. En þegar búningarnir voru horfnir var Earl ekki á því að þetta samband myndi ganga. Því tók hann til sinna ráða til að losna úr sambandinu.
**21.30 The War at Home (4:22)** (Guess Who's Coming To Barbecue)
**22.00 Invasion (4:22)** (Alpha Male)
**22.45 Reunion (3:13)** (1988)

**23.30** Friends 6 (17:24) (e) **23.55** Kallarnir (1:20) **0.25** Party 101

## SKJÁREINN

**17.15** Worst Case Scenario (e) **18.00** Cheers – 10. þáttaröð

**18.30 Innlit / útlit (e)**
**19.30 Fasteignasjónvarpið**
**19.40 Will & Grace (e)**
▶ **20.10 Blow Out II** Í annarri seríu af Blow Out er áfram fylgst með gangi mála á hárgreiðslustofu Jonathans Antin, en nú hefur hann ákveðið að færa út kvíarnar og stefnir á alþjóðamarkað með nýja línu af hárvörum. Venjulega tekur um tvö ár að setja nýjar hárvörur á markað, en Antin hefur ekki nema þrjá mánuði til verksins.
**21.00 Queer Eye for the Straight Guy**
**22.00 Law & Order: SVU** Ný þáttaröð sem segir frá lífi og glæpum í sérdeild í New York-lögreglunni.
**22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy – lokaþáttur (e) **0.50** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.15** 2005 World Pool Championship (e) **2.55** Fasteignasjónvarpið (e) **3.05** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Enska bikarkeppnin 3. umf.** (Enska bikarkeppnin 3. umf.) (Leicester – Tottenham) Endursýndur leikur Leicester og Tottenham sem fór fram í enska bikarnum, FA Cup í janúar.
▶ **20.10 Meistaradeildin – Gullleikur** (Juventus – Man. Utd. 21.4 1999) Knattspyrnuárið 1999 líður stuðningsmönnum Manchester United seint úr minni.
**22.00 World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Kraftajötnar reyna með sér í ýmsum þrautum. Íslendingar eiga skemmtilegar minningar frá þessari árlegu keppni en bæði Jón Páll heitinn Sigmarsson og Magnús Ver Magnússon hrósuðu sigri margoft.

**23.00** US PGA 2005 – This Is the PGA Tour **23.55** NFL-tilþrif

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Reunion **8.00** Duplex **10.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **12.00** The Terminal **14.05** Duplex **16.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **18.00** The Reunion **20.00 The Terminal** (Flugstöðin) **22.05 Cradle 2 the Grave** (Frá vöggu til grafar) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** All Over the Guy (Str. b. börnum) **2.00** I Got the Hook Up (Str. b. börnum) **4.00** Cradle 2 the Grave (Str. b. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Divas Gone Bad **14.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **15.00** Live from the Red Carpet **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** Live from the Red Carpet **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Style Star **1.00** Party @ the Palms **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** Live from the Red Carpet

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Fulham – Tottenham frá 31.01 **15.55** Charlton – W.B.A. frá 31.01 **17.50** Wigan – Everton frá 31.01

**19.50 Liverpool – Birmingham (b)** Leikir á hliðarrásum EB 2 Arsenal – West Ham (b)EB 3 Blackburn – Man. Utd. (b)EB 4 Aston Villa – Chelsea (b)EB 5 Man. City – Newcastle (b)
**22.00 Blackburn – Man. Utd.** Leikur frá því fyrr í kvöld.

**0.00** Aston Villa – Chelsea **2.00** Dagskrárlok


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!




HÖNNUN OG LÍFSTÍLL Á STÖÐ 2

Breytt og bætt Veggfóður í kvöld kl. 20:05

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Veggfóður** Stöð 2, **kl. 20.05**

### *Vala Matt komin aftur á Stöð 2*

Vala Matt er snúin aftur á Stöð 2, þar sem hún hóf feril sinn í íslensku sjónvarpi. Lífsstíls- og hönnunarþátturinn Veggfóður verður framvegis á Stöð 2 á miðvikudagskvöldum og ekki nóg með það heldur hefur þátturinn fengið rækilega andlitslyftingu – er bæði breyttur og bættur. Umsjónarmenn eru þau Valgerður Matthíasdóttir og Hálfdán Steinþórsson sem enn fyrr.



***Vala Matt og Hálfdán taka sig vel út á skjánum.***

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17..59** Á kassanum. Illugi Jökulsson

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **21.00** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Níelsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Níelsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskylduútvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **20.45**
*Fréttir*

DÆMALAUS VERÖLD – MEÐ ÓLA TYNES

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/Lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
▶ **20.45** **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur að þefa upp kynlegustu heimsfréttirnar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Frontline** (The Torture Question) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**0.05** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **1.05** Fréttavaktin fyrir hádegi **4.05** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Football: Eurogoals **13.30** Football: Football World Cup Season Legends **14.30** Football: African Cup of Nations Egypt **15.30** Football: African Cup of Nations Egypt **16.45** Football: Football World Cup Season News **17.00** Football: Football World Cup Season Legends **18.00** Football: Football World Cup Season Journeys **18.15** Trial: World Championship Spain **19.15** Snooker: the Masters London **19.45** Olympic Games: Olympic Torch Relay **20.00** Sailing: Inside Alinghi **20.05** All Sports: Wednesday Selection **20.15** Golf: U.S. P.G.A. Tour Buick Invitational **21.15** Golf: the European Tour Qatar Masters **21.45** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **22.00** Fight Sport: Fight Club **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** Stitch Up **16.00** Changing Rooms **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Ground Force **19.30** Home From Home **20.00** The Inspector Lynley Mysteries **21.30** The Kumars at Number 42 **22.00** Kathleen Ferrier: an Ordinary Diva **22.55** Pride and Prejudice **0.00** David Hockney: Secret Knowledge **1.15** Personal Passions **1.30** In the Shadow of the Vesuvius **2.00** Welfare, Power and Diversity

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds From Disaster **13.00** Nature's War Zone **14.00** Megastructures **15.00** Mosquito Hell **16.00** Pests from Hell **17.00** Seconds From Disaster **18.00** Tsunami – The Day the Wave Struck **19.00** Pests from Hell **20.00** Megastructures **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Hunter Hunted **23.00** Seconds From Disaster **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Hunter Hunted

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Aussie Animal Rescue **18.30** Monkey Business **19.00** Supernatural **19.30** Animals A-Z **20.00** Life of Mammals **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Supernatural **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Life of Mammals **2.00** Aussie Animal Rescue

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **20.30** MTV at the Movies **21.00** VH1 All Access **21.30** VH1 All Access **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of **0.00** VH1 Hits





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sorento** er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

**HM pakki**

**Öllum Sorento fylgir aukahlutapakki að upphæð 200.000 kr.** Vetrardekk á 16" álfelgum og sumardekkin á álfelgum klár í skottinu. Gildir meðan birgðir endast.

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.*
*3 ára ábyrgð.*

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.




KIA MOTORS

KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



## HRÓSIÐ

*...fær Oddný Sturludóttir fyrir að fara allra sinna ferða á reiðhjóli.*

**ÞRÍR SPURÐIR: EM Í HANDBOLTA ER Í HÁVEGUM ÞESSA DAGANA**

# *Öskrar þú á sjónvarpið þegar landsliðið er að keppa?*



**Eyjólfur Kristjánsson söngvari**

Nei, ég geri það nú reyndar ekki í handboltanum. Ég lifi mig inn í leikinn og á það til að tala við sjónvarpið.



**Silvía Nótt sjónvarpsdrottning**

Ég er búin að vera svo upptekin við að æfa fyrir Eurovision en hugur minn er hjá þeim og ég horfi á þá með öðru auganu. „Strákarnir" senda mér alltaf myndir af sér úr leikjunum og sá sem er markahæstur fær að ganga í nærbuxum af mér.



**Þorkell Máni, útvarpsmaður og knattspyrnuþjálfari**

Já, það á til að gerast en ég hef reynt að minnka það aðeins. Stundum tala ég við sjónvarpið og bölsótast út í dómarana en held að þetta sé ekkert vandamál... eða vona það að minnsta kosti.



**LÁRÉTT**
**2** teikning af ferli **6** í röð **8** rá **9** sníkjudýr **11** berist til **12** sljóvga **14** málmblanda **16** skóli **17** nár **18** fugl **20** samtök **21** tangi.
**LÓÐRÉTT**
**1** samtals **3** í röð **4** land **5** fum **7** beisli **10** haf **13** kjökur **15** hrumur **16** með öðrum orðum **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** graf, **6** lm, **8** slá, **9** lús, **11** bt, **12** slæva, **14** brons, **16** ma, **17** lík, **18** önd, **20** aa, **21** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1** alls, **3** rs, **4** albanía, **5** fát, **7** múlband, **10** sær, **13** vol, **15** skar, **16** möo, **19** dd.

LeikHöllin
Leikur og List
Tónlistarnámskeið
6 mánaða - 6 ára
S:517-7900
www.leikhollin.is

allt tilboð
Alla föstudaga



**RÚNAR OG JÓN SIGURBJÖRNSSON** Síðasti bærinn gerist í afskekktum dal þar sem síðasti ábúandinn stendur frammi fyrir því að þurfa að bregða búi.

**SÍÐASTI BÆRINN:** TILNEFNDUR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

# Rúnar á rauða dregilinn

„Ég brosi út að eyrum," segir Rúnar Rúnarsson kvikmyndagerðarmaður en stuttmynd hans Síðasti bærinn er tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki leikinna stuttmynda. Aðeins einu sinni áður hefur íslensk mynd verið tilnefnd til Óskarsverðlauna, Börn náttúrunnar eftir Friðrik Þór Friðriksson árið 1992. „Myndin var komin í undanúrslit svo ég þorði að vona að hún yrði tilnefnd. Ég býst fastlega við því að vera viðstaddur hátíðina fimmta mars og nú er bara að vona að hún fari alla leið."

Kvikmyndafélagið ZikZak framleiðir hina fimmtán mínútna löngu stuttmynd Rúnars, sem gerist í afskekktum dal þar sem allir íbúar hafa brugðið búi, fyrir utan einn sem þráast enn við. Jón Sigurbjörnsson leikur síðasta ábúandann, en með önnur hlutverk fara Kristjana Vagnsdóttir, Sigurður Skúlason, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Arnheiður Steinþórsdóttir. Síðasti bærinn vann til Edduverðlauna árið 2004, en hefur auk þess unnið til fjölda verðlauna á alþjóðlegum vettvangi, þar á meðal á kvikmyndahátíð á Spáni sem gerði hana gjaldgenga fyrir Óskarsverðlaunin. „Bæði ZikZak og Kvikmyndamiðstöð Íslands hafa unnið að því að kynna myndina víða um heim fyrir mig og það er að skila sér núna."

Rúnar er 29 ára gamall og á fyrsta ári í Kvikmyndaskóla Danmerkur, en þrátt fyrir ungan aldur hefur hann verið viðloðandi kvikmyndagerð í rúman áratug. „Ég byrjaði að fikta við þetta þegar ég var 17 ára gamall, með Grími Hákonarsyni vini mínum, sem hefur verið að gera það gott upp á síðkastið. Við gerðum nokkrar myndir saman og hjálpumst ennþá að við verkefnin, lesum yfir hvor fyrir annan og komum með ábendingar."

Rúnar kveðst vera með mörg járn í eldinum og fékk meðal annars handritastyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands fyrir skemmstu. „Ég er líka að vinna að tveimur handritum að myndum í fullri lengd og langar að mynda styttra efni í sumar. Ég leyfi mér að ímynda mér að þetta eigi eftir að opna nokkrar dyr fyrir mig."

bergsteinn@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á fengir drykkir kosta sitt á barnum á skemmtistaðnum Nasa rétt eins og annars staðar. Þá kostar blandið líka sitt eins og gengur. Garðar Kjartansson og Ingibjörg Örlygsdóttir stofnuðu Nasa á sínum tíma en seldu Þorsteini Stephensen staðinn í haust og færðu sig í sveitina. Nú reka þau veitingastaðinn Þrastarlund, en staðurinn var tekinn í gegn nýlega með vel heppnuðum breytingum. Þeir sem hafa sótt staðinn heim hafa hins vegar rekið sig á að hjónin hafa líklega haft verðlistann af Nasa með sér út úr bænum og er til dæmis hálfur lítri af tónik seldur á 190 krónur.



Dofri Hermannsson gefur kost á sér í 4.-6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar vegna borgarstjórnarkosninganna í vor. Dofri hefur verið nokkuð áberandi undanfarið í umræðum um stóriðju- og virkjanamál annars vegar og hátækniiðnað hins vegar en hann hefur varað við því að Íslendingar séu að missa helsta vaxtarbrodd hins vestræna hagkerfis úr landi vegna ofuráherslu á stóriðju. Það er því óhætt að segja að framþjóðandinn sé umhverfisvænn en eitt helsta baráttumál hans er að þjóðin einbeiti sér frekar að því að virkja hausinn í framtíðinni og verndi náttúruna. Dofri útskrifaðist sem leikari frá Leiklistarskóla Íslands árið 1993 og er að ljúka meistaranámi í hagvísindum við Bifröst þar sem hann hefur lagt sérstaka áherslu á umhverfis- og auðlindahagfræði og nýsköpun og frumkvöðlafræði. Dofri hefur kosningabaráttu sína með hófi á efri hæð Sólons í kvöld klukkan 20 en stefnumál sín kynnir hann einnig á heimasíðu sinni, www.dofri.is.



- ÞÞ

SÚR HVALUR
HARÐFISKUR
OG HÁKARL
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.

# Grim leggur Degi lið

Dagur B. Eggertsson hefur farið óhefðbundnar leiðir í prófkjörsbaráttu sinni en Jón Sæmundur Auðarson, Hallgrímur Helgason og Sunna Dögg Ásgeirsdóttir hönnuðu boli fyrir dygga stuðningsmenn Dags. Hallgrímur sagðist í samtali við Fréttablaðið lána framþjóðandanum persónu sína Grim en vísaði að öðru leyti á Dag sjálfan hvað verkefnið varðaði.

Dagur staðfesti þetta og sagði að bolirnir væru rétt ókomnir úr framleiðslu. „Þeir verða í tveimur útgáfum og seldir í takmörkuðu upplagi," segir hann. Dagur var mjög ánægður með útkomuna og sagði hana framar öllum væntingum. Aðspurður hver kostnaðurinn væri við þessa framkvæmd sagði hann að sölu á bolunum væri ætlað að koma út á sléttu. „Þetta er hluti af Nýju Reykjavík þar sem hönnun og sköpun er einn af hornsteinum hennar," segir Dagur og þess vegna hafi hann fengið þessa framlínusveit hönnuða til liðs við sig.

Margir hafa gert að því skóna að Árbæjarkosningabandalag sé að myndast í prófkjöri Samfylkingarinnar enda eru hann og Oddný Sturludóttir, sem býður sig fram til fjórða sætisins og er kona Hallgríms, bæði tvö góðir og gegnir Árbæingar sem slitu barnskónum sínum þar. „Ég get auðvitað ekki neitað því að rætur mínar liggja þar og ég er mjög stoltur af þeim," segir Dagur en gefur annars lítið fyrir þessar vangaveltur.



**DAGUR B. EGGERTSSON** Er með systur sína sem kosningastjóra og hefur nú fengið einvalalið hönnuða til að hanna bol fyrir kosningabaráttu sína. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

- fgg

# Kynningarafsláttur Húsgagnahöllinni







Í dag er veittur kynningarafsláttur við Húsgagnahöllina. Veittur er 2 kr. afsláttur af hverjum lítra. Þeir sem hafa Dælulykil fá svo 1 kr. í afslátt til viðbótar: samtals 3 krónur.

Nýttu þér kynningarafsláttinn og fylltu á tankinn hjá Atlantsolíu, Húsgagnahöllinni.

hausverk / SÍA / 6417

*Sæktu um lykil á*
**www.atlantsolia.is**

## - Ávallt ódýr -

## Ekkert PIN meiri hraði.

**ATLANTSOLIA**

**Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


STEINUNNAR STEFÁNSDÓTTUR


## *Það er vont en það venst*

Ég er oft spurð að því hvort ég sé ekki með viðstöðulausar áhyggjur af dóttur minni sem dvalist hefur í Austurlöndum nær síðustu mánuði. Ég er vön að svara því til að það venjist furðanlega að eiga fullorðin börn og eitt af því sem maður verði að læra að lifa með sé að þau taki sjálfstæðar ákvarðanir um það hvernig þau ráðstafa lífi sínu, hvert þau vilji fara og hvenær. Að lokinni þessari ræðu viðurkenni ég þó yfirleitt að vissulega hafi ég stundum haft áhyggjur, til dæmis í haust þegar nokkur hótel voru sprengd upp í Amman í Jórdaníu þar sem dóttir mín átti einmitt heima á þeim tíma. Og síðustu daga hef ég líka fundið fyrir beyg vegna þeirrar reiði sem nú ríkir meðal múslima í garð frænda okkar Dana.

**IÐULEGA** hef ég sagt við vini mína sem eiga ung börn að þó að það sé vissulega mikil vinna að standa í smábarnastússi þá hefjist áhyggjurnar fyrir alvöru þegar blessuð börnin vaxi úr grasi. Lífi ungra barna geti foreldrar að vissu leyti ráðstafað eða að minnsta kosti haft yfirsýn yfir meðan börn sem ráða sér sjálf geti farið út um hvippinn og hvappinn án þess að við foreldrar fáum rönd við reist. Og þá er ekki um annað að gera en að anda rólega, beita rökvísi og yfirvegun og minna sjálfan sig og aðra á að líkurnar á að fara sér að voða séu nánast jafnmiklar á heimavelli eins og úti í heimi.

**ÞEGAR** frumburðurinn tók bílpróf var ég algerlega sannfærð um að ég myndi aldrei aftur líta glaðan dag, svo magnaður var óttinn við að hún færi sér að voða í umferðinni. Sömuleiðis var ég nær vitstola af hræðslu um að sama dóttir yrði fyrir bíl, ef ekki henni yrði þá ekki beinlínis rænt, þegar hún hleypti heimdraganum. En svo má illu venjast að gott þyki, eða að minnsta kosti þolanlegt, og nú á ég þrjár akandi dætur sem ég áminni bara stundum, áður en þær setjast undir stýri, um að aka varlega. Þær fara líka í ferðalög bæði innan lands og utan án þess að sliga móður sína af áhyggjum.

**ÞAÐ** væri þó vissulega ekki annað en hræsni ef ég viðurkenndi ekki að ég verð mikið fegin þegar blessað barnið mitt kemur heim úr Austurlandadvölinni. Það venst líklega aldrei alveg að hafa ekki fulla yfirsýn yfir líf niðja sinna.


**vísir**

**NFS ER Á VISIR.IS**
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS



www.toyota.is

# risaSMÁR



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31176 01/2006

## 34:32 risaSMÁR sigur á Rússum

**Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.**
**En risaSMÁR er snilld.**

risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.

Tveggja marka sigur í handbolta telst vanalega afar naumur sigur og kallast aldrei stórsigur. Það er hins vegar varla hægt að hugsa sér meira afrek fyrir íslenskan handbolta en 34:32 gegn Rússum.

Sigur Íslendinga gegn Rússum er því risaSMÁR. Við óskum handboltalandsliðinu til hamingju og vonumst eftir fleiri risaSMÁUM sigrum.

**Nýr Yaris** er risaSMÁR. Yaris hefur eiginleika stórs bíls í litlum bíl, tilfinninguna fyrir stórum bíl í litlum bíl, rými stórs bíls í litlum bíl.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
**En** risaSMÁR er snilld.



**Verð frá 1.359.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota | Toyota Akureyri | Toyotasalurinn | Toyotasalurinn |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |